# FRÉTTABLAÐIÐ

135. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 13. JÚNÍ 2019


# Myrkrið víkur fyrir ljósinu



Árstíðaskipti hafa áhrif á andann. Lífsreynsla, viðhorf og persónulegar hæðir og lægðir hafa áhrif á hvernig við upplifum veðrið. →12

## Sjúkdómsvalda einnig að finna í íslensku kjöti

**HEILBRIGÐISMÁL** Ítarleg skimun MAST leiðir í ljós að STEC e.coli finnst í nokkru magni í íslensku lamba- og nautakjöti.

Tekin voru 148 sýni af lambakjöti og fundust gen af e.coli í þriðjungi sýnanna, þar af fannst lifandi baktería sem bar eiturefni í 16 prósentum sýnanna. Gen fundust í ellefu prósentum tilvika í nautgripakjöti. Um er að ræða bakteríur sem geta valdið sýkingum.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir niðurstöðurnar sláandi og sýna að umræðan um kjöt hafi verið á villigötum.

„Þetta sýnir bara það að þetta er ekki eins og umræðan hefur verið um íslenska framleiðslu samanborið við þá erlendu. Sjúkdómsvaldandi bakteríur og sýklalyfjaónæmar bakteríur finnast líka í íslensku kjöti. Við erum ekki bara að tala um erlend matvæli,“ segir Þórólfur. **– ab / sjá síðu 4**

## Ný göngudeild við Landspítala

**HEILBRIGÐISMÁL** Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur óskað eftir því að undirbúin verði hönnun á nýju húsi við Landspítala með dag- og göngudeild.

Hið nýja hús verði um 20.000 fermetrar. Það bætist við þá uppbyggingu sem nú er hafin við nýjan Landspítala. Þetta tilkynnti heilbrigðisráðherra á fundi í gær.

Breytingar í heilbrigðisþjónustu Vesturlanda og breytt aldursmynstur þjóða eykur þörf á dag- og göngudeildum töluvert.

„Þjónustu gagnvart þessum hópum er hægt að veita á göngudeildum þar sem unnt er að sameina krafta starfsfólks úr ýmsum sérgreinum á einum stað. Göngudeildarhúsið verður því enn eitt framfaraskrefið í uppbyggingunni við Hringbraut,“ sagði Svandís í ræðu sinni. **– sa / sjá síðu 6**



Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra.

## Matthías fékk Grímuverðlaun

**LEIKLIST** Matthías Tryggvi Haraldsson, liðsmaður Hatara, fékk í gærkvöldi Grímuverðlaun sem sproti ársins. Leiklistarheimurinn kom saman í Þjóðleikhúsinu og fagnaði árangri liðins árs.

Leikararnir Stefán Hallur Stefánsson og Vala Kristín Eiríksdóttir fengu Grímuna fyrir leik í aukahlutverki og Ronja ræningjadóttir var barnasýning ársins.

Grímuhátíðin stóð enn er Fréttablaðið fór í prentun en hægt er að lesa allt um verðlaunahafana á frettabladid.is. **– gar / sjá síðu 2**



## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Bryndís Haraldsdóttir skrifar um plastið sem umhverfisvá. 20

**SPORT** Stálheppnir að sleppa með stig í óvæntu jafntefli gegn Grikklandi í gær. 28

**MENNING** Arnfríður Jónatansdóttir gat ekki bæði verið verkakona og skáld. 36

**LÍFIÐ** Íslenskar sviðslistakonur könnuðu hlutskipti kvenna í Harlequin bókmenntum þar sem óumflýjanlegt er að falla fyrir karlmanni. 46




**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Norðlæg átt 5-13 í dag. Lítils háttar rigning norðan- og austanlands, en bjart með köflum og þurrt sunnan heiða. Hiti 7 til 14 stig norðaustantil, en annars 15 til 24 stig, hlýjast á Suðurlandi. SJÁ SÍÐU 32

## Grímur í Þjóðleikhúsinu



Uppskeruhátíð leiklistarfólks var í Þjóðleikhúsinu í gærkvöldi. Einn verðlaunahafa var Matthías Tryggvi Haraldsson, listamaður úr hljómsveitinni Hatara, sem fékk Grímuverðlaun sem sproti ársins. Meðal annarra sem hlutu Grímuverðlaun voru óperusöngkonan Herdís Anna Jónasdóttir, sem valin var söngvari ársins í La Traviata og Daníel Bjarnason, sem er á meðfylgjandi mynd fyrir tónlist í verkinu Brothers. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fimm ára lést úr ebólu

**ÚGANDA** Fimm ára drengur lést af völdum ebóluveirunnar í Úganda og er það fyrsta skráða dauðsfall af völdum veirunnar í landinu. Sjö önnur tilfelli hafa verið staðfest og leikur grunur á að á fimmta tug manna hafi smitast. Tvö þeirra smituðu eru amma drengsins og yngri bróðir hans. BBC greinir frá.

Drengurinn hafði farið ásamt fjölskyldu sinni yfir landamærin til Kongó en þar hefur geisað ebólufaraldur frá því í ágúst í fyrra. Tala þeirra sem látist hafa af völdum veirunnar í Kongó er að nálgast 1.400 og er faraldurinn talinn sá alvarlegasti sem gengið hefur yfir landið frá því á árunum 2013-2016. – bdj




Vinningshafinn Sigríður Björk Gunnarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/INGVI

## Vann 40 þúsund krónur í Facebook-leik blaðsins

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið efndi til keppni á Facebook-síðu sinni þar sem í boði var 40 þúsund króna úttekt í Smáralind þegar fylgjendur næðu 40 þúsundum á Facebook.

Markmiðið náðist um síðustu helgi og var þá valinn einn fylgjandi Facebook-síðunnar af handahófi. Sigríður Björk Gunnarsdóttir er sú heppna og kom hún við á skrifstofu blaðsins til að taka við vinningnum. Aðspurð segist Sigríður nú loks munu kaupa sér eitthvað sumarlegt.




# Kleifafjölskyldan lagði Blönduós í Hæstarétti

**Áslaug Thorlacius og fjölskylda hafa lengi barist við Blönduósbæ um jörðina Kleifar. Bærinn vildi taka jörðina eignarnámi þrátt fyrir samning um erfðafestu. Bæjaryfirvöld íhuga nú næstu skref í málinu til að ná jörðinni til sín.**

**DÓMSTÓLAR** Áslaug Thorlacius myndlistarmaður og fjölskylda hennar lögðu Blönduósbæ í Hæstarétti í gær er dómi bæði héraðsdóms og Landsréttar var snúið.

Blönduósbær vildi rifta lóðarleigusamningi við fjölskylduna og taka jörð hennar, Kleifar, eignarnámi. Taldi Hæstiréttur málatilbúnað ekki réttan og vísaði málinu frá héraðsdómi.

Fjölskyldan og sveitarfélagið hafa í um áratug deilt um jörðina sem liggur að Blöndu sunnan sjúkrahússins á Blönduósi. Erfðafestuleigusamningur var gerður árið 1932 og byggingarbréf var samþykkt árið 1951. Byggingarbréfið er um 12 hektara jarðarinnar en jörðin í heild sinni er um 18 hektarar.

Samkvæmt Hæstarétti vildi Blönduósbær taka til sín öll mannvirki og alla 18 hektarana og byggði á því að ekki hefði verið farið eftir efndum byggingarbréfsins. Hæstiréttur segir það af og frá að bærinn geti tekið alla 18 hektarana vegna vanefnda í byggingarbréfi sem aðeins er um hluta jarðarinnar. Vegna þessa misræmis í málatilbúnaði Blönduósbæjar verður að vísa málinu frá og þarf bæjarfélagið að greiða fjölskyldunni þrjár milljónir króna í lögfræðikostnað á öllum dómstigum.

„Við erum afar ánægð með þessar málalyktir. Við erum enn að rýna dóminn en okkur sýnist við hafa unnið fullnaðarsigur í þessu máli,“ segir Áslaug. „Þetta hefur tekið tíma og orku og okkur þykir ánægjulegt að nú sé því lokið og við getum farið að hefja uppbygginguna.“

Áslaug Thorlacius og maður hennar, Finnur Arnar Arnarson, fengu menningarverðlaun DV vegna menningarlífs á Kleifum.



Kleifafjölskyldan vill nú hefja uppbyggingu sem hefur beðið.

> Þetta hefur tekið tíma og orku og okkur þykir ánægjulegt að nú sé því lokið.
>
> Áslaug Thorlacius



Valdimar Hermannsson, bæjarstjóri Blönduósbæjar, segir engar ákvarðanir liggja fyrir um hver næstu skref bæjarins séu í málinu. Nú verði dómurinn skoðaður og næstu skref ákveðin í rólegheitum.

„Það er enginn ágreiningur um að bærinn á landið en rétturinn til nýtingar landsins gengur í erfðir samkvæmt samningi þar um,“ segir Valdimar. „Við höfum verið að taka til okkar bletti hér og þar í kringum bæinn og við munum bara skoða þetta mál rólega og af yfirvegun.“

sveinn@frettabladid.is

HÚSASMIÐJAN
blómaval

Nýtt blað komið út
Sjá husa.is




# HITABYLGJA

## Í HÚSASMIÐJUNNI & BLÓMAVALI




# 20-30% afsláttur

Sumarblóm -20-30% • Pallaolía -20% • Black+Decker garðverkfæri -20%
Tré og runnar -20% • Texas sláttuvélar -25% • Reiðhjól -20%
Fiskars garðverkfæri -20% • Nilfisk háþrýstidælur -20-30%
LADY innimálning -25% • Claber slöngur og garðvörur -25-30%
Avasco hillurekkar -20% • ALKO sláttuvélar -20% • Jumbo tröppur og stigar -20%
TAX FREE af öllu pallaefni ... auk hundruð annarra sumartilboða

Birt með fyrirvara um innsláttar- og prentvillur. Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum.

# Sveitarstjórinn lá í sólbaði á heitasta degi sumarsins á Klaustri

**VEÐUR** „Fólk er bara úti á stuttbuxunum og í sólbaði,“ segir Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps.

Veðurblíðan lék við íbúa Klausturs í gær og lá Sandra sveitarstjóri í sólbaði þegar Fréttablaðið náði tali af henni.

Hiti fór í 22,6 gráður á Kirkjubæjarklaustri á hádegi í gær og varð dagurinn þá heitasti dagur sumarsins á Klaustri.



**Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Skaftárhrepps.**

„Það hefur verið mjög gott veður hérna en þetta er langhlýjasti dagurinn, það hefur ekkert komist nálægt þessu,“ segir Sandra.

Ekki hefur rignt á svæðinu svo dögum skiptir og eru bændur á svæðinu farnir að hræðast þurrka.

„Bændur væru örugglega alveg til í tvo til þrjá rigningardaga til að fá smá kipp í túnin, það er svolítið langt síðan það rigndi hérna síðast. En þeir eru alveg byrjaðir að slá,“ segir Sandra.

Góð stemning var á Klaustri í gær. Stefan Sebesta, starfsmaður í Skaftárskála, segir að mikið hafi verið að gera í versluninni.

„Miðað við seinustu daga er búið að vera mjög mikið að gera í dag. Við erum búin að selja býsnin öll af ís í þessu góða veðri,“ segir Stefan.

Spáð er áframhaldandi blíðviðri í Skaftárhreppi næstu daga. Um og eftir helgina mun að öllum líkindum slá á áhyggjur bænda því spáð er nokkurri vætu. **- bdj**



**Að leik við Stjórnarfoss í gær.** MYND/ÞURÍÐUR BENEDIKTSDÓTTIR

## Ógagnsemi fangelsunar rædd í Svíþjóð

**SAMFÉLAG** Alþjóðaráð Sameinuðu þjóðanna um vímuefnastefnu sendir frá sér sína þriðju ályktun í dag.

Í tilkynningu segir að ályktunin varði bæði óréttlæti og ógagnsemi þess að fangelsa fólk fyrir fíkniefnabrot enda taki slík viðbrögð hvorki mið af félagslegri og sálrænni rót vímuefnavandans né veikri stöðu hinna lægst settu verkamanna fíkniefnaviðskipta.

**Píratar byggðu sína stefnu um brotthvarf frá refsistefnunni.**

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata



Ályktun ráðsins verður kynnt á fundi þess í Stokkhólmi í dag, þar sem Þórhildur Sunna Ævarsdóttir alþingismaður verður meðal ræðumanna.

„Píratar byggðu sína stefnu um brotthvarf frá refsistefnunni ekki síst á fyrstu ályktun alþjóðaráðsins frá 2011 og það er alveg sérstakur heiður fyrir okkur að fá boð á fund ráðsins til að segja frá stefnunni okkar og því brautargengi sem hún hefur fengið á Íslandi,“ segir Þórhildur Sunna. **– oæg**


FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.


# Steikin má vera rauð að innan

Ítarleg skimun MAST leiðir í ljós að STEC E.coli finnist í nokkru magni í íslensku lamba- og nautakjöti. Sóttvarnalæknir segir þetta sláandi og sýna að umræðan um kjöt hérlendis hafi verið á villigötum.





**Gen af E.coli fannst í þriðjungi sýna af lambakjöti. Lifandi baktería var í 16 prósentum sýna.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HEILBRIGÐISMÁL** Gen af E.coli bakteríunni fannst í þriðjungi sýna sem tekin voru af íslensku lambakjöti í fyrra. Í sextán prósentum tilvika fannst lifandi baktería sem bar eiturefni. Þetta kemur fram í niðurstöðum ítarlegrar skimunar Matvælastofnunar og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins í samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Sýnin voru tekin frá mars til desembermánaðar í fyrra. Skimun af þessu tagi hefur ekki verið gerð áður en markmiðið var að kanna stöðuna á algengustu sjúkdómsvaldandi örverum í kjöti á markaði.

Tekin voru um 600 sýni af kjöti af sauðfé, nautgripum, svínum og kjúklingum, af innlendum eða erlendum uppruna. Skimað var fyrir salmonellu, kampýlóbakter ásamt shigatoxinmyndandi E.coli, en um er að ræða afbrigði E.coli sem getur myndað eiturefnið shigatoxín.

Tekin voru 148 sýni af lambakjöti, fundust gen af STEC-afbrigði, shigatoxinmyndandi E. coli, í þriðjungi sýnanna. Þar af fannst lifandi baktería sem bar eiturefni í 16 prósentum sýnanna. Gen fundust í 17 sýnum af 148 í nautgripakjöti, þar af voru átta með lifandi bakteríum sem báru eiturefnið.

Dóra S. Gunnarsdóttir, forstöðumaður neytendaverndar hjá MAST, segir þetta tiltölulega háa tíðni, einkum í lamba- og kindakjöti. Ástæða sé til að vakta stöðuna. „Við höldum áfram í ár að fá upplýsingar um stöðuna, við metum það svo í lok árs hvort við höldum áfram eða hvort við ættum að bíða í einhvern tíma og sjá hvort það verði einhver breyting,“ segir Dóra. „Við vitum ekkert hvernig þetta hefur verið. Það getur verið að þetta hafi verið svona lengi.“

Góðu fréttirnar eru að salmonella og kampýlóbakter greindust ekki í þeim sýnum af kjúklingakjöti sem tekin voru á markaði 2018. Salmonella greindist í einu sýni af svínakjöti sem var af erlendum uppruna. Telur MAST það benda til þess að forvarnir og eftirlit skili árangri í eldi og við slátrun alifugla og svína.

**Þetta sýnir bara það að þetta er ekki eins og umræðan hefur verið um íslenska framleiðslu samanborið við þá erlendu. Sjúkdómsvaldandi bakteríur og sýklalyfjaónæmar bakteríur finnast líka í íslensku kjöti. Við erum ekki bara að tala um útlensk matvæli.**

Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir



Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir niðurstöðurnar sláandi og sýna að umræðan hafi verið á villigötum. „Þetta sýnir bara það að þetta er ekki eins og umræðan hefur verið um íslenska framleiðslu samanborið við þá erlendu. Sjúkdómsvaldandi bakteríur og sýklalyfjaónæmar bakteríur finnast líka í íslensku kjöti. Við erum ekki bara að tala um útlensk matvæli,“ segir Þórólfur.

Shigatoxínmyndandi E.coli-bakteríur geta valdið sjúkdómum, segir Þórólfur, en að það séu þó mjög sjaldgæfir sjúkdómar með fáum tilfellum á ári. „Þessar bakteríur geta valdið sýkingum og það er sláandi að svona mikið af þessum bakteríum skuli finnast í íslensku lambakjöti og jafnvel nautakjöti. Þrjátíu prósent af lambakjöti og ellefu prósent af nautakjöti, þetta er mikill fjöldi.“

Fram kemur í skýrslu MAST að bakteríurnar dreifast um allt kjötið þegar það er hakkað. Því sé mikilvægt að forðast krossmit við matreiðslu og gegnumsteikja hamborgara og annað hakkað kjöt. Þórólfur segir að þetta þýði ekki að fólk eigi að forðast blóðugar steikur. „Þessar bakteríur eru yfirleitt á yfirborðinu, bæði á nauta- og lambakjöti. Það er ekki gott að borða kjötið hrátt en það ætti að vera í lagi að elda steikina medium rare.“ **arib@frettabladid.is**






ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18
LOKAÐ LAUGARDAGA FRÁ 8. JÚNÍ TIL OG MEÐ 3. ÁGÚST

Jeep® THERE'S ONLY ONE


KRÓNAN
Ódýrt og gott á grillið!
Ódýrt
Bara pylsur, 10 stk.
399 kr. pk.
FP steiktur laukur, 200 g
106 kr. pk.
Ódýrt
Norðlenska hamborgarar, 2x120g
498 kr. pk.
Grísakótilettur, kryddaðar
1299 kr. kg
Ódýrt
Grænn aspas, 450 g
949 kr. pk.
Hamborgarar 4 stk með brauði
998 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Meirihluti fasteigna fór á undirverði í aprílmánuði

**HÚSNÆÐISMÁL** Um 84 prósent allra íbúðaviðskipta á höfuðborgarsvæðinu í apríl voru undir ásettu verði en um 10 prósent seldust á hærra verði en á þær var sett.

Þetta kemur fram í mánaðarskýrslu Íbúðalánasjóðs. Er þetta nokkur breyting frá því fyrir ári þegar 69 prósent seldust undir ásettu verði og 17 prósent á yfirverði.

Áfram virðist mikil eftirspurn eftir minni íbúðum. Það sem af er ári hafa 24 prósent viðskipta með eins eða tveggja herbergja íbúðir á höfuðborgarsvæðinu verið yfir ásettu verði, samanborið við aðeins sjö prósent viðskipta með íbúðir sem eru fimm herbergja eða stærri. Þess má geta að minni íbúðir hafa ríflega tvöfaldast í verði á undanförnum áratug á meðan verð stærri eigna hefur hækkað um rúm 70 prósent.

Viðskipti með íbúðir á Vestfjörðum hafa tekið vel við sér að undanförnu eftir að hafa verið í dálítilli lægð og var árleg velta fasteigna hærri þar en á sambærilegum svæðum. Talsverð hækkun hefur einnig orðið á söluverði eigna á Vestfjörðum. **– dfb**



Miklar framkvæmdir vinda upp á sig á Landspítalalóð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tuttugu þúsund fermetra deild bætt við spítalann

**HEILBRIGÐISMÁL** Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur óskað eftir því að undirbúin verði hönnun á nýju húsi við Landspítala sem innihaldi dag- og göngudeild. Hið nýja hús verði um 20.000 fermetrar að stærð. Bætist þetta hús við þá uppbyggingu sem nú er í bígerð við nýjan Landspítala.



Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.

Þetta tilkynnti heilbrigðisráðherra á fundi með aðstandendum nýs Landspítala í gær. Sagði hún að heilbrigðisáætlun kveði á um að byggingarframkvæmdum Landspítalans við Hringbraut verði lokið með góðri aðstöðu á dag- og göngudeildum. „Þessu tengt þá hef ég ákveðið að láta kanna möguleika þess að undirbúa áætlanir um hönnun á dag-, göngu- og legudeildarhúsi við Hringbraut. Um er að ræða í allt að fimm hæða byggingu, um 20 þúsund fermetra, austan megin við nýjan bílakjallara sem mun tengja saman meðferðarkjarnann og göngudeildarhúsið,“ sagði Svandís í ræðu sinni.

Breytingar í heilbrigðisþjónustu Vesturlanda og breytt aldursmynstur þjóða eykur þörf á dag- og göngudeildum töluvert. Fólk verður sífellt eldra og þarf íslenskt heilbrigðiskerfi, líkt og önnur sem við berum okkur saman við, að þróast áfram til að takast á við þau verkefni sem hækkandi aldur hefur í för með sér.

„Þjónustu gagnvart þessum hópum er hægt að veita á göngudeildum þar sem unnt er að sameina krafta starfsfólks úr ýmsum sérgreinum á einum stað. Göngudeildarhúsið verður því enn eitt framfaraskerfið í uppbyggingunni við Hringbraut,“ sagði Svandís.

Nýr Landspítali ohf. hefur því fengið bréf frá ráðherra þar sem félaginu er falið að hefja þarfagreiningu og hönnun á húsinu. Gert er ráð fyrir því að samráð verði haft við Landspítala vegna hönnunar sem og aðra hagsmunaaðila.

Nýja sjúkrahótelið var afhent um miðjan apríl og hefur það hafið rekstur. Er það fyrsta stóra húsið sem rís á lóð Landspítalans vegna þeirrar uppbyggingar sem mun eiga sér stað á svæðinu næstu árin. **- sa**








Aðeins ein kona á sæti í Hæstarétti, Gréta Baldursdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Þriðjungur dómara á Íslandi er konur

**Af 65 dómurum eru 24 konur. Kynjahallinn mestur í Hæstarétti. Réttarkerfið í jafnvægi eftir holskeflu mála sem tengdust efnahagshruninu. Rannsóknarúrskurðum vegna sakamála fjölgar. Ársskýrsla dómstólasýslunnar var birt í gær.**

**DÓMSTÓLAR** Rúmur þriðjungur dómara við íslenska dómstóla er konur. Í dómarastétt er 41 karl og 24 konur. Þetta kemur fram í ársskýrslu dómstólasýslunnar fyrir 2018 sem birt var í gær.

Átta karlar og sjö konur eru í Landsrétti en hjá héraðsdómstólunum dæma 16 konur og 26 karlar. Mestur er kynjahallinn í Hæstarétti þar sem aðeins einn af átta dómurum er kona.

Konum hefur fjölgað smám saman í dómarastétt á undanförnum árum og ætla má að fjölgun útskrifaðra kvenna úr lagadeildum hafi áfram áhrif á þá þróun.

Dómarar við Hæstarétt mega fara á eftirlaun við 65 ára aldur en geta setið í embætti til sjötugs. Gréta Baldursdóttir er orðin 65 ára og Þorgeir Örlygsson er 67 ára. Hann er hins vegar forseti réttarins til ársloka 2021. Það liggur ekki fyrir hvort Markús Sigurbjörnsson og Viðar Már Matthíasson hyggjast gegna dómarastörfum áfram þegar þeir ná 65 ára aldri í haust. Vegna breytinga á hlutverki Hæstaréttar og fækkunar hæstaréttardómara niður í sjö verður ekki skipað í embætti þess dómara sem næst lætur af störfum.




Dómskerfið gekk í gegnum miklar breytingar á síðasta ári með tilkomu Landsréttar og nýrrar stofnunar um stjórnsýslu dómstólanna; dómstólasýslunnar. Þá breyttist hlutverk Hæstaréttar og er málum nú aðeins áfrýjað til Hæstaréttar að fengnu leyfi dómsins. Málskotsbeiðnir til Hæstaréttar voru 69 árið 2018. Af þeim voru 15 beiðnir samþykktar.

Hjá hinum nýja áfrýjunardómstól, Landsrétti, voru kveðnir upp 258 dómar í fyrra. Dómar í sakamálum voru 98. Í tæplega helmingi þeirra var niðurstaða héraðsdóms staðfest, breytt að einhverju leyti í 41 máli en breytt verulega eða snúið við í 16 málum.

Af málatölum héraðsdómstólanna er dregin sú ályktun í ársskýrslunni að réttarkerfið hafi náð jafnvægi eftir mikinn málafjölda hjá dómstólunum í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Rúmlega 33.000 mál voru skráð hjá héraðsdómstólum landsins árið 2009 en þeim hefur fækkað um meira en helming, en um 15.000 mál voru skráð hjá héraðsdómstólunum í fyrra sem er nálægt meðaltali síðustu fimm ára.

Uppkveðnir rannsóknarúrskurðir voru 906 á árinu, fleiri en nokkru sinni á síðustu tíu árum. Bæði gæsluvarðhaldsúrskurðum og heimildum til húsleitar fjölgaði á árinu samanborið við árin á undan.

**adalheidur@frettabladid.is**

# Opnuðu nafnlausa ísbúð meðan bæjaryfirvöld skoða Eden-nafnið

**STJÓRNSÝSLA** „Ísbúðin er opin en hún er ekki með nafn hins vegar,“ segir Íris Tinna Margrétardóttir, eigandi ísbúðarinnar í Sunnumörk í Hveragerði. Íris og eiginmaður hennar óskuðu í maí eftir því að fá að endurvekja nafnið Eden og nota á ísbúðina.

Málið vakti athygli er það var tekið fyrir í bæjarráði Hveragerðisbæjar 16. maí. Í umfjöllun ráðsins kom fram að bærinn hefði keypt nafnmerkið Eden í kjölfar brunans í Eden 2011. Vildi bæjarstjórnin að starfsemi í Hveragerði sem líktist Eden gæti nýtt nafnið. Nú tæpum átta árum eftir brunann bólar ekkert á slíku, komin er íbúabyggð á gamla Eden-reitinn en eigendur ísbúðarinnar vildu halda í hið merkingarþrungna nafn, dusta af því rykið og nýta sem Ísbúðin Eden.




Eden brann. Hvort ísbúð fær að heita Eden skýrist síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fram kom í erindi hjónanna þann 16. maí að til stæði opna búðina viku síðar. Bæjarráð frestaði hins vegar afgreiðslu málsins til næsta bæjarstjórnarfundar. Sá fundur hefur ekki enn farið fram. Málið er því enn í vinnslu og á meðan beðið er eftir stjórnsýslunni neyddust Íris Tinna og eiginmaður hennar til að opna nafnlausa ísbúð í millitíðinni, enn vongóð um að tekið verði í erindið á jákvæðan hátt. Þau vilja þó ekki tjá sig um málið fyrr en niðurstaða bæjarins liggur fyrir. **– smj**




# BIOTHERM SUMAR

## KYNNINGARDAGAR 13. – 19. JÚNÍ

**20%** AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BIOTHERM DÖMU- OG HERRAVÖRUM




Kaupaukinn þinn* þegar þú verslar
Biotherm vörur fyrir 7.500 krónur eða meira.
Þú getur valið um: sundtösku eða
snyrtibuddu með Lait Corporel
body lotion 100 ml




Biotherm fæst ekki í Hagkaup Borgarnesi og Reykjanesbæ

*gildir meðan birgðir endast

HAGKAUP *Meira svona alla daga*



**Lögreglumenn í táragasskýi.** NORDICPHOTOS/AFP

## Þúsundir enn við mótmæli í Hong Kong

**KÍNA** Íbúar í Hong Kong héldu áfram mótmælum sínum gegn frumvarpi sem myndi heimila framsal til meginlandsins. Það gerðu einnig íbúar í 29 öðrum borgum víða um heim, til að mynda í Tókýó og Lundúnum.

Þúsundir mótmælenda létu sjá sig á götum kínverska sjálfsstjórnarsvæðisins, er áður tilheyrði Bretum. Mótmælendur lokuðu götum í kringum skrifstofur ríkisstjórnarinnar og köstuðu grjóti í átt að óeirðalögreglu, að því er BBC greindi frá. Lögregla svaraði með táragasi og gúmmíkúlum.

Stephen Lo lögreglustjóri sagði í samtali við South China Morning Post að lögregla hefði sýnt stillingu og þolinmæði um morguninn og hefði ekki reynt að tvístra mótmælendum. Þegar um níu klukkustundir voru liðnar fór lögregla hins vegar að svara í sömu mynt, að því er kom fram í viðtalinu. „Þegar ráðist var að vörnum okkar neyddumst við til þess að beita vopnum til að stöðva áhlaup ofbeldisfullra öfgamanna,“ sagði Lo.

Blaðamaður BBC ræddi við nokkra sem urðu fyrir barðinu á táragasinu. Einn þeirra, flutningamaður á sextugsaldri, sagðist hafa lent í táragasmekki nokkrum sinnum í gær en hann hefði einungis viljað fylgjast með er hann átti leið hjá.

Óánægja mótmælenda stafar af því að óttast er að frumvarpið verði til þess að stjórnvöld í Peking geti sérstaklega farið fram á að pólitískir andstæðingar verði framseldir fyrir litlar sakir. Ríkisstjórnin stendur á bak við frumvarpið og er búist við því að það verði samþykkt þann 20. júní. – þea

## Sækist ekki eftir samningslausri útgöngu Breta

**BRETLAND** Þótt Boris Johnson ætli ekki að sækjast sérstaklega eftir því að Bretar gangi út úr Evrópusambandinu án samnings þegar þar að kemur er nauðsynlegt að halda þeim möguleika opnum enda nauðsynlegt verkfæri í viðræðunum við ESB. Þetta sagði utanríkisráðherrann fyrrverandi í gær þegar hann hóf formlega kosningabaráttu sína í leiðtogakjöri Íhaldsflokksins.

> Töf þýðir tap, töf þýðir Corbyn.
>
> Boris Johnson, þingmaður Íhaldsflokksins

Johnson er einn tíu frambjóðenda sem sækjast eftir stöðunni, og þar með því að verða næsti forsætisráðherra Bretlands er Theresa May hverfur frá störfum. Hann mælist vinsælastur í skoðanakönnunum og nýtur sömuleiðis, samkvæmt breska ríkisútvarpinu, stuðnings flestra þingmanna flokksins.

Þá sagði Johnson enn fremur að Bretar þyrftu nauðsynlega að ganga út úr ESB þann 31. október næstkomandi. Ekki mætti fresta útgöngu enn á ný. „Töf þýðir tap, töf þýðir Corbyn,“ sagði Johnson og átti þar við að Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, myndi ná völdum í þeirri stöðu. – þea

## Þýskir gestir



Frank-Walter Steinmeier Þýskalandsforseti og Elke Büdenbender forsetafrú komu til Íslands í gær og komu víða við. Á Árbæjarsafni var sýning um þýskar konur sem fluttu hingað eftir heimsstyrjöldina síðari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af heimsókninni er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Fjögurra mánaða réttarhöld á enda og dómur væntanlegur

Eftir fjögurra mánaða réttarhöld liggja örlög leiðtoga katalónsku sjálfstæðishreyfingarinnar nú í höndum hæstaréttardómara. Áratugalangra fangelsisdóma krafist. Spurningin um ofbeldi reynst helsti ásteytingarsteinninn í réttarhöldunum. Dóms að vænta á næstu mánuðum, síðla sumars eða í haust.



**Þessir spænsku hæstaréttardómarar þurfa nú að taka ákvörðun um dóm í málinu.** NORDICPHOTOS/AFP

**SPÁNN** Réttarhöldum yfir tólf leiðtogum katalónsku sjálfstæðishreyfingarinnar fyrir hæstarétti í Madríd, höfuðborg Spánar, lauk í gær. Dóms er að vænta á næstu mánuðum, hvort sem það verður síðla sumars eða í haust.

Sækjendurnir þrír í málinu, ríkissaksóknari, saksóknari dómsmálaráðuneytisins og lögmenn íhaldsöfgaflokksins Vox, hafa reynt að sýna fram á að Katalónarnir hafi brotið lög í kringum sjálfstæðisatkvæðagreiðslu og -yfirlýsingu héraðsins haustið 2017.

Réttarhöldin hafa verið afar umfangsmikil. Mikill fjöldi vitna hefur verið kallaður til undanfarna fjóra mánuði og myndbandsupptökur af kjördegi og mótmælum í kringum hann spilaðar.

Saksóknari dómsmálaráðuneytisins krefst vægustu dómanna og sakar níu af tólf ákærðu um uppreisnaráróður. Í miðjunni er ríkissaksóknarinn sem sakar níu af tólf um uppreisn og Vox krefst þyngstu dómanna, fyrir bæði uppreisn og skipulagða glæpastarfsemi. Í lokaræðum sínum héldu sækjendur fram þessum ásökunum.

Þyngstra dóma er krafist yfir Oriol Junqueras, hinum nýkjörna þingmanni, Evrópuþingmanni og fyrrverandi varaforseta héraðsstjórnarinnar. Saksóknari dómsmálaráðuneytisins krefst tólf ára, ríkissaksóknari 25 ára og Vox 74 ára. Samkvæmt greiningu katalónska miðilsins El Nacional er helst búist við því að horft verði til málflutnings ríkissaksóknara er dómarar íhuga dóm sinn.

> Búist er við því að málflutningur ríkissaksóknara vegi þyngra en hinna sækjendanna tveggja.

Sækjendur hafa, og lýstu því í lokaræðum sínum, einbeitt sér að því að sýna fram á að Katalónarnir hafi sýnt stjórnarskrá Spánar lítilsvirðingu og skapað aðstæður sem leiddu til þess að þúsundum Katalóna lenti saman við lögreglu.

Verjendur hafa ítrekað sagt að réttarhöldin séu pólitísk og snúist í raun um sjónarmið sakborninga, ekki gjörðir þeirra. Samkvæmt spænska blaðinu El País hafa verjendur hins vegar gengist við vægasta ákæruliðnum, um að sakborningar hafi óhlýðnast tilmælum stjórnvalda.

Helsti ásteytingarsteinninn, þá einkum á milli verjenda og ríkissaksóknara, hefur hins vegar verið spurningin um ofbeldi. Það er að segja hvort Katalónarnir hafi beitt eða hvatt til ofbeldis í kringum atkvæðagreiðsluna. Ofbeldi er forsenda þess að hægt sé að dæma nokkurn fyrir uppreisn.

Ríkissaksóknari hefur haldið því fram að án ofbeldis hefðu ákærðu ekki getað náð markmiði sínu á meðan saksóknari dómsmálaráðuneytisins segir ofbeldi ekki hafa verið stóran hluta af áætlun ákærðu né hafi það náð því marki að það hafi haft teljandi áhrif.

Verjendur hafa hins vegar sagt spænsku lögregluna eina aðilann sem beitti ofbeldi á þessum tíma. Heilbrigðisyfirvöld í héraðinu hafa áður greint frá því að hundruð Katalóna hafi slasast við aðgerðir lögreglu á kjördag og leiðtogar og stjórnmálamenn víða um heim gagnrýndu spænsku lögregluna á þeim tíma. thorgnyr@frettabladid.is



# Forseti Þýskalands heimsækir Ísland

Það hljóp á snærið hjá skólakrökkum á Álftanesi í gær er forseti Þýskalands, Frank-Walter Steinmeier, kom við á Bessastöðum og heilsaði upp á íslenskan starfsbróður sinn, Guðna Th. Jóhannesson, sem var búinn að kenna börnunum að heilsa gestinum á þýsku. Steinmeier gerði víðreist í gær og heimsótti meðal annars Alþingi og snæddi hádegisverð með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. Þá fór þýski forsetinn á Árbæjarsafn og skoðaði sýningu þar, sem helguð er konum sem fluttu hingað til lands frá Þýskalandi eftir lok heimsstyrjaldarinnar síðari.









MIÐNÆTUR HLAUP SUZUKI




MIÐNÆTURHLAUP SUZUKI FER FRAM Í LAUGARDALNUM, FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ 20. JÚNÍ 2019.

- FRÍTT Í SUND FYRIR ALLA ÞÁTTAKENDUR
- POWERADE DRYKKJARSTÖÐVAR
- GLÆSILEG VERÐLAUN
- VEGALENGDIR VIÐ ALLRA HÆFI
- TILVALIÐ FYRIR FJÖLSKYLDUR OG VINAHÓPA

**ÞÚ BORGAR LÆGRA GJALD EF ÞÚ SKRÁIR ÞIG Á MIDNAETURHLAUP.IS FYRIR MIÐNÆTTI MIÐVIKUDAGINN 19. JÚNÍ.**



SUZUKI ER STOLTUR SAMSTARFSAÐILI MIÐNÆTURHLAUPS SUZUKI



Unnið að framleiðslu Kerecis.

## Tveir milljarðar inn til Kerecis

Íslenska nýsköpunarfyrirtækið Kerecis hefur lokið fjármögnun fyrir 16 milljónir dollara eða jafnvirði um tveggja milljarða króna. Félagið seldi nýtt hlutafé til núverandi hluthafa og nýrra fyrir um 1.250 milljónir króna. Að auki hefur kröfum verið skuldbreytt í hlutafé að upphæð 750 milljónir króna.

Kerecis sem var stofnað 2011 er með höfuðstöðvar og framleiðslu á Ísafirði. Félagið framleiðir afurðir sem byggðar eru á affrumuðu þorskroði sem inniheldur fjölómettaðar fitusýrur. Afurðirnar hafa jákvæð áhrif á frumuvöxt og eru seldar til meðhöndlunar á þrálátum sárum og brunasárum.



**Guðmundur Fertram Sigurjónsson, forstjóri Kerecis.**

Í samtali við Fréttablaðið segir Guðmundur Fertram Sigurjónsson, forstjóri Kerecis, að umframeftirspurn hafi verið í útboðinu. Hann segir þetta styrki félagið verulega. „Við ætlum að nota fjármunina til að halda áfram að bæta meðhöndlun sára með áherslu á sjúklinga í Bandaríkjunum,“ segir Guðmundur.

„Meðhöndlun á sykursýkisárum með þorskroði er á hraðri leið með að verða almenn á Bandaríkjamarkaði. Það er mikil aukning á sykursýki á heimsvísu og hundruð þúsunda aflimana framkvæmdar þegar sárameðhöndlun heppnast ekki.“

Hjá félaginu eru 80 starfsmenn, þar af tólf á Ísafirði. Guðmundur gerir ráð fyrir að tvöfalda starfsmannafjöldann þar á næstu átján mánuðum við framleiðslu og gæðaeftirlit. **– ds**

**LEIÐRÉTTING**

*Í Skotsilfri, skoðanadálki Markaðarins, í gær var sagt að arðsemi eigin fjár Kauphallarinnar á árinu 2017 hefði verið um 50 prósent. Hið rétta er að arðsemi eigin fjár var 23,4 prósent. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.*

# Færri ferðamenn en rekstur Icelandair Hotels batnaði

Erlendum ferðamönnum fækkaði um fjórðung í maí en hótelkeðjan seldi 31 prósent fleiri gistinætur í mánuðinum. Icelandair flutti rúmlega 30 prósent fleiri farþega í maí. Hjá öðrum stórum hótelkeðjum var samdráttur eða nýting á pari við árið áður. Verð hjá Icelandair Hotels lækkaði um sex prósent í maí.



**Erlendir ferðamenn sem sóttu Ísland heim í maí voru heppnir með veður.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Herbergjanýting Icelandair Hotels batnaði óvenjumikið í maí á milli ára miðað við aðrar hótelkeðjur. Það vekur athygli í ljósi þess að erlendum ferðamönnum fækkaði um fjórðung á milli ára í mánuðinum í kjölfar gjaldþrots WOW air. Hótelkeðjan seldi 31 prósent fleiri gistinætur í maí og nýtingin batnaði um rúm átta prósentustig, í 82,9 prósent.

„Tölur Icelandair Hotels um bæði nýtingu og seldar gistinætur í maí komu á óvart,“ segir Elvar Ingi Möller, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka. „Það hefur komið opinberlega fram að félagið hafi lækkað meðalverð í kjölfar þess að horfur voru á umtalsverðum framboðssamdrætti á flugsætum til landsins.“

Til samanburðar segir Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela, að það hafi verið samdráttur hjá þeirra hótelum.

Kristján Daníelsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Keahótela, segir að nýtingin hjá keðjunni hafi minnkað lítillega á milli ára, það sé þó misjafnt eftir hótelum og landshlutum. Verð hafi þróast með svipuðum hætti.

Kristófer Oliversson, framkvæmdastjóri CenterHotels, segir að nýtingin og verð hafi verið á pari miðað við maí árið áður.

Elvar Ingi segir að það megi einnig hafa í huga að samsetning farþega í millilandaflugi Icelandair hafi reynst mjög sveigjanleg. „Þannig flutti Icelandair til að mynda rúmlega 30 prósent fleiri farþega til Íslands í maímánuði en á sama tíma í fyrra. Það gæti einnig hafa lagt hönd á plóg fyrir góðar hóteltölur í mánuðinum,“ segir hann.

Hildur Ómarsdóttir, forstöðumaður þróunar- og markaðssviðs Icelandair Hotels, sagði við vef Túrista að meðalverð hótelkeðjunnar hefði lækkað um sex prósent í maí miðað við árið áður en gistitekjur hefðu hækkað um átta prósent. Hún þakkaði bætta nýtingu aukningu í ráðstefnu- og hvataferðum.

Icelandair Group vinnur að því að selja dótturfélagi malasíska fjárfestingafélagsins Berjaya Corporation 80 prósenta hlut í Icelandair Hotels. Það var stofnað af malasíska auðkýfingnum Vincent Tan sem á velska knattspyrnuliðið Cardiff sem leikur í ensku úrvalsdeildinni.

**Það hefur komið opinberlega fram að félagið hafi lækkað meðalverð í kjölfar þess að horfur voru á umtalsverðum framboðssamdrætti á flugsætum til landsins.**

Elvar Ingi Möller, sérfræðingur hjá greiningardeild Arion banka



Aðspurður um ólíka þróun á gistináttatölum Icelandair Hotels og annarra hótela bendir Elvar Ingi á að Hagstofan hafi ekki enn birt þær upplýsingar fyrir maímánuð. „Aftur á móti má segja að tölurnar í apríl hafi verið blendnar. Samkvæmt þeim gáfu hótel á höfuðborgarsvæðinu nokkuð eftir hvað varðar nýtingu og fjölda gistinótta á meðan talsverður vöxtur var í fjölda gistinótta á hótelum utan höfuðborgarsvæðisins. Þær upplýsingar sem við höldum utan um, og ná fram í apríl, benda aftur á móti til þess að herbergjaverðin á höfuðborgarsvæðinu hafi hækkað í krónum talið undanfarna mánuði,“ segir Elvar Ingi.

Að hans sögn hafi tölur á undanförnum vikum hvað varðar fjölda ferðamanna ekki komið greiningardeildinni á óvart. Nýjasta spá Isavia sé í góðu samræmi við þá spá sem Arion banki setti fram í lok mars síðastliðins. Hún geri ráð fyrir fækkun ferðamanna til landsins um 16 prósent á árinu.

„Það er þó vissulega eðlilegt að ferðaþjónustuaðilar beri sig misvel í því árferði sem við erum að horfa upp á núna enda getur samsetning, tegund og dvalartími ferðamanna skipt töluverðu máli fyrir rekstur þessara fyrirtækja,“ segir hann.

**helgivifill@frettabladid.is**

# Framtakssjóðurinn fékk tvö hundruð milljóna eingreiðslu

Meirihlutaeigendur Advania, sem keyptu hlut Framtakssjóðs Íslands í upplýsingatæknifélaginu á árunum 2014 og 2015, greiddu sjóðnum 200 milljónir króna í byrjun ársins. Upplýst er um eingreiðsluna í nýjum ársreikningi Framtakssjóðsins en þar kemur fram að við kaupin hafi kaupendurnir skuldbundið sig til þess að standa skil á greiðslunni ef hlutabréf í félaginu yrðu ekki skráð á verðbréfamarkað fyrir lok árs 2018.

Finnski fjárfestingasjóðurinn Nordic Mezzanine, sænskir fjárfestar og lykilstjórnendur Advania keyptu sem kunnugt er 71 prósents hlut Framtakssjóðsins í upplýsingatæknifélaginu á árunum 2014 og 2015 en við það tilefni var jafnframt tilkynnt um að stefnt yrði að skráningu félagsins á hlutabréfamarkað í Svíþjóð og á Íslandi.

Þau áform hafa enn ekki gengið eftir og sagði Gestur G. Gestsson, forstjóri Advania, í samtali við Fréttablaðið í fyrra að með tilkomu fjárfestingarsjóðsins VIA equity og danska lífeyrissjóðsins PFA í hluthafahóp félagsins – en sjóðirnir keyptu 30 prósenta hlut í Advania síðasta haust og lögðu félaginu auk þess til aukið hlutafé – hefði dregið úr líkunum á að af skráningu yrði á næstu misserum.

Á aðalfundi Framtakssjóðsins í lok síðasta mánaðar var samþykkt að greiða út 2,4 milljarða króna arð til hluthafa, sem eru fjórtán lífeyrissjóðir, Landsbankinn og VÍS, í tvennu lagi. 500 milljónir króna verða greiddar í þessum mánuði og 1.900 milljónir króna í nóvember.

Eftir umræddar útgreiðslur, sem skýrast aðallega af sölu á dótturfélagi Icelandic Group auk ávöxtunar bundinna fjármuna, hefur Framtakssjóðurinn alls greitt út 88,6 milljarða króna til hluthafa en kallað inn 43,3 milljarða króna. Vænt innri ávöxtun sjóðsins frá upphafi er 22,7 prósent. **– kij**




**Framtakssjóðurinn seldi hlut í Advania 2014 og 2015.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**2,4**

**milljarðar króna verða greiddir til eigenda Framtakssjóðs Íslands í ár.**


NÝIR TÍMAR Í TRYGGINGUM
Fáðu strax okkar besta verð í tryggingarnar og kláraðu málið á nokkrum mínútum á netinu. Það getur þú bara hjá TM.
SJÁÐU ÞITT VERÐ Á TM.IS
„Þetta var fljótlegra en ég átti von á og talsvert einfaldara
TM

24:00:00
23:00:00
22:00:00
21:00:00
20:00:00
19:00:00
18:00:00
17:00:00
16:00:00
15:00:00
14:00:00
13:00:00
12:00:00
11:00:00
10:00:00
09:00:00
08:00:00
07:00:00
06:00:00
05:00:00
04:00:00
03:00:00
02:00:00
01:00:00

**Sumarsólstöður**
**Reykjavík:** 21 klst. og 11 mínútur
**Ísafjörður:** 24 klst.

# Árstíðaskipti hafa áhrif á andann

Flest finnum við mun á okkur þegar daginn tekur að lengja og myrkrið víkur fyrir björtum sumarnóttum; margir sofa minna og eru orkumeiri. Sérfræðingar segja hins vegar að stundum geti sumrin valdið vanlíðan.

**Vetrarsólhvörf**
**Reykjavík:** 4 klst. og 8 mínútur
**Ísafjörður:** 2 klst. og 45 mínútur


Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is





Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is




## Lætur gott veður manni líða betur?

**Sæunn Kjartansdóttir skrifar.** Það er ekki sjálfgefið að öllum líði vel í björtu og góðu veðri. Sumir þurfa tíma til að aðlagast og treysta einhverju sem virðist vera gott en er þekkt fyrir að hverfa fyrirvarlaust. Margir stressast í sólinni því þeim finnst viðbótar álag að þurfa að „nota“ góða veðrið til að gera eitthvað af viti, helst eitthvað sem hægt er að setja út á mynd á samfélagsmiðlum. Svo eru þeir sem finna til meiri einangrunar og einmanaleika þegar allir aðrir virðast svo glaðir og hamingjusamir. Þegar veðrið er gott getur bilið breikkað á milli þess hvernig maður skynjar sjálfan sig og hvernig maður ímyndar sér að aðrir hafi það. Þeir sem eru félagslega einangraðir eða búa við þröngan fjárhag finna meira fyrir takmörkunum sínum þegar þeir hugsa til allra sem sitja í hópi vina á útikaffihúsum eða eru að grilla í sumarbústöðunum sínum. Þannig



**Sæunn Kjartansdóttir, sálgreinir.**

getur sólin berskjaldað fólk fyrir einmanaleika og depurð sem felst betur í myrkri og kulda.

Íslensk sumur vara örskotsstund, við erum rétt farin að treysta því að veturinn sé farinn þegar hann minnir á sig aftur. Þeir sem hafa tilhneigingu til að finnast þeir vera snuðaðir geta fundið staðfestingu þess í veðrinu oft á ári. Þeir sem telja sig lukkunnar pamfíla geta líka fundið sínar staðfestingar. Hinir sem þola og sætta sig við síbreytileika náttúrunnar geta undrast og notið fjölbreytileikans. Mismunandi hitastig, birta, raki og vindhraði, allt hefur þetta áhrif á okkur lífeðlisfræðilega. En við megum ekki gleyma mismunandi merkingu sem við gefum einum og sama hlutnum. Sumir finna vellíðan þegar sólin hitar húðina, þeir finna hvernig vöðvarnir slakna, fölvinn hverfur og D-vítamínið hleðst upp. Aðrir tengja geisla sólar við öldrun, krabbamein og hlýnun jarðar. Þetta er lítið dæmi um hvernig lífsreynsla, viðhorf og persónulegar hæðir og lægðir hafa áhrif á hvernig við upplifum veðrið.

# Hvernig hefur birtan áhrif á þig?

**Undanfarnir dagar hafa verið sólríkir og sælir. Birtan sem ríkir dag og nótt hefur hins vegar mikil áhrif á marga á meðan aðrir finna minna fyrir henni. Nú þegar bjartasti tími sumarsins stendur yfir er áhugavert að skoða hvernig birtan hefur áhrif á líkamann.**

Stærsti tímagjafinn í umhverfi okkar er sólarljósið og myrkrið. Aðrir tímagjafar eru t.d. hitasveiflur milli dags og nætur, klukkan hvað við neytum fæðu og einfaldir hlutir eins og vekjaraklukkan.

Birta og myrkur stjórna framleiðslu melatóníns í heilanum en hormónið melatónín hjálpar okkur að verða syfjuð og undirbúa líkamann fyrir svefn. Þegar ljós fellur á augnlokið minnkar framleiðsla á melatóníni sem dregur úr þreytu og við vöknum upp af svefni. En þegar dimma tekur í umhverfi okkar þá fer líkaminn að framleiða melatónín og tekur það líkamann um tvær klukkustundir að ná hámarksframleiðslu. Þá finnum við fyrir vaxandi syfju og verðum tilbúnari til að leggjast til rekkju.

Þegar birtan er allsráðandi eins og hér á Íslandi getum við átt það til að vakna of snemma á morgnana áður en við erum útsofin og birtan fram eftir kvöldi getur seinkað þreytunni. Hefur þetta mikil áhrif á fólk?

„Rannsóknir hafa sýnt að sumir einstaklingar með geðhvarfasýki eru líklegri til að fara í oflæti eða maníu þegar birtan er allsráðandi. Hægt er að minnka líkur á þessu með því að vera með sérstök sólgleraugu sem filtera bláa ljósið í birtunni (e. blue blockers),“ segir Erna Sif Arnardóttir, rannsóknasérfræðingur við Háskólann í Reykjavík og Landspítala og formaður Hins íslenska svefnrannsóknafélags.

Hún segir að mikil birta, t.d. af sólarljósi eða skjánotkun síðustu tvo tímana fyrir svefn valdi því að framleiðsla melatóníns minnki og erfiðara er að sofna.

„Þó er einstaklingsbundið hversu mikil áhrifin af kvöldbirtu eru á fólk, sumir eru mjög viðkvæmir og eiga þá erfitt með svefn en aðrir finna lítið eða ekkert fyrir áhrifum kvöldbirtu á svefninn,“ segir Erna Sif.

„En það er til nokkuð sem heitir sumarþunglyndi. Skammdegisþunglyndi er talsvert þekktara og ég veit ekki til þess að sumarþunglyndi hafi verið rannsakað sérstaklega á Íslandi. Skammdegisþunglyndi einkennist af þreytu, syfju og aukinni matarlyst en sumarþunglyndi af svefnleysi, erfiðleikum með að slaka á og litlili matarlyst.“

### Ráð fyrir þá sem eiga erfitt með svefn yfir sumartímann

- Gleraugu sem loka á bláa ljósið geta hjálpað þeim sem eiga erfitt með að sofna á kvöldin á sumrin eingöngu. Einnig er hægt að prófa að nota slík gleraugu síðustu tvo tíma fyrir svefn.
- Mikilvægt er að hafa góð gluggatjöld sem loka vel fyrir birtuna bæði til að undirbúa sig fyrir svefninn og í svefnherberginu yfir nóttina.
- Lykilatriði er að sleppa öllum snjalltækjum síðustu tvo tímana fyrir svefn því birtan frá þeim hefur sömu áhrif og vekur okkur.
- Gott er að huga að koffínneyslu. Prófa að sleppa öllu koffíni frá hádegi þar sem áhrif þess í blóðinu vara í margar klukkustundir.
- Ef einstaklingur upplifir mikla streitu og/eða á erfitt með svefn er einnig mjög gott að æfa slökun daglega og koma sér upp góðri slakandi rútínu fyrir háttinn.

**Rannsóknir hafa sýnt að sumir einstaklingar með geðhvarfasýki eru líklegri til að fara í oflæti eða maníu þegar birtan er allsráðandi.**

Erna Sif Arnardóttir, rannsóknasérfræðingur




Milwaukee®
HÁTÍÐIN
REYKJAVÍK
Í DAG – FIMMTUDAGINN 13. JÚNÍ, KL. 9-17 Í SÍÐUMÚLA 9
KOMDU OG PRUFAÐU ALLT ÞAÐ NÝJASTA
KAFFI, RÚNSTYKKI OG BAKKELSI UM MORGUNINN
GRILLAÐIR HAMBORGARAR Í HÁDEGINU
VEISLUTERTA YFIR DAGINN
4 Geggjuð klukkutilboð sem gilda einungis í dag í Reykjavík, 2 klst. í senn.
Gildir kl. 9:00-11:00
1
M12
Borvél 38Nm og HD vagn
M12 höggborvél 38Nm, 2stk 2.0Ah rafhlöður, hleðslutæki, taska og Milwakee HD vagn.
Vnr. MW 899000KLST1
Tilboð 28.900 kr.
Áður 60.800 kr.
AÐEINS 25 SETT Í BOÐI
Gildir kl. 11:00-13:00
2
M18
Borvél 60Nm og höggskrúfvél
M18 borvél 60Nm, höggskrúfvél, 2stk 3.0Ah rafhlöður, hleðslutæki og taska.
Vnr. MW 899000KLST2
Tilboð 49.900 kr.
Áður 84.800 kr.
AÐEINS 20 SETT Í BOÐI
Gildir kl. 13:00-15:00
3
M12
Borvél 30Nm, höggskrúfvél og skoðunar-myndavél
M12 borvél 38Nm, höggskrúfvél, 2stk 2.0Ah rafhlöður, hleðslutæki, taska og skoðunarmyndavél, 9mm með 320×240 upplausn.
Vnr. MW 899000KLST3
Tilboð 38.900 kr.
Áður 78.890 kr.
AÐEINS 20 SETT Í BOÐI
Gildir kl. 15:00-17:00
4
M18 FUEL
Borvél 135Nm, SDS max vél, slípirokkur og úlpa m/hettu
Sett M18 borvél 135Nm, SDS max vél, slípirokkur, 2stk 5.0Ah og 1stk 9.0Ah rafhlöður, hleðslutæki, taska og svört úlpa með hettu.
Vnr. MW 899000KLST4
Tilboð 139.900 kr.
Áður 224.800 kr.
AÐEINS 15 SETT Í BOÐI
ALVÖRU VERKFÆRI
Á ALVÖRU TILBOÐUM
KAUPAUKAR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
M12 FUEL
Borvél og höggborvél
FPP2B-602X
Sett M12 með borvél 44Nm og höggborvél SDS+ 1.1J. Með 2x6.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933459813
Tilboð 69.900 kr.
Áður 81.900 kr.
Kaupauki: MILWAUKEE PEYSA og FLASKA
M18 FUEL
Alvöru borvél og herslulykill
FPP2E2-502P
Sett M18 með borvél 135Nm og herslulykli 1/2" 610Nm í PackOut tösku. Með 2x5.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933459407
Tilboð 99.900 kr.
Áður 127.900 kr.
Kaupauki: MILWAUKEE PEYSA
M18 FUEL
Borvél og höggskrúfvél
CBLPP2A-402C
Sett M18 með borvél 60Nm og höggskrúfvél 170Nm. Með 2x4.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933464536
Tilboð 62.900 kr.
Áður 79.900 kr.
Kaupauki: MILWAUKEE PEYSA og FLASKA
Taktu þátt í happdrættinu! Þú gætir unnið glæsilegt Milwaukee kolagrill og tjald.
M18
Borvél 60Nm
CBLPD-202C
Borvél M18 kolalaus 60Nm, aðeins 165mm að lengd. Með 2x2.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933464320
Tilboð 39.900 kr.
Áður 48.900 kr.
Kaupauki: MILWAUKEE BITASETT
M12
Borvél 32Nm
BPD-202
Borvél M12 32Nm með 10mm patrónu. Með 2x2.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933441940
Tilboð 26.900 kr.
Áður 35.900 kr.
Kaupauki: MILWAUKEE BITASETT
Packout töskusett
Grunneining með hjólum og 5 töskur.
Vnr. MW 4932464083-1
Tilboð 59.900 kr.
Áður 86.780 kr.
M18 FUEL
Alvöru verkfærasett
FPP4F2-502B
M18 með borvél 135Nm, höggskrúfvél 226Nm, stingsög, fjölnotavél, 5m málbandi, 2x5.0Ah rafhlöðum og hleðslutæki.
Vnr. MW 4933471208
Tilboð 144.900 kr.
Áður 179.900 kr.
Kaupauki: BLUETOOTH HEYRNATÓL og PEYSA
Milwaukee® BÍLLINN
Á ferðinni um landið
28. maí – 19. júní
13. JÚNÍ Fimmtudagur Milwaukee hátíðin í Reykjavík Verkfærasalan
18. JÚNÍ Þriðjudagur Höfn í Hornafirði N1
19. JÚNÍ Miðvikudagur Fáskrúðsfjörður Loðnuvinnslan Smiðjan
VERKFÆRA SALAN
Sjáðu öll tilboðin á vfs.is
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • DALSBRAUT 1, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

# Bjartar sumarnætur

Það er heilmikið vitað í vísindunum um áhrif birtu og ljóss á heilsu og líðan einstaklinga. Meginviðfangsefnin hafa í þessum rannsóknum verið vaktavinnufólk og svo þeir sem eru að vinna við sérstakar aðstæður. Slíkar aðstæður þekkjum við vel á norðurhveli jarðar, bjartar sumarnæturnar þar sem sólin varla sest og svo langir dimmir dagar á veturna. Nóttin getur virst endalaus og það hefur vissulega áhrif á einstaklinga, bæði leynt og ljóst.

Líkaminn þarfnast þess að hvílast og endurnærast og þar spilar melatónín talsvert hlutverk, en það er hormón sem er framleitt í heilakönglinum og stýrir svefn-vöku hringrás okkar. Það er hins vegar sjónhimna augans sem nemur birtuna í kringum okkur og gefur merki um það til heilakönguls í gegnum ákveðna hluta heilans hvort framleiða eigi melatónín eða ekki. Að nóttu til og við lítil birtuskilyrði eykst framleiðslan og öfugt. Virkni hormónsins er styðjandi við svefn, hægir á púlsi, öndun og líkamshita sem ýtir undir betri svefn. Þetta jafnvægi getur auðveldlega raskast sem við þekkjum vel ef við t.d. ferðumst yfir tímabelti og röskum líkamsklukkunni svokölluðu. Slíkt hið sama gerist þegar hringlað er með birtuskilyrðin í kringum okkur almennt og gildir þá einu hvort er vegna breiddargráðu, vinnuskilyrða, snjalltækja eða annars.

Flestir þekkja það af eigin raun að finna til meiri orku og minni svefnþarfar að sumri til, öfugt við einmitt veturinn þegar gott er að kúra lengur. Umræðan um að breyta klukkunni hefur að talsverðu leyti með þá staðreynd að gera. Þær rannsóknir sem ég vísaði í að ofan, líkt og kom fram, miðast við vaktavinnufólk og þá staðreynd að það er óhollt að snúa sólarhringnum við eða breyta líkamsklukkunni. Andleg vanlíðan, aukin depurð og þunglyndi eru þekktar afleiðingar, þróun offitu hefur verið nefnd í þessu samhengi, hjarta- og æðasjúkdómar, krabbamein, bólgusjúkdómar og jafnvel ófrjósemi. Þannig er í mörg horn að líta þegar kemur að þessum hópi starfsmanna varðandi heilsu og vinnuvernd. Rannsóknir á notkun gervidagsbirtu á vinnustöðum eru talsverðar og hafa sýnt jákvæðar niðurstöður.

Það eru margar stéttir sem vinna vaktavinnu og þjóðfélagið virkar ekki sem skyldi ef slík vinna er ekki unnin, hvort heldur sem er í lögreglu, heilbrigðiskerfi, samgöngum, framleiðslu eða hvað við viljum nefna. Þess vegna er afar mikilvægt að huga sérstaklega að forvörnum þeirra hópa sem vinna við það að snúa sólarhringnum á hvolf.

Heilsufarslegur ávinningur af björtum sumarnóttum er því miður ólíklegur. Minni svefnþörf vegna aukinnar birtu skilar sér fyrir rest í svefnskuld. Tímabundið kann að fylgja aukin orka en á endanum þarf að snúa ofan af vökutímanum með hvíld. Þarna gildir líklega eins og alls staðar að jafnvægi er kúnstin eina sem þarf að kunna. Við vitum að einstaklingar þurfa ákveðið langan svefn á hverjum sólarhring og minnkar svefnþörfin eitthvað með aldri líkt og með unglinginn og hinn fullorðna svo dæmi sé tekið. Almennt má segja að 7-8 klukkustundir sé hæfilegur svefn fyrir fullorðna og þá að því gefnu að svefngæðin og hvíldin séu eðlileg.

**Flestir þekkja það af eigin raun að finna til meiri orku og minni svefnþarfar að sumri til, öfugt við einmitt veturinn þegar gott er að kúra lengur.**



Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is

# Pressan á að líða vel eykst með hækkandi sól

**Ég hef upplifað bæði á vorin og í byrjun sumars, þegar birtan verður meiri, að ég hef farið í mikla geðhæð.**

Grétar Björnsson, félagsfræðingur



Grétar Björnsson er félagsfræðingur að mennt og er um þessar mundir að ná sér í kennararéttindi við Háskóla Íslands. Hann hefur í gegnum tíðina glímt við andlega erfiðleika, en náði sér á strik og hefur undanfarin ár búið við góða andlega heilsu. Grétar hefur heyrt sögur margra, sem glíma við andlega erfiðleika, um hvað árstíðaskiptin hafa mikil áhrif á þá. „Ég hef heyrt marga tala um það að þeir upplifi að birtan og sumarið hafi í för með sér væntingar sem ekki er auðvelt að standa undir. Fólk sem er kannski með krónískt þunglyndi eða kvíða, það getur orðið enn meiri pressa með hækkandi sól að eiga að líða vel og hafa gaman. Það að sjá alla í kringum sig vera að njóta sumarsins á meðan þér líður illa. Þetta eru alveg algengar tilfinningar held ég,“ útskýrir Grétar.

„Ég held að það eigi almennt við um fólk sem er að ganga í gegn um einhverja persónulega erfiðleika, þeir fara ekkert í burtu frá þér þó það sé einhver sól og oft getur það bara aukið á vanlíðanina að vera ekki með. Halda að allir aðrir hafi það bara frábært og þú sért einhvern veginn ekki með.“

Grétar segir þetta þó ekki gerast yfir nótt, að minnsta kosti ekki í sínu tilfelli. „Þetta er meira ferli og gerist ekki á einum sólardegi. Ég man þegar ég var yngri þá var ég að glíma við miklar geðsveiflur. Ég var sjaldan í jafnvægi, oftast hátt uppi eða langt niðri. Ég hef upplifað bæði á vorin og í byrjun sumars, þegar birtan verður meiri, að ég hef farið í mikla geðhæð. Þá hefur það lýst sér þannig að ég hef hraðari hugsanir, aukna vellíðan, en keyri samt fram úr mér. Það hefur verið hættulegt,“ segir Grétar og lýsir því að um mitt sumar hafi hann verið búinn með batteríin.

„Svo hef ég líka upplifað það að vera í geðlægð þegar góði tíminn kemur. Hækkandi sól, vorið, frábæra veðrið og allt það og það hefur verið mjög erfitt. Það er þessi samfélagslega pressa, að allt eigi að vera svo frábært af því að sólin skín og þú ert ekki með og maður setur svo mikla pressu á sjálfan sig. Allt á að vera svo frábært en það gengur ekki. Ég tel það ekkert endilega bara tengt andlegum erfiðleikum. Það er fullt af samfélagshópum, sem líður ekki vel, og líður verr á þessum árstíma,“ segir Grétar og tekur dæmi af vinkonu sinni sem er að ganga í gegnum skilnað. „Árstíminn eykur á vanlíðan hennar. Það væri auðveldara fyrir hana ef það væri bara rigning og rok. Ég þekki svo aðra manneskju sem er bundin við rúmið út af bakverkjum; ég var að tala við hana í dag og hún sagði líka að það væri auðveldara ef það væri bara eins og síðasta sumar, bara dimmt og grátt af því hún er soldið föst heima fyrir. Síðan hef ég talað við annan vin minn sem er einstæðingur, honum líður betur á veturna af því hann hefur kannski engan til að gleðjast með á þessum tíma. Svo er fullt af alls konar fólki, til dæmis aldraðir sem eru kannski búnir að missa orkuna. Það eru þessar væntingar að allt eigi að vera svo frábært og síðan gerist það ekki fyrir þig. Það eykur á erfiðleikana. Það eru vonbrigði og brostnar væntingar.“

### Hættulegur samanburður

Grétar bendir á að hægt sé að takast á við erfiðleika og fólk verði að miða við sjálft sig en ekki aðra. „Maður má ekki vera að detta í þessar bilaðslegu viðmiðanir. Af því að einhver póstaði mynd af sér á Instagram að fá sér ís og þú varst heima og komst ekki út. Það þýðir ekki að það hafi verið svo gaman hjá honum en glatað hjá þér því þú varst heima og komst ekki út. Þetta er hættulegur samanburður. Ef þér líður vel, farðu út og njóttu sólarinnar. Ef þér líður ekki vel þá er ástæða fyrir því sem þú þarft að horfast í augu við og takast á við. Þegar manni líður illa er það seinasta sem maður á að gera að berja sjálfan sig niður. Maður þarf að takast á við þetta með skynsemi, þolinmæði og rökhugsun.“

## Er einhver munur á virkni nemenda þegar daginn tekur að lengja?

„Ég held að allir sem að skólastarfi koma séu frekar þreyttir á vorin, sama hvort um nemendur, kennara, stjórnendur eða aðra starfsmenn grunnskóla er að ræða. Á vorin langar alla að vera úti, alltaf. Það ríkir ákveðin spenna. Sérstaklega þegar veðrið er eins og undanfarna daga og vikur,“ segir Erla Dís Arnardóttir, textílkennari og textílhönnuður í Háaleitisskóla. „Það er samt einhver kraftur sem einkennir síðustu vikurnar þótt þreyta sé í mannskapnum. Um leið og dag tekur að lengja langar alla að vera úti og sem betur fer kenni ég námsgrein sem stundum er auðvelt að kenna úti. Það eru ákveðnir töfrar sem einkenna þá stund þegar það er hægt, að sitja úti með prjónana og spjalla. Nemendur sem og kennarar fyllast ákveðnu stolti, stolti yfir því að hafa klárað heilt skólaár. Klárað heilan vetur, komist áfram og lært svo ótal margt.“

**Sem betur fer kenni ég námsgrein sem stundum er auðvelt að kenna úti.**

Erla Arnardóttir handavinnukennari



## Er öðruvísi að starfa sem flugfreyja á sumrin en á veturna?

„Þegar ég fer í morgunflug þá vakna ég um klukkan 5 á morgnana. Það er klárlega allt annað að vakna svona snemma á sumrin en á veturna þegar það er enn nótt hjá flestum öðrum. Það er manni mun eðlilegra að vakna þegar sólin er farin að skína heldur en þegar það er kolniðamyrkur. Það er líka allt annað að fara út á háu hælunum í sól og sumaryl en að fara út í dimman veturinn og þurfa að skafa af bílnum í frosti og í snjó,“ segir Kristín Björk Þorvaldsdóttir, flugfreyja hjá Icelandair. „Hins vegar er ég oft þreyttari á sumrin heldur en á veturna og það stafar sennilega af minni svefni. Maður teygir það örlítið lengur að fara að sofa á sumrin því það er jú svo bjart og fallegt og maður vill nýta hverja stund sem maður hefur af sumrinu. Ég segi oft að birtan hafi engin áhrif á mig sem er kannski ekki rétt. Á sumrin er maður óneitanlega orkumeiri og langar alls ekki að dagurinn endi, sem hann gerir reyndar ekki og þá verð ég oft þreyttari fyrir vikið á morgnana. Yfir veturinn er meiri regla og rútína, háttatíminn oftast sá sami og því finnst mér oft auðveldara að fara á fætur þá.“

**Ég segi oft að birtan hafi engin áhrif á mig sem er kannski ekki rétt.**

Kristín Björk Þorvaldsdóttir, flugfreyja



# SUMARTILBOÐ!
## BRIMBORGAR



GEGGJUÐ TILBOÐ!

OPIÐ
VIRKA DAGA 9-17
LAUGARDAGA 12-16

### VOLVO V40 CROSS COUNTRY
**D2 Momentum Edition**
**120 hestafla dísil vél, 5 dyra og sjálfskiptur**

Búnaður innifalinn í D2 Momentum Edition umfram ríkulegan staðalbúnað er: Momentum útfærsla, leðuráklæði, málmlitur, leiðsögukerfi, Sensus Connect hljómtæki, 8 hátalarar, 7" skjár, Led aðalljós, Led lýsing í innréttingu, nálægðarskynjari að aftan og bakkmyndavél.

Verð: 5.238.000 kr.
**Sumartilboð: 4.390.000 kr.**

-848.000 KR.

TAKMARKAÐ MAGN!



### MAZDA CX-5 VISION
**2.0 bensín, 165 hö, sjálfskiptur, FWD**

SkyActiv spartækni, snjallhemlunarkerfi, blindpunktsaðvörun, háþróuð i-Activsense árekstrarvarnartækni og brekkuaðstoð gerir það að verkum að Mazda CX-5 er búinn öllu því besta frá Mazda. Auk þess er Mazda CX-5 með veglínuskynjara með hjálparátaki, ökumannsvaka og hraðastilli. Einnig fáanlegur fjórhjóladrifinn.

Verðlistaverð með málmlit: 5.380.000 kr.
**Sumartilboð: 4.880.000 kr.**

-500.000 KR.



GEGGJUÐ TILBOÐ!

### FORD KA+ ULTIMATE SPORT
**1.2i bensín, 85 hö, beinskiptur**

Útvarp og geislaspilari með 4,2" litaskjá, SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth og neyðarhringingu (112), USB tengi og AppLink, 4 hátalarar, stillingar fyrir útvarp í stýri, My Key (forritanlegur lykill með takmörk á hámarkshraða, hljóðstyrk hljómtækja ofl.), 2 stk. ISOFIX festingar fyrir barnabílstóla, ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn, ESC með brekkuaðstoð, hraðatakmarkari, Easy Fuel án skrúfaðs bensínloks, aksturstölva, loftkæling, hæðarstillanlegt ökumannssæti, tvískipt aftursæti (40/60), ofnæmisprófuð efni í innréttingu, upphitanleg framsæti.

Verð með málmlit: 2.055.000 kr.
**Sumartilboð: 1.690.000 kr.**

-365.000 KR.



### CITROËN C3 AIRCROSS SHINE SUV
**1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur**

Ferskir straumar einkenna Citroën C3 Aircross. Útlit hans er kröftugt og hvert smáatriði úthugsað. Þú situr hátt og hefur góða sýn fram á veginn í Citroën C3 Aircross SUV. Grip Control spólvörnin hefur 5 stillingar fyrir mismunandi erfiðar aðstæður. Lyklalaust aðgengi og bakkmyndavél setja punktana yfir e-ið.

Verðlistaverð með aukabúnaði 4.340.000 kr.
**Sumartilboð: 3.990.000 kr.**

-350.000 KR.



GEGGJUÐ TILBOÐ!

### PEUGEOT 2008 ALLURE
**1.2 bensín, 110 hö, sjálfskiptur**

Peugeot 2008 Allure er glæsilegur og staðalbúnaður ríkulegur. Sætisstaðan er há og þú sest beint inn sem eykur þægindin. Vel fer um alla farþega. i-Cockpit ökumannsrýmið er einstakt og farangursrýmið er stærra en hjá mörgum sambærilegum bílum. Veghæðin er mikil, eða 16,5 cm undir lægsta punkt.

Verðlistaverð með aukabúnaði 3.650.000 kr.
**Sumartilboð: 3.250.000 kr.**

-400.000 KR.



***Komdu í Brimborg strax í dag og tryggðu þér nýjan bíl á geggjuðu Sumartilboði!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**brimborg.is**

# TILVERAN

## Harmleikur

Harmleikur átti sér stað á sunnudagskvöldið þegar hjón létust ásamt syni sínum í flugslysi við flugvöllinn í Múlakoti í Fljótshlíð. Annar sonur hjónanna og tengdadóttir liggja nú alvarlega slösuð á Landspítala eftir slysið.

Eitt vitni varð að brotlendingu vélarinnar rétt norðan við flugvöllinn í Múlakoti upp úr klukkan 20 en flugmaður vélarinnar hafði æft snertilendingar á flugvellinum skömmu fyrir slysið.

Þegar slökkviliðið kom á vettvang logaði eldur í vinstri væng vélarinnar og beita þurfti klippum til að komast að fólkinu sem var í vélinni. Var það flutt með þyrlum til Reykjavíkur.

Tildrög slyssins eru í rannsókn hjá rannsóknardeild lögreglustjórans á Suðurlandi, sem nýtur aðstoðar bæði rannsóknarnefndar samgönguslysa og tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Búist er við að rannsókn taki nokkrar vikur.

**Eitt vitni varð að brotlendingu vélarinnar rétt norðan við flugvöllinn í Múlakoti.**

## Erlendir gestir

Það voru fleiri en Íslendingar sem nutu veðurblíðunnar á landinu. Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO, kom til landsins á þriðjudag í boði Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra. Hann fundaði með utanríkisráðherra og forsætisráðherra í Ráðherrabústaðnum og með Þjóðaröryggisráði. Stoltenberg heimsótti einnig Alþingi og hélt erindi í Norræna húsinu.

Á miðvikudaginn komu Frank-Walter Steinmeier, forseti Þýskalands, og eiginkona hans, Elke Büdenbender, í opinbera heimsókn. Þau verða á landinu til föstudags og heimsækja ýmsa staði.

**Kanónur heimsóttu Ísland í vikunni og fengu að njóta veðurblíðunnar.**





# Vikan

Allt ætlaði um koll að keyra út af stóra uppþvottaburstamálinu, erlendir tignargestir komu til landsins og bleiki skatturinn var afnuminn. Þá var þjóðin harmi slegin vegna flugslyssins við Múlakot.






## Bleiki skatturinn verður loksins afnuminn

Alþingi samþykkti í vikunni að lækka virðisaukaskatt á tíðavörur og getnaðarvarnir úr efra þrepi niður í það neðra.

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, þingmaður Pírata, var fyrsti flutningsmaður frumvarpsins. Frumvarpið var lagt fram af þingflokkum Pírata, Samfylkingar, Miðflokksins og Flokks fólksins. Með lagabreytingunni falla einnota og margnota tíðavörur á borð við dömubindi, tíðatappa og álfabikara nú í lægra þrep virðisaukaskatts, úr 24 prósenta skatti niður í 11 prósenta skatt.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs af þessum virðisaukaskatti hljóðuðu upp á 37,9 milljónir árlega.

**Einnota tíðavörur, svo sem dömubindi, tíðatappar og álfabikarar falla undir bleika skattinn.**

## Stóra þvottaburstamálið snerti marga

Ísland sigraði Tyrkland 2-1 í undankeppni EM í knattspyrnu karla á Laugardalsvelli á þriðjudagskvöldið. Ragnar Sigurðsson var hetja íslenska liðsins, en hann skoraði mörkin tvö. Það var þó ekki leikurinn sjálfur sem æsti alla upp. Það voru móttökurnar sem tyrkneska liðið fékk á Keflavíkurflugvelli í byrjun vikunnar. Liðið flaug frá Konya í Tyrklandi, en það er óskráður flugvöllur, og þurfti því að bíða í þrjá tíma eftir að komast inn í landið og fara í gegnum stíft öryggiseftirlit.

Þegar Emre Belözoglu, leikmaður Tyrklands, var að svara fréttamönnum í Leifsstöð kom að honum maður sem notaði uppþvottabursta í stað hljóðnema. Þetta atvik fór á flug á samfélagsmiðlum og tóku Tyrkir því vægast sagt illa. Fjölmargir Íslendingar fengu hótanir, þar á meðal leikmenn íslenska landsliðsins. Voru þvottaburstar bannaðir á leiknum.

Málið vatt upp á sig alveg fram að leik. Ræddi utanríkisráðherra Tyrklands við Guðlaug Þór Þórðarson, utanríkisráðherra Íslands, og lýsti yfir óánægju með málið.

# Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins











LANDMARK fasteignamiðlun og Þórey Ólafsdóttir, löggiltur fasteignasali, kynna í einkasölu stórglæsilegt og einkar vandað einbýlishús á tveimur hæðum með stórum bílskúr við Kögunarhæð í Garðabæ. Þar er stutt í alla helstu þjónustu, skóla og leikskóla. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni, staðsteypt og stendur á 1.197 fm lóð. Birt stærð eignar er samtals 247,1 fm, þar af er íbúðarhluti á neðri hæð 166,4 fm, íbúðarhluti á efri hæð 38 fm og sambyggður bílskúr 42,7 fm samkvæmt FMR. Lóðin er frekar stór, gróin og skjólsæl. Eignin er einkar vel skipulögð og skiptist í opið hol, rúmgóða stofu, borðstofu og eldhús, fjögur góð svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús en á efri hæð hússins er eitt opið rými í dag, sannkallaður útsýnisturn, útgengt á suðursvalir. Stór og góður bílskúr þar sem með auðveldum hætti mætti útbúa litla íbúð.

# Við tjöldum því besta

## Yfir 40 gerðir af tjöldum

HILLEBERG THE TENTMAKER · Vango



Vango Alpha
3000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 19.995,-
3 manna verð kr. 21.995,-



Hilleberg Nallo GT
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 147.995,-
3 manna verð kr. 159.995,-



Vango Beta
3000mm vatnsheldni
3 manna verð kr. 35.995,-
4 manna verð kr. 42.995,-
5 manna verð kr. 52.995,-



Vango Spey
3000mm vatnsheldni
4 manna+ verð kr. 28.995,-



Vango Tempest Pro
5000mm vatnsheldni
2 manna verð kr. 40.995,-
3 manna verð kr. 44.995,-



Vango Scafell
5000mm vatnsheldni
2 manna+ verð kr. 35.995,-
3 manna+verð kr. 39.995,-



Vango Winslow
3000mm vatnsheldni
**5 manna tilboðsverð kr. 49.995,-**
**6 manna tilboðsverð kr. 56.995,-**



Vango Hudson
4000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 74.995,-
5 manna verð kr. 83.995,-
6 manna verð kr. 95.995,-



Vango Amalfi AirBeam
4000mm vatnsheldni
4 manna verð kr. 117.995,-
5 manna verð kr. 128.995,-
6 manna verð kr. 142.995,-



Vango Ascott
3000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 49.995,-



Vango Stanford
4000mm vatnsheldni
8 manna verð kr. 105.995,-



Vango Winslow AirBeam
3000mm vatnsheldni
5 manna verð kr. 98.995,-

Valin tjöld uppsett í verslun • Frábært úrval af tjaldhúsgögnum

MAMMUT SWISS 1862 · HEAD · ALPINA EYEWEAR & HELMETS · HILLEBERG THE TENTMAKER · Vango · RUDY PROJECT · GREGORY

EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is



Rjúkandi er á meðal tilkomumestu fossum landsins og minnir óneitanlega á Gullfoss. MYND/TG

# Rjúkandi fegurð

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Norður á Ströndum eru einhver stærstu víðerni á Íslandi en þar er einnig að finna aragrúa fossa sem steypast niður í sjó fram af hörðum berglögum sem staflast upp eins og pönnukökur. Út í Ófeigsfjörð rennur stærsta vatnfall Vestfjarða, Hvalá, en skammt frá ósi hennar eru Hvalárfossar. Í Hvalá rennur önnur stór og blátær bergvatnsá sem ber nafnið Rjúkandi. Í henni er foss með sama nafni og dregur hann nafn sitt af miklum úða sem stígur upp af fossinum. Rjúkandi, eða Rjúkandifoss, er tvímælalaust einn af tilkomumestu fossum landsins, enda minnir hann óneitanlega á Gullfoss. Einu sinni stóð til að virkja Gullfoss en því var forðað á síðustu stundu af kvenskörungnum Sigríði frá Brattholti. Í dag er Gullfoss einn helsti gullmolinn í náttúru Íslands og skapar þjóðarbúinu ómældar tekjur.

Örlög Rjúkanda virðast ætla að vera önnur því með fyrirhugaðri 55 MW Hvalárvirkjun mun rennslið í honum minnka um 40%. Hann mun því ekki standa undir nafni sem einn tilkomumesti foss landsins og fossaímynd hans rjúkandi rústir. Það eykur á verðmæti Rjúkanda að í næsta nágrenni eru stærstu ósnortnu víðerni á Vestfjörðum með eyðifjörðum og heiðum þar sem aðeins fuglasöngur rýfur kyrrðina. Það er auðvelt að ganga að Rjúkanda og þarf til þess hálfan dag úr Norðurfirði. Þar er tilvalið að tjalda eða gista í skála Ferðafélags Íslands. Frá Norðurfirði tekur klukkustund að aka inn í botn Ófeigsfjarðar þar sem einnig er tjaldstæði. Á vel búnum jeppa er ekið yfir efra vaðið á Húsá að Hvalárfossum.

Þarna endar vegurinn og ósnortin víðerni taka en nokkrum fjörðum norðar taka Hornstrandir við. Að Rjúkanda er gengið í rúman klukkutíma sunnan megin Hvalár uns komið er að fossinum sem hægt er að skoða í návígi. Á leiðinni til baka er tilvalið að skoða tilkomumikla Hvalárfossa en fyrir þá sem vilja lengri göngu er Drynjandi ekki ýkja langt undan en þá er farið yfir göngubrú á Hvalá og upp með henni norðan megin. Í lok dags er skylda að skella sér í Krossneslaug. Hún er bókstaflega í sjávarmálinu skammt frá Norðurfirði og þaðan má njóta einstaks útsýnis yfir Húnaflóa og fjöllin í norðanverðum Ströndum.



Fókus á hjarta landsins



Fossinn Rjúkandi steypist ofan í falleg árgljúfur. Í fjarska sést Ófeigsfjörður. MYND/TG



Það er auðvelt að ná sálarró og stuttum blundi við ægifagran Rjúkanda. MYND/ÓMB

# Jólaboðið 1977



Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Ein af stærri fréttum síðustu viku var skráning Marel í kauphöllinni í Amsterdam. Undir forystu stjórnenda með skýra sýn og með stuðningi fjárfesta er hátæknifyrirtækið orðið leiðandi á alþjóðavísu í matvælaiðnaði. Hjá félaginu starfa sex þúsund manns í 30 löndum við að þjónusta viðskiptamenn í 180 ríkjum. Markaðsvirði fyrirtækisins er um 420 milljarðar króna.

Aldrei ætti að vanmeta gildi góðra jólaboða. Sagt er að viðskiptahugmyndin að baki Marel hafi fæðst í einu slíku árið 1977. Vísindamenn og frumkvöðlar þróuðu fyrstu rafeindavogina fyrir íslenskan fiskiðnað í húsakynnum Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands. Marel var síðan formlega stofnað árið 1983 þegar aðilar úr sjávarútvegi komu til liðs við frumkvöðlana í háskólanum.

Ástæða er til að minna á rætur Marel í íslensku vísindasamfélagi. Saga Marel sýnir mikilvægi vísinda og háskóla í framþróun atvinnulífsins. Hún undirstrikar nauðsyn þess að við hlúum vel að nýsköpun og sprotafyrirtækjum. Þar er að finna hreyfiafl nýrra framleiðsluhátta með uppbroti ríkjandi hugmynda og sífelldri sköpun og endurmati. Það krefst þolinmæði og skilnings á því að margar hugmyndir munu ekki ganga upp. En þær fáu sem að endingu ganga upp verða forsenda aukinnar hagsældar. Með þetta í huga er ástæða til bjartsýni þegar horft er til þeirra mörgu sprota- og hátæknifyrirtækja sem starfa hér á landi.

Ef við Íslendingar viljum viðhalda óbreyttum lífsgæðum verðum við að auka útflutningsverðmæti okkar um milljarð á viku næstu tuttugu árin. Það verður einungis gert með því að skapa athafnalífi umhverfi vaxtar og samkeppnishæfni. Þá þarf hófsemi í umfangi og afskiptum ríkisins, en einnig meiri stuðning við frumkvöðla, sterkt vísindasamfélag og öfluga háskóla.

Ísland býr sem betur fer við opna markaði. Forskot á aðra kemur með fjölþjóðlegu hugviti og samvinnu. Sú umgjörð sem við búum atvinnulífinu í harðri alþjóðasamkeppni skiptir því öllu máli. Þar hallar verulega á íslensk fyrirtæki vegna óstöðugleika þess örgjaldmiðils sem krónan er. Rekstrarforsendur breytast sífellt við það að krónan styrkist eða veikist. Samkeppnishæfni til lengri tíma veikist.

Á sameiginlegum markaði Evrópu skiptir miklu að hafa tekjur og gjöld í sama gjaldmiðli. Miðað við það óhagræði sem er af krónunni er merkilegt að sjá hvað atvinnulífið og samfélagið hefur þó spjarað sig.

Það var fróðlegt að hlusta á Árna Odd Þórðarson, forstjóra Marel, á síðasta Iðnþingi. Þar spurði hann hvernig í ósköpunum lítil íslensk iðnfyrirtæki gætu starfað í núverandi vaxtaumhverfi. Marel fjármagnaði sig á 1-2% vöxtum. Smærri iðnfyrirtæki á Íslandi eru í samkeppni við þetta vaxtastig. Að auki þurfi íslensk fyrirtæki að greiða hærri laun vegna hárra vaxta hér á landi til að fólk sé jafnsett öðrum í Evrópu. Slíkt gengur varla til lengdar.

Leggjum við hlustir í jólaboðum framtíðarinnar.

**Saga Marel sýnir mikilvægi vísinda og háskóla í framþróun atvinnulífsins.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Takk, Svandís**

**Heilbrigðisráðherra tekur fjölmiðla í kennslustund um hvernig skuli fjalla um sjálfsvíg og geðrænan vanda í samráðsgáttinni. Hún kennir þaulvönu fjölmiðlafólki að draga ekki orð fólks í efa á þeim grundvelli að það eigi sér sögu um geðræn veikindi. Hún varar fjölmiðla við því að ræða við fólk í geðrofi. Henni hugnast hvorki myndir af vettvangi sjálfsvíga né af hinum látna. Þakka ber það sem að fjölmiðlum er rétt þegar annað lætur á sér standa. Takk, Svandís.**

**Samsæri í hverju horni**

**Andstæðingar þriðja orkupakkans þurfa því miður að þola að innan þeirra raða þrífast einstaklingar sem sjá samsæriskenningar í hverju horni. Nýjasta kenningin er sú að raunveruleg ástæða opinberrar heimsóknar Frank-Walter Steinmeier, forseta Þýskalands, sé að ýta á eftir þriðja orkupakkanum. Það verður að teljast hæpið í ljósi þess að Steinmeier er jafn valdalaus og okkar eigin forseti. Þegar litið er á dagskrána má finna hátíðarkvöldverð í Hörpu, ferð að Sólheimajökli og siglingu til Vestmannaeyja. Hann mun þó heimsækja Hellisheiðarvirkjun, sem væri þá líklegast tækifærið til að hampa orkupakkanum.**

arib@frettabladid.is

# Plastið flutt til útlanda



Bryndís Haraldsdóttir
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Árið 2050 er útlit fyrir að meira verði af plasti í sjónum en af fiskum. Staðreynd sem er hrollvekjandi og minnir á nauðsyn þess að brugðist verði við þessari umhverfisvá. Við þurfum að hreyfa okkur hraðar, plast og annar úrgangur á hafi úti er að verða stærsta umhverfismál samtímans. Sem betur fer er heimurinn að vakna.

Umhverfisstofnun réðst nýlega í verkefni undir merkjum Inspired by Iceland þar sem erlendir ferðamenn eru hvattir til að drekka íslensku lúxusvöruna kranavatnið. Verkefnið er frábært enda hefur mér löngum þótt óþolandi að fylgjast með ferðamönnum kaupa vatn í plastflöskum á uppsprengdu verði með tilheyrandi sóun á plasti. Á hverri mínútu eru um milljón plastflöskur keyptar í heiminum – brot þeirra skilar sér í endurvinnslu. Plastflöskur sem voru seldar árið 2016 voru í raun svo margar að ef þú raðaðir þeim hverri ofan á aðra næði plastlengjan hálfa leið til sólarinnar. Og aðeins sjö prósent leiðarinnar skilaði sér í endurvinnslu!

Plast er ekki alslæmt, það er frábær uppfinning og hefur t.a.m. komið í veg fyrir mikla matarsóun og nýst vel í læknavísindum svo dæmi séu tekin. Að lýsa plastinu stríði á hendur er þess vegna öfgafullt. En við þurfum ekki á öllu því plasti sem við notum í dag að halda, og eigum að leggja okkur fram við að skila öllu plasti sem við notum til endurvinnslu.

Hvert og eitt okkar getur lagt sitt af mörkum en það stendur á hinu opinbera að huga að heildstæðum lausnum til endurvinnslu á plasti hér á landi þar sem m.a. er horft til kolefnisfótspors. Allt plast sem safnast til endurvinnslu frá íslenskum heimilum og fyrirtækjum er í dag flutt til annarra ríkja, ef frá er talið rúllubaggaplast sem er í dag endurunnið af íslensku nýsköpunarfyrirtæki. Markaður fyrir plast og aðrar endurunnar vörur hefur verið stopull og á síðustu misserum hefur mikið af plastinu farið til brennslu, með tilheyrandi áhrifum á umhverfið. Mikið af plasti sem ætlað er til endurvinnslu í heiminum endar í hafinu og því virðist eftirliti með endursölumörkuðum með plast vera ábótavant. Úr þessu verður að bæta, hreint og óspillt haf og líferni er hagsmunamál Íslendinga dagsins í dag og framtíðarinnar.

**Við þurfum að hreyfa okkur hraðar, plast og annar úrgangur á hafi úti er að verða stærsta umhverfismál samtímans.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Orkuverð og fiskverð

Í DAG
Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Dýrasta bensíni í heimi er dælt á bíla í Hong Kong. Borgríkið er lítið að flatarmáli og eftir því þéttbýlt með afbrigðum. Það á engar náttúruauðlindir og þá ekki heldur olíu. Dýrt bensín er eðlilegt. Rífleg opinber gjöld eru því lögð ofan á heimsmarkaðsverðið á bensíni til að halda aftur af ökumönnum og draga úr umferð og mengun andrúmsloftsins. Mengun er hagkvæmur gjaldstofn, hagkvæmari en t.d. vinna þar eð vinna er æskileg, mengun ekki.

Næstdýrasta bensín í heimi er í Noregi, litlu ódýrara en í Hong Kong. Noregur er að sönnu strjálbýlt land en Norðmönnum þykir samt rétt að halda aftur af umferðartöfum og mengun. Annar hver nýr bíll í landinu er rafknúinn.

En bíðum við, kann nú einhver að spyrja: Hvers vegna býður Noregur sínu fólki ekki upp á ódýrt bensín? – olíuútflytjandinn sjálfur. Það stafar af því að ódýrt bensín handa norskum ökumönnum myndi jafngilda niðurgreiðslu bensíns, umferðartafa og loftmengunar. Það er Norðmönnum í hag, finnst þeim sjálfum, að halda bensínverði háu líkt og í Hong Kong.

**Ísland, bensínlega séð**

Þriðja dýrasta bensín heims er á Íslandi. Hugsunin að baki þeirri skipan er hin sama og í Hong Kong og Noregi. Ísland er strjálbýlt þótt umferðin sé þung í Reykjavík og nærsveitum en það stafar að nokkru leyti af ójöfnu vægi atkvæða sem hefur dregið úr fjárveitingum til samgöngubóta á höfuðborgarsvæðinu. Kjósendur höfnuðu misvægi atkvæða í þjóðaratkvæðagreiðslunni um nýja stjórnarskrá 2012.

Það skiptir m.ö.o. engu máli fyrir hagfellda verðlagningu á bensíni hvort land flytur olíu út eða inn. Hér heima er því allt eins og það á að vera bensínlega séð nema nýja stjórnarskráin og meðfylgjandi samgöngubætur hér fyrir sunnan myndu að sínu leyti draga lítils háttar úr þörfinni fyrir dýrt bensín. Fimmti hver nýr bíll á Íslandi er nú rafknúinn.

**Hvað kostar bensínið?**

Þessa lexíu hefur mörgum olíuframleiðslulöndum láðst að tileinka sér. Ódýrasta bensíni í heimi er dælt á bíla í Venesúelu þar sem allt er nú í kaldakoli, Súdan, Íran, Kúveit, Alsír, Nígeríu, Tyrkmenistan, Kasakstan, Egyptalandi, Aserbaídsjan og Angólu. Öll þessi lönd eru einræðislönd og harðræðis þar sem næstum ekkert er eins og það á að vera og rangar ákvarðanir stjórnvalda reka hver aðra. Bandaríkin eru eina vestræna iðnríkið þar sem bensínverði er haldið langt undir eðlilegu marki líkt og í Rússlandi. Bensín kostar nú (maí 2019) eina krónu lítrinn í Venesúelu, 17 kr. í Súdan, 37 kr. í Íran, 50 kr. í Nígeríu, 69 kr. í Sádi-Arabíu, 87 kr. í Rússlandi, 103 kr. í Bandaríkjunum, 136 kr. í Kína, 201 kr. í Albaníu, 242 kr. á Íslandi og í Noregi og 273 kr. í Hong Kong. Rússar, Kaninn og Kínverjar þurfa að taka sig á.

**Hátt fiskverð, hækkandi orkuverð**

Hliðstæða skýringu er að finna á háu fiskverði hér heima. Þeir sem draga fiskinn að landi geta flutt hann út og selt hann þar á heimsmarkaðsverði sem leggur því gólf undir fiskverðið í búðum hér heima. Fiskur á kostnaðarverði handa Íslendingum myndi jafngilda niðurgreiðslu líkt og lága bensínverðið í Aserbaídsjan og Angólu og þar. Hér skiptir það máli að Íslendingar flytja út fisk. Þjóðin á fiskinn í sjónum þótt margir þingmenn og útvegsmenn streitist enn gegn þeirri staðreynd. Það er því þjóðinni í hag sem eiganda auðlindarinnar að fiskverð sé hátt.

Við flytjum einnig út orku og viljum því að hún sé dýr alveg eins og fiskurinn. Hvort tveggja er okkur í hag sem eigendum auðlindanna. Útlendingum var lengi seld íslenzk orka á svo lágu verði að stjórnvöldum fannst þau þurfa að halda verðinu leyndu fyrir fólkinu í landinu. Þingmenn fóru um landið fyrir kosningar og lofuðu álverum út og suður. Þegar setzt var niður með erlendum orkukaupendum eftir kosningar til að semja um verð gátu þeir þrýst verðinu langt niður þar eð heimamenn voru búnir að lofa álverum. Þetta er loksins að breytast eins og ráða má af því að nú vilja sumir stofna þjóðarsjóð utan um auknar tekjur af orkunni sem selst á hækkandi verði. Þar væri nú gildur sjóður hefði arðinum af sjávarauðlindinni verið veitt þangað frekar en að setja hann í hendur útvegsmanna og Morgunblaðsins o.þ.h.


Ertu að tengja?



Hleðsla rafbíla – hvað ber að hafa í huga

Fáið löggiltan rafverktaka til að yfirfara og aðlaga raflögnina áður en rafbíll er hlaðinn í fyrsta sinn.

- Hver tengistaður má einungis hlaða einn rafbíl í einu
- Hver tengistaður skal varinn með yfirstraumvarnarbúnaði sem einungis ver þennan tiltekna tengistað
- Hver tengistaður skal varinn með bilunarstraumsrofa (lekastraumsrofa) sem einungis ver þennan tiltekna tengistað
- Bilunarstraumsrofinn ætti að vera af gerð B – þó má nota gerð A sé jafnframt notuð viðbótarvörn
- Mannvirkjastofnun mælir með að ekki séu notaðir hefðbundnir heimilistenglar til hleðslu rafbíla
- Mannvirkjastofnun mælir með að til heimahleðslu rafbíla séu notaðar þar til gerðar hleðslustöðvar eða iðnaðartenglar
- Stranglega er bannað að nota framlengingarsnúru, fjöltengi eða önnur „millistykki“ við hleðslu rafbíla
- Hleðslustrengir mega ekki liggja þar sem þeir geta orðið fyrir hnjaski, t.d. yfir vegi, gangstéttar eða stíga
- Ekki nota hleðslusnúru eða annan búnað sem hefur skemmst



Mannvirkja stofnun

# Vinaþjóðir um ókomin ár



**Herbert Beck**
sendiherra Þýskalands á Íslandi

Söguleg tengsl Íslands og Þýskalands liggja langt aftur. Sennilega var fyrsti Þjóðverjinn á Íslandi saxneski trúboðsbiskupinn Friðrik (Friedrich), sem reyndi án árangurs að snúa Íslendingum til kristni árið 981, að beiðni Þorvalds víðförla.

Svo má náttúrlega nefna hin nánu og frjósömu tengsl sem hófust með Hansa-kaupmönnum á 15. öld. Eða þann þátt sem þýska rómantíkin, heimspeki og guðfræði léku eftir lok danska einveldisins í eflingu íslenskrar þjóðernisvitundar á 19. öldinni. Á hinn bóginn eru verk eins og Niflungahringur Wagners eða „Þýskar goðsagnir“ Jacobs Grimm óhugsandi án vísana í íslensku fornbókmenntirnar. Konrad Maurer kannast að minnsta kosti eldri kynslóðin við, þýska Íslandsvininn sem var samtíðar- og stuðningsmaður pólitíska markmiða Jóns Sigurðssonar. Á keisaratímanum í Þýskalandi var vaxandi áhugi fyrir Norðurlöndunum, en þennan áhuga umtúlkuðu og misnotuðu nasistar á stuttum en afdrifaríkum valdatíma sínum. Í þessu sambandi er vert að nefna að Íslendingar sýndu, með fáeinum undantekningum, að þeir væru ónæmir fyrir slíkum fantasíum. Eftir endalok seinni heimsstyrjaldar og Þriðja ríkisins var stjórnmálasambandi komið á milli þýska Sambandslýðveldisins og Íslands árið 1952. Upp frá því hafa samskipti þjóða okkar þróast á jákvæðan og sjálfbæran hátt.

Ný varða á langri samleið Íslands og Þýskalands er heimsókn Frank-Walters Steinmeier, forseta Sambandslýðveldisins, sem verður ásamt eiginkonu sinni Elke Büdenbender í opinberri heimsókn á Íslandi frá 12. til 14. júní. Eftir Richard von Weizsäcker (1992) og Johannes Rau (2003) er þetta í þriðja sinn sem forseti Þýskalands kemur í opinbera heimsókn til Íslands. Þáverandi forsetar Íslands, Vigdís Finnbogadóttir og Ólafur Ragnar Grímsson, fóru líka hvort í sína opinberu heimsóknina til Þýskalands.

Ísland er meðal nánustu og traustustu samstarfsríkja Þýskalands. Bæði lönd okkar starfa vel saman á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, NATO, Evrópuráðsins og ÖSE, til að nefna mikilvægustu alþjóðastofnanirnar. Við deilum þeirri sannfæringu að nýjar alþjóðlegar áskoranir, hvort sem þær eru af pólitískum, efnahagslegum eða tæknilegum toga, verða ekki leystar nema með samstarfi byggðu á sameiginlegum gildum og hagsmunum. Þýski utanríkisráðherrann Maas hefur ítrekað sagt að það geti vel farið saman að gæta bæði lögmætra þjóðarhagsmuna og sameiginlegra hagsmuna heimsbyggðarinnar.

Sameiginleg aðild að stærsta sameiginlega efnahagssvæði heims, Evrópska efnahagssvæðinu, hefur mikla þýðingu bæði fyrir Ísland og Þýskaland. Það býður fólki okkar og fyrirtækjum hagstæðan aðgang að mörkuðum hvert annars innan ramma fjórfrelsisins (frjálst flæði vöru, fólks, þjónustu og fjármagns). Það er enginn vafi á því að þrátt fyrir það háa stig viðskipta sem nú þegar ríkir milli landa okkar, þá eru góð tækifæri til að auka þau enn meir. Gæði, nýsköpun og sjálfbærni í skilningi umhverfis- og loftslagsverndar verða mikilvægir mælikvarðar fyrir framtíðarþróun og velgengni efnahagslegrar samvinnu. Ísland og Þýskaland eru einnig í nánu samstarfi við framkvæmd loftslagssamningsins sem kenndur er við París. Ein þungamiðja heimsóknar Steinmeiers forseta beinist að loftslagsmálum og málefnum norðurslóða.

**Menningarleg tengsl milli Þýskalands og Íslands hafa alltaf haft mikla þýðingu.**

Frekari þróun samstarfs á sviði tækni og vísinda er líka nátengd viðskiptasamvinnunni, bæði tvíhliða og innan ramma áætlana Evrópusambandsins. Þetta snýst ekki aðeins um að efla enn frekar samstarfið á vísindasviðinu, heldur einnig betri nýtingu gagnkvæmra tækifæra á sviði menntunar, í þágu beggja landa.

Menningarleg tengsl milli Þýskalands og Íslands hafa alltaf haft mikla þýðingu. Sérstaklega eru tengslin sterk á sviði bókmennta og tónlistar. Vissir þú að Halldór Laxness skrifaði undir sinn fyrsta samning við erlendan útgefanda árið 1932, við Insel-forlagið í Leipzig fyrir útgáfuna á Sölku Völku? Meðal margra tónskálda sem sóttu sér innblástur í Þýskalandi og mótaði á sama tíma tónlistarlífið á Íslandi, vil ég nefna sérstaklega Atla Heimi Sveinsson, sem sem lést fyrir nokkrum vikum. Listamenn eins og Ólafur Elíasson og Víkingur Heiðar Ólafsson standa í dag fyrir líflegri menningarmiðlun í löndum okkar. Það er aðeins vegna plássleysis að ég fer hér ekki út í að rekja hlutverk íþrótta í menningarsamskiptum okkar.




Að lokum verð ég að nefna hóp um 180 Þjóðverja sem komu til Íslands fyrir réttum 70 árum til starfa í íslenskum landbúnaði. Næstu ár þar á eftir komu fleiri Þjóðverjar og verulegur fjöldi þeirra, aðallega konur, settist að og stofnaði fjölskyldur. Ísland bauð þeim ný heimkynni og þetta fólk varð mjög sérstakir brúarsmiðir milli landa okkar. Sögurnar eru margar og merkar sem þessu tengjast, og þýski forsetinn og eiginkona hans munu heyra í nokkrum sögupersónunum á meðan á heimsókn þeirra stendur. Þeir sem eiga leið um hringtorgið á Granda á næstu dögum munu uppgötva mjög ljóðræna veggmynd um sögu þýsku kvennanna (og karlanna), málaða af listakonum frá Berlín og Manchester, sem allar tengjast Museum für Gegenwartskunst Urban Nation í Berlín. Ég býð einnig lesendum að heimsækja sýningu þýska ljósmyndarans Marzenu Skubatz „Heima / t“ í Árbæjarsafni, en hún verður opnuð á miðvikudaginn.

Hin aldalanga saga Íslands og Þýskalands, Íslendinga og Þjóðverja, heldur áfram.

# Reykjavíkurlistinn 25 ára



**Dagur B. Eggertsson**
borgarstjóri Reykjavíkur

Í dag eru 25 ár liðin frá því að Reykjavíkurlistinn tók við stjórn Reykjavíkurborgar. Það var á þessum degi fyrir aldarfjórðungi þegar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir varð borgarstjóri og ferskir vindar léku um Ráðhús Reykjavíkur. Reykjavíkurlistinn var framboð félagshyggjufólks sem upphaflega kom úr fjórum mismunandi stjórnmálaflokkum. Það var ungt fólk og grasrót flokkanna sem gerði Reykjavíkurlistann að veruleika. Stjórnmálamenningin sem framboðið skapaði grundvallaðist á umræðustjórnmálum. Það reyndist styrkur en ekki veikleiki að leita lausna og samkomulags með samtali og samráði í stað valdboðs. Framboðið bauð fram og sigraði í þrennum borgarstjórnarkosningum og gjörbreytti borginni og pólitísku landslagi í landinu. Flokkarnir sem að baki voru náðu hins vegar ekki saman um sameiginlegt framboð árið 2006 og var Reykjavíkurlistinn því lagður niður án þess að tapa nokkurn tímann kosningum.

Ég skora á alla sem muna árið 1994 að hugsa til baka til borgarinnar eins og hún var þá. Reykjavíkurlistinn færði borgina til nútímans. Á fyrstu tveimur kjörtímabilum hans jókst hlutfall barna með leikskólapláss í Reykjavík úr 30% úr 80%. Þetta var einfaldlega bylting. Hlutur kvenna í stjórnunarstöðum óx úr 10% 1994 í 50% 2002. Launamunur kynjanna var varla til sem hugtak. Í tíð Reykjavíkurlistans var hann kortlagður og gripið til aðgerða svo hann dróst markvisst saman. Kvenfrelsi og femínismi varð sjálfsagður meginstraumur í stjórnmálunum.

Umhverfismál fengu aukna athygli, strandlengjan var hreinsuð og hafin lagning hjólastíga. Stefnunni var sveigt frá bílaborg að grænni lífsgæðaborg. Grunnskólinn var einsetinn. Reykjavíkurlistinn kom upp skólamötuneytum með heitum mat í hverjum skóla sem þekktust ekki áður. Frístundaheimili eftir skólatíma voru stofnuð og breiddust út um alla borg. Á fáum sviðum hefur uppbyggingin verið jafn umfangsmikil og á íþróttasviðinu, hvort sem litið er á íþróttahús, gervigrasvelli, fimleikaaðstöðu eða sund. Börn voru sett í fyrsta sæti og forvarnir ungs fólk í forgang. Gríðarlegur árangur náðist.

Reykjavíkurlistinn gjörbreytti þjónustu við borgarbúa, efldi velferðarþjónustu og færði hana nær íbúum með því að setja upp þjónustumiðstöðvar í öllum hverfi og stofnun hverfaráða. Með nútímavæðingu borgarinnar og gagngerri tiltekt breytti Reykjavíkurlistinn borgarkerfinu þar sem skýrum leikreglum var fylgt og fagleg



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri á fyrsta vinnudegi. Jón G.Tómasson skrifstofustjóri tekur á móti henni.

**Borgin hefur aldrei verið eins skemmtileg, fjölbreytt, kraftmikil og eftirsótt.**

vinnubrögð voru iðkuð. Gagnsæjar leikreglur og útboð komu í stað flokksskírteina. Síðast en ekki síst var grettistaki lyft í menningarmálum með Listasafni Reykjavíkur, Hörpu og eflingu menningarstofnana borgarinnar. Hnignun miðborgarinnar var snúið við, aðdráttarafl borgarinnar aukið og borgarbragurinn er orðinn alþjóðlegri.

Við þessi tímamót í íslenskri stjórnmálasögu er vert að staldra við. Á þeim 25 árum frá því að Ingibjörg Sólrún tók við lyklunum að ráðhúsinu hefur Reykjavík vaxið og dafnað hraðar og er nú öflugri en nokkru sinni. Borgin hefur aldrei verið eins skemmtileg, fjölbreytt, kraftmikil og eftirsótt. Reykjavík er grænni en nokkru sinni, framsæknari og réttlátari. Þetta eigum við frumkvöðlunum sem stóðu að stofnun Reykjavíkurlistans að þakka. Til hamingju með daginn!

# PIER

# ÚTSALA 30-70%

## AF VÖLDUM VÖRUM

KORPUTORG OG SELFOSS

# RÝMINGARSALA Á SMÁRATORGI

# 40-70%

## AFSLÁTTUR*

**SUMARVÖRUR**
**30-70% AFSLÁTTUR**

**MATARSTELL OG GLÖS**
**50% AFSLÁTTUR**

A WORLD OF INSPIRATION
PIER
BRINGING IT HOME

**www.pier.is**

Gildir 13. júní - 19. júní. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

| SMÁRATORG | KORPUTORG | SELFOSS |
|---|---|---|
| LAU. OG SUN. 10-18 | LAU. OG SUN. 12-18 | LAU. OG SUN. 10-18 |
| VIRKIR DAGAR 11- 18:30 | VIRKIR DAGAR 11- 18:30 | VIRKIR DAGAR 11- 18:30 |

# Alvarlegur feill ríkisstjórnarinnar að láta WOW falla



**Ole Anton Bieltvedt**
alþjóðlegur kaupýslumaður og stjórnmálarýnir



Helgi Magnússon mun vera einn reyndasti athafnamaður landsins. Fyrst vann hann með ýmsum landsþekktum fyrirtækjum sem endurskoðandi, síðan rak hann allmörg fyrirtæki – svo sem Hörpu – upp á eigin spýtur, og loks varð hann formaður Samtaka iðnaðarins, formaður Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og sat í bankaráðum og stjórnum ýmissa stórfyrirtækja.

Í nýútkominni ævisögu sinni, segir Helgi m.a. þetta:

„Mér hefur sýnst að þeir sem hafa reynslu af rekstri fyrirtækja nálgist oft störf sín í stjórnum með öðrum hætti en hinir. Það er mikilvæg reynsla að hafa þurft að bera ábyrgð á daglegum rekstri eins og að hafa fólk í vinnu, tryggja að tekjur séu meiri en útgjöld, eiga fyrir launum um mánaðamót, eiga fyrir virðisaukaskatti og öðrum opinberum gjöldum á réttum tíma ...“

Án þessarar eigin reynslu, telur Helgi, að menn hafi ekki mikið til málanna að leggja í stjórn stærri fyrirtækja og samtaka, og, að góðir vitsmunir og há menntun dugi ekki ein og sér.

Undirritaður og sennilega ýmsir aðrir, sem við stjórnun og fyrirtækjarekstur hafa fengizt, munu taka undir þetta.

Stærsta fyrirtæki landsins er íslenzka ríkið. Þeir þrír, sem þar eru helzt í fyrirsvari, eru bókmenntafræðingur, lögfræðingur og dýralæknir; allt gott fólk og fært á sínu sviði – með meiri eða minni reynslu úr stjórnmálum – en aldeilis reynslu- og kunnáttulítið í stjórnun og rekstri fyrirtækja, nema þá helzt lögfræðingurinn, sem þó virðist hafa lent í nokkrum sviptingum og áföllum í sinni aðkomu að rekstri. Hann er reyndar ekki einn um það.

Skyldi eitthvert hinna stærri fyrirtækja landsins hafa óskað sérstaklega eftir veru þessa fólks í stjórn sinni? Spurning, en svona virkar lýðræðið oft; það er ekki alltaf skilvirkt.

Í augum undirritaðs voru það mikil grundvallarmistök ríkisstjórnarinnar að láta WOW fara í gjaldþrot. Víðtækar og alvarlegar afleiðingar gjaldþrotsins koma betur og betur í ljós. Það er gott að vera vitur eftir á, kunna menn að segja, en það á ekki við hér; þetta mikla og alvarlega bakslag, í hinu margvíslegasta formi, var fyrirfram augljóst og óhjákvæmilegt.

Eitt er brottfall starfa hjá WOW og þjónustuaðilum þeirra, um 2.500 manns, sem er feikilegur hlutfallslegur fjöldi hér – jafngildir 42.000 manns í Danmörku og yfir 580.000 manns í Þýzkalandi – en flest þetta fólk fer úr því að vera gildir skattgreiðendur í það að verða atvinnuleysisbótaþegar; tvöföld neikvæð áhrif.

Annað eru hin víðtæku óbeinu, neikvæðu áhrif, sem í lok dags munu ná til flestra króka og kima samfélagsins, en við vorum komin á það stig með ferðaþjónustuna, að hún stóð undir um helmingi gjaldeyristekna þjóðarinnar, og WOW flutti nær þriðjung allra ferðamanna til landsins.

Við blasir, að fjöldi ferðamanna gæti farið úr um 2,5 milljónum, sem hefði getað orðið, niður í um 2,0 milljónir manna í ár, vegna falls WOW. Miðað við, að 2,5 milljónir ferðamanna skili um 500 milljörðum í gjaldeyristekjum, gætu gjaldeyristekjur vegna brottfalls WOW kostað þjóðarbúið 100 milljarða á 12 mánaða skeiði.

Þessi gífurlega tekjuskerðing mun bitna á rútuekstri og fólksflutningum, leigubílaakstri, veitingastöðum og hótelum, verzlanarekstri svo og hvers konar starfsemi og þjónustu, að ógleymdri gistiþjónustu bænda, um allt land.

Starfsmenn þessara greina munu hafa minna úr að spila og þar með greiða minni skatta, kaupa minni þjónustu og varning, sem aftur rýrir tekjur af virðisaukaskatti, bensíni, áfengi, o.s.frv.

Mátti öllum vera fyrirfram ljóst – ekki sízt ríkisstjórninni – að úr falli WOW yrði mikill og víðtækur efnahagslegur vítahringur, sem myndi ná – beint eða óbeint – til flestra landsmanna.

**Í mínum augum var þetta einfalda prinsipp ríkisstjórnarinnar, að setja ekki skattfé í WOW, út í hött.**

Hjá ríkisstjórninni var viðkvæðið: Við viljum ekki taka skattfé til styrktar eða björgunar einkafyrirtæki. Svo einfalt var það. Það er gott að hafa prinsipp, en hvert eitt mál hefur sína sérstöðu, og verður að skoðast skv. því. Alhæfingar eru hættulegar.

Menn get sagst stefna norður, og staðið við það, en það þarf ekki að þýða, að ekki megi taka hlykk til vestur eða austurs – jafnvel til baka til suðurs – til að finna beztu leiðina norður. Í mínum augum var þetta einfalda prinsipp ríkisstjórnarinnar, að setja ekki skattfé í WOW, út í hött.

Sé eingöngu litið til 1.100 beinna starfsmanna WOW, þá munu þeir að meðaltali hafa greitt um 3,0-4,0 milljónir króna í beina skatta á ári, eða um 4 milljarða.

Ef tveggja ára skattfé starfsmanna WOW, 6-8 milljarðar, hefði verið sett til bjargar WOW, t.a.m. með vel skilyrtri ríkisábyrgð – en stjórn félagsins var þá þegar búin að gera viðamiklar lagfæringar á rekstrinum – væri rekstur þess enn í fullum gangi, skattgreiðslur starfsmanna þá líka, hagvöxtur hér í stað samdráttar og fjármálaáætlun ríkisins, frá í marz, enn í fullu gildi.

# Barist fyrir norskum hagsmunum



**Jón Kaldal**
meðlimur í Íslenska náttúruverndarsjóðnum, Icelandic Wildlife Fund

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) heyja nú harða baráttu fyrir því að sjókvíaeldisfyrirtækin á Íslandi greiði sem allra minnst fyrir nýtingu hafsvæða í eigu þjóðarinnar. Helst vilja samtökin að þau greiði ekki neitt, eins og má til dæmis sjá í nýlegri umsögn þeirra til Alþingis vegna fyrirhugaðrar lagasetningar. Í þessari hagsmunabaráttu gengur SFS erinda moldríkra norskra laxeldisrisafyrirtækja sem eiga sjókvíaeldisfyrirtækin hér á landi að langstærstu leyti.

Ólíkt því sem gildir um íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru engar takmarkanir á eignarhaldi erlendra aðila á fiskeldisfyrirtækjum. Þegar losað var um þær takmarkanir í atvinnurekstri fyrir nokkrum árum komu fram ábendingar um mikilvægi þess að verja íslenska hagsmuni með því að festa í lög ramma um nýtingu auðlinda. Benti meðal annars Viðskiptaráð Íslands á þetta grundvallarmál í aðdraganda þess að lögunum var breytt. Mikilvægt er að átta sig á því að málið snýst um sanngjarnt gjald fyrir notkun á afmörkuðum hafsvæðum sem tilheyra sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Þetta eru takmörkuð og mjög eftirsótt gæði sem hafa fyrir vikið ákveðið verðgildi. Tillaga SFS um að útdeila þessum verðmætum án þess að eigendur þeirra, íslenska þjóðin, fái endurgjald nær engri átt.

Af hverju á að gefa norskum risafyrirtækjum þessi afnot hér? Norðmenn hafa ekki innheimt

**Af hverju á að gefa norskum risafyrirtækjum þessi afnot hér?**

auðlindagjald en þar fær þjóðin hins vegar greiddar háar upphæðir fyrir ný leyfi. Á uppboði norskra stjórnvalda í fyrrasumar var lágmarksverð 1,7 milljónir íslenskra króna fyrir hvert tonn í sjókvíaeldi og fór hæst í rúmlega þrjár milljónir króna. Hér kosta ný leyfi ekki neitt.

Ef norsku fyrirtækin hefðu þurft að kaupa þessi leyfi á heimamarkaði hefðu þau þurft að greiða 100 til 180 milljarða íslenskra króna fyrir sambærilegt magn og stjórnvöld hafa deilt út frítt hér. Eignarhlutar í íslenskum sjókvíaeldisfyrirtækjum ganga nú þegar kaupum og sölum fyrir feikilega háar upphæðir. Söluvaran er fyrst og fremst afnot af sameign þjóðarinnar, sem fær hins vegar ekkert fyrir sinn snúð, ef farið verður að vilja SFS.

# Forvarnir hefjast heima



**Sigríður Björnsdóttir**
verkefnastjóri hjá Barnaheillum

Yfir sumartímann þegar börn eru í fríi frá skóla sækja þau gjarnan ýmiss konar námskeið sér til dægrastyttingar. Þegar foreldrar og börn velja námskeið eru nokkur atriði sem hafa ætti í huga.

Í fyrsta lagi ættu að liggja fyrir greinargóðar upplýsingar um námskeið, ýmis hagnýt atriði og um starfsfólk hjá félögum og öðrum sem bjóða upp á námskeið eða svipaða þjónustu fyrir börn og ungmenni. Ef slíkar upplýsingar eru ekki aðgengilegar á vefsíðu eða annars staðar ættu foreldrar að spyrja eftirtalinna spurninga:

- Hvers konar aðgerðaáætlun er til staðar ef upp kemst um ofbeldi á börnum?
- Hvernig eru starfsmenn og sjálfboðaliðar þjálfaðir til að vernda börn gegn kynferðislegu ofbeldi?
- Hvaða starfsreglur gilda varðandi einveru fullorðinna starfsmanna með börnum?

Í öðru lagi ættu foreldrar og forsjáraðilar að endurskoða kaup á þjónustu frá viðkomandi aðila ef ekki fást fullnægjandi svör við ofangreindum spurningum. Foreldrar eru ekki með börnum sínum allan daginn og geta ekki verið á verði. Þess vegna er nauðsynlegt að þeir séu meðvitaðir um í hvernig aðstæðum kynferðisofbeldi á sér stað, séu upplýstir og sendi börn sín ekki á staði þar sem þau eru ekki örugg.

Forvarnir hefjast heima með því að foreldrar kenna barni sínu að setja mörk og þekkja merki um það þegar þau eru ekki virt. Áður en kemur að því að þú skiljir barnið þitt

**Ef samskipti við einstakling vekja ónotatilfinningu hjá þér eða barni þínu ættir þú ekki að skilja barnið þitt eftir í slíkum aðstæðum.**

eftir í umsjón annarra er mikilvægt að þú hafir rætt opinskátt við barnið um forvarnir gegn kynferðisofbeldi. Hafir frætt það um jákvæð og neikvæð samskipti og snertingu þannig að það geri sér grein fyrir því þegar farið er yfir mörkin og segi frá þegar farið er yfir þau. Það er einnig mikilvægt að barnið fái skýr skilaboð um að það geti og eigi að segja „nei“, eða „ég vil þetta ekki“ ef því finnst snerting eða samskipti óþægileg.

Taktu mark á eigin innsæi. Ef samskipti við einstakling vekja ónotatilfinningu hjá þér eða barni



þínu ættir þú ekki að skilja barnið þitt eftir í slíkum aðstæðum. Þú gætir rætt þetta við aðra foreldra og kannað hvort þeir séu á sama máli. Ef barnið segir þér að því líði skringilega í kringum tiltekinn einstakling þá er mikilvægt að hlusta á barnið og gera viðeigandi ráðstafanir.

Til að ganga úr skugga um að öryggi barns sé tryggt þegar það er í umsjá annarra er mikilvægt að spyrja barnið um líðan og annað þegar það er sótt eða kemur heim. Spyrja ætti spurninga á borð við: Hvernig leið þér? Hvað voru þið að gera? Með hverjum voruð þið?

Þegar við erum meðvituð höfum við skýr markmið um hvernig við ætlum að vernda barnið okkar og hegðum okkur í samræmi við það.




Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga lokað
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

## Leigðu rafskutlu

Við bjóðum upp á einstaklega þægilegar rafskutlur frá Shoprider sem henta vel við íslenskar aðstæður. Bjóðum einnig upp á leigu á hjólastólum, göngugrindum og mörgu fleira.

Þú getur náð í rafskutluna til okkar og einnig getum við sent hana heim til þín gegn vægu sendingargjaldi.



HJÁLPARTÆKJALEIGA SJÁLFSBJARGAR
Mobility Equipment Renting

Opnunartími
10:00 – 15:00 virka daga - lokað um helgar
Heimilisfang: Hátún 12, 105 Reykjavik, Iceland
Sími: 5500-118
hjalpartaeki@sjalfsbjorg.is | www.hjalpartaeki.is




Hver er toppurinn á þínu sumri?

emmessis




# Akstur og aldraðir




Arna Rún Óskarsdóttir
öldrunarlæknir



Linda Aðalsteinsdóttir
iðjuþjálfi



Ragnheiður Halldórsdóttir
lyf- og öldrunarlæknir



Sigrún V. Heimisdóttir
sálfræðingur


Að aka bíl felur í sér frelsi og sjálfstæði að margra mati. Þegar aldurinn færist yfir geta þó verkefni sem áður voru einföld orðið krefjandi og flókin. Heilbrigðir aldraðir eru almennt góðir ökumenn og búa yfir reynslu. Þeir valda þegar á heildina er litið fáum banaslysum. Erlendar rannsóknir sýna þó að miðað við fjölda slysa á hvern ekinn kílómetra valda aldraðir mun fleiri banaslysum og verða sjálfir fyrir alvarlegri áverkum en yngri ökumenn.

Ýmsar breytingar verða með hækkandi aldri. Sjón og heyrn daprast, viðbragð verður hægara auk þess sem vöðvastyrkur og samhæfing hreyfinga skerðist. Sjúkdómar eru einnig algengari, t.d. heilabilunarsjúkdómar og samhliða sjúkdómum fylgir oft aukin lyfjanotkun. Við flóknari athafnir eins og akstur verður erfiðara að viðhalda einbeitingu og athygli.

Skýrar reglur gilda um veitingu ökuskírteinis og er ökumönnum gert að sanna akstursfærni sína með prófi að loknu námi. Í 48 gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, er fjallað um hverjum má veita ökuskírteini og segir þar að viðkomandi skuli sjá og heyra nægilega vel og vera að öðru leyti nægilega hæfur andlega og líkamlega. Í III. viðauka við reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini er fjallað nánar um lágmarkskröfur um andlega og líkamlega hæfni til að stjórna vélknúnu ökutæki. Í viðaukanum er kveðið á um að umsækjanda skuli gert að fara í læknisskoðun ef í ljós kemur að hæfni er skert af læknisfræðilegum ástæðum. Þar er fjallað nánar um heilbrigðisskilyrði er varða sjón, heyrn, hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki, taugasjúkdóma, flogaveiki, geðtruflanir, nýrnasjúkdóma og áfengisnotkun, notkun ávana- og fíkniefna auk læknislyfja.

Við 70 ára aldur þarf að endurnýja ökuréttindi og umsækjandi sem orðinn er 65 ára eða eldri þarf að framvísa læknisvottorði þegar sótt er um endurnýjun. Vottorðseyðublaðið sem er notað er takmarkað þar sem það gefur ekki nægar upplýsingar um þá andlegu og líkamlegu færni sem nauðsynleg er fyrir akstur. Taka þarf vottorðið til endurskoðunar í samræmi við gildandi reglugerð.

Hérlendis er ekki til samræmt verklag við mat á akstursfærni aldraðra. Íslendingar eru eftirbátar Norðurlandaþjóða, Kanada og Bretlands í þessum efnum. Frumvarp til breytinga á umferðarlögum hefur lengi verið í smíðum og var lagt fyrir á Alþingi í vetur. Það var nýverið til umfjöllunar hjá umhverfis- og samgöngunefnd þingsins og því mikilvægt að skapa umræður um framgang þessara mála einmitt nú.

Við grun um heilabilunarsjúkdóm og við endurhæfingu eftir heilaskaða getur leikið vafi á akstursfærni. Aðstandendur hafa oft áhyggjur af akstri þessara einstaklinga. Vorið 2017 var stofnað þverfaglegt teymi við Sjúkrahúsið á Akureyri (SAk) í þeim tilgangi að þróa verklag við mat á akstursfærni aldraðra. Í teyminu starfa iðjuþjálfi, sálfræðingur og öldrunarlæknar auk annarra sérfræðinga eftir þörfum. Við þróun verklags var notast við gagnreyndar aðferðir og erlendar rannsóknir. Einnig var horft til verklags í öðrum löndum og fræðsla m.a. sótt til Karolinska sjúkrahússins í Stokkhólmi.

Teymið hefur aðallega metið akstursfærni einstaklinga með heilabilun og þeirra sem hafa fengið heilaáföll. Flestar tilvísanir berast úr heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og minnismóttöku SAk en hafa einnig borist frá öðrum læknum og lögreglu. Matið felur í sér viðtal og skoðun öldrunarlæknis og eftir atvikum taugasálfræðilegt mat sálfræðings og færnimat hjá iðjuþjálfa. Ef þurfa þykir fer fram verklegt ökumat á vegum úti með iðjuþjálfa og ökukennara sem er í samvinnu við teymið. Teymið tekur ákvörðun um akstursfærni einstaklings með hliðsjón af niðurstöðum prófanna og ákveður hvernig eftirfylgni skuli háttað. Á árinu 2018 komu 46 einstaklingar til mats hjá ökumatsteyminu. Þar af var 25 ráðlagt að hætta akstri.

**Margir aldraðir velta fyrir sér hvenær rétt sé að hætta akstri og mikilvægt er að jafnræðis sé gætt við mat á því.**

Teymið kynnti drög að verklagi fyrir fagfólki á minnismóttöku á Landakoti og flutti erindi á Læknadögum 2019. Ljóst er af umræðum í kjölfarið að þörf er á frekari þróun samræmds verklags og stefnt að samvinnu við LSH um það. Verklagið hefur einnig verið kynnt fulltrúum Samgöngustofu, Embættis landlæknis og Sýslumannsembættisins á Norðurlandi eystra.

Með þessari grein viljum við vekja almenning til umhugsunar um öryggi aldraðra í umferðinni. Margir aldraðir velta fyrir sér hvenær rétt sé að hætta akstri og mikilvægt er að jafnræðis sé gætt við mat á því. Það er til hagsbóta fyrir lækna að geta stuðst við samræmt verklag við slíkt mat. Við teljum styrk í að vinna matið þverfaglega og eftir viðurkenndum aðferðum.

# Fólk

## Tíska

FIMMTUDAGUR 13. JÚNÍ 2019



**Þótt saga kvenna í íþróttum hafi byrjað á 19. öld urðu fyrstu íþróttatopparnir ekki til fyrr en árið 1977.** →6







Jenný Sulollari er heilluð af kvenlegum fatnaði og klæðist hér ljósbleikum samfestingi með hvíta slá yfir axlirnar frá Comma. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Veik fyrir hvítum klæðum

Albanska fegurðardísin Jenný Sulollari er með kvenlegan, fágaðan fatastíl. Í sumar dreymir hana um meiri golfkennslu hjá kærastanum og ömmuknús í Albaníu. →2



**Jenný á stórt kjólasafn en segir íslenskt veðurfar ekki bjóða upp á marga kjóladaga. Hún er sumarið holdi klætt í þessum blómlega kjól sem hún keypti í Bandaríkjunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Framhald af forsíðu** ➜

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Jenný Sulollari er 25 ára nemi í viðskiptafræði við HÍ. Hún elskar útiveru og fjallgöngur og hefur yndi af því að fara í jóga. Meðfram náminu starfar Jenný hjá JCC sem er bakvinnslufyrirtæki fyrir fjármálafyrirtækin.

*Ertu áhugasöm um tískuna?*

Já, ég spái alveg mikið í tískuna. Ég fylgist gjarnan með því sem er að gerast í tískuheimnum og hvaða tískubylgjur og trend eru í gangi.

*Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?*

Hann er frekar klassískur og þægilegur. Ég elska að vera í fallegum kjólum og á gott kjólasafn en það getur orðið svolítið strembið að vera í þeim á Íslandi þar sem veðrið leyfir það sjaldnast.

*Eyðir þú miklu í föt?*

Ég er námsmaður og eyði því ekki miklu í föt, en þegar ég kaupi mér flík reyni ég að velja vandaða og dýrari flík sem endist lengur.

*Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?*

Ég er sjúk í hvítan fatnað og á það til að kaupa margar sambærilegar hvítar flíkur.

*Notar þú fylgihluti og skart?*

Nei, ég nota lítið af fylgihlutum en á mér uppáhaldshálsmen sem ég nota oft. Það er vatnsberamerkið sem lýsir mér vel og er mér kær gjöf frá kærastanum.

*Hvar kaupir þú fötin þín?*

Ég kaupi flest mín föt í Comma í Smáralind og svo á ég það til að versla á netinu. Nýjasta flíkin sem ég keypti er ljósbleikur og sumarlegur samfestingur frá Comma og hvít slá sem er í algjöru uppáhaldi.

*Hver er tískufyrirmyndin?*

Ég á enga sérstaka tískufyrirmynd en mér þykir mjög skemmtilegt að sjá fólk sem líður vel í því sem það klæðist og ber það vel.

*Hvað viltu að stíllinn segi um þig?*

Að ég sé snyrtileg, kvenleg og fáguð.

*Í hvaða ferðu þegar þú vilt stela senunni?*

Eitthvað sem mér líður vel í og helst í ljósum litum.

*Hver er uppáhaldsflíkin í skápnum?*

Sumarlegur kjóll með doppum sem ég keypti fyrir tveimur árum í Comma.

*Hver gaf þér besta ráðið þegar kemur að tísku?*

Besta tískuráðið fékk ég frá ömmu minni og það er að vera samkvæm sjálfri mér og klæða mig eftir því sem mér líður best í.

*Hvað er það dýrasta sem þú hefur nokkru sinni keypt þér á kroppinn?*

Það dýrasta sem ég hef keypt mér er ljósbleikur síðkjóll sem ég var í þegar ég keppti í Miss Universe Iceland árið 2017.

*Hvað er fram undan hjá þér í sumar?*

Að njóta íslenska sumarsins og náttúrunnar. Í því felst undirbúningur fyrir Reykjavíkurmaraþon, fjallgöngur, útivera og útilegur og svo er ég að reyna fá kærastann minn sem er golfkennari til að kenna mér meira í golfi. Það er einnig í kortunum að fara til Ítalíu í sumarlok. Þá mundi ég byrja í Mílanó og enda á Amalfi en þaðan er stutt yfir á heimaslóðir til að heimsækja ömmu mína sem býr í Albaníu.



**Síður og glæstur blómakjóll úr uppáhaldsbúðinni hennar Jennýjar.**



**Hér nýtur Jenný sumarsins í litríkum buxum og jakka úr Comma.**

> **Ég á uppáhaldshálsmen með stjörnumerkinu mínu, Vatnsberanum. Ég hef mikinn áhuga á stjörnuspeki og finnst merkið lýsa mér vel. Arnar, kærastinn minn, gaf mér það og þess vegna þykir mér vænt um það.**


MOS MOSH
20%
afsláttur af
MOS MOSH
Fimmtudag 10-18
Föstudag 10-18
Laugardag 10-16
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Hátísku Íslandsvinur

Íslandsvinurinn Irina Shayk hefur gengið eftir tískupöllunum í fjölmörg ár enda talin vera ein fegursta kona heims og með puttana á tískupúlsinum.


Á tískupallinum í Mílanó þar sem hún sýndi fyrir Versace og vakti eðlilega mikla athygli.


Róleg á götum Los Angeles þar sem þau hjónakornin bjuggu. Í öllu svörtu en samt svo falleg eins og alltaf.


Bradley Cooper og Irina Shayk virtust hamingjusöm þegar þau komu á Óskarsverðlaunahátíðina í febrúar. En nú er úti ævintýri og leitaði hún sér huggunar hér á landi. NORDICPHOTOS/GETTY


Á BAFTA-hátíðinni birtist hún í glæsilegum jakkafötum án þess að vera í nokkru undir.


Þegar nýjasti ilmur Jean Paul Gaultier, Scandal à Paris, var markaðssettur sýndi Shayk sína heimsfrægu og þokkafullu leggi. Shayk er andlit ilmsins frá Gaultier.


Eftir tískuvikuna í Mílanó skellti hún sér aðeins út í borgina í þessum lekkera ljósbrúna leðurjakka.


Á götum Manhattan á leið í kvöldmat. Rauðklædd og rosaleg.


Shayk mætti á Met Gala hátíðina í Metropolitan safninu í Burberry-kjól sem Riccardo Tisci hannaði. Hanskar og skart settu punktinn yfir I-ið og bættu um betur.



SMART SUMARFÖT, FYRIR SMART KONUR
NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS
My Style tískuhús
my style
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464



Cherry Berry
Kvartbuxur
Kr. 4.990.-
Str. 38-50


8 litir:
hvítt, svart, bleikt
dökkblátt, mosagrænt,
ljós grátt, beige, rautt
Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030


SHIMANO
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
Rolf PRIMA
TRI
TRI VERSLUN
TRI VERKSTÆÐI
TRI VEFVERSLUN
FULCRUM
STAGES CYCLING
CUBE FERÐAHJÓL
WWW.TRI.IS
CUBE STEREO
CUBE ATTAIN
CUBE AIM "27.5
CUBE RAFMAGNSHJÓL
ParkTool
ParkTool
CUBE FJALLAHJÓL
TRI VERSLUN
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími:571 8111 Netfang: info@tri.is
DT SWISS
DT SWISS
SPORTVER Akureyri
Vaskur Egilsstaðir
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

# Íþróttatoppar eiga ekki að vera kynferðislegir

Þó að saga kvenna í íþróttum hafi byrjað á 19. öld urðu fyrstu íþróttatopparnir ekki til fyrr en árið 1977.

Sólrún Freyja Sen
solrunfreyja@frettabladid.is



Þetta kemur fram í grein á vef The Guardian. Á áttunda áratug síðustu aldar var skokk nýkomið í tísku. Ung kona sem starfaði við háskólann í Vermont, Lisa Lindahl, hafði nýtekið upp á því að fara út að hlaupa daglega, sem hún naut að mestu. „Ég elskaði það fyrir utan óþægindin af því að brjóstin hossuðust.“ Vegna þess ákváðu hún og vinkona hennar Polly Palmer-Smith búningahönnuður að búa til brjóstahaldara sem væri þrengri en venjulegir, með böndum sem væru nógu þykk til að brjóstahaldarinn væri samt ekki óþægilegur. Úr varð fyrsti íþróttatoppurinn, búinn til úr tveimur pungbindum saumuðum saman.

## Mjúkir magabolir virka ekki

Fyrsta auglýsingin fyrir vöruna var mynd af Lindahl og Palmer-Smith í íþróttatoppunum, með heimilisfangi og símanúmeri Lindahl fyrir pantanir.

Í dag er virði íþróttatoppamarkaðarins talið vera um 770 milljarðar íslenskra króna árlega. Á þeim markaði má þó líka finna toppa sem sýna að kvennaíþróttum er tekið af lítilli alvöru. Mjúkir magabolir með engum stuðningi fyrir brjóstin fyrir utan sentimetra af teygjanlegu efni utan um brjóstkassann uppfylla ekki þann tilgang að minnka hreyfingu á brjóstum, heldur eitthvað allt annað. Þó að sumir íþróttatoppar líti íþróttalega út þá þýðir það ekki að þeir henti íþróttaiðkendum.

## Var í tveimur íþróttatoppum

Í ár eru hins vegar íþróttatoppar loksins hluti af opinberum búnaði keppenda í heimsmeistaramóti kvenna í fótbolta. Nike framleiðir íþróttatoppa fyrir 14 lið keppninnar. Áhersla er lögð á að íþróttatopparnir séu nauðsynlegur hluti af búnaði íþróttakvenna til að geta skarað fram úr.

Talskona hönnunardeildar Nike, Heaher Amuney-Day, segir að útlit innblásið af fótbolta sé „sterkt og frjálst, það stendur fyrir sjálfstraust og stolt“. Hún spáir því að íþróttakonur í dag muni hafa hvetjandi áhrif á stelpur úti um allan heim eins og hafi gerst árið 1999 þegar kvennalið Bandaríkjanna í fótbolta fór með sigur af hólmi á heimsmeistaramóti og orsakaði sprengju í þátttöku stelpna í íþróttum árin á eftir.

Eartha Pond byrjaði að spila fótbolta þegar hún var níu ára. Nokkrum árum seinna fór líkaminn að þroskast hratt og áður en hún vissi af var íþróttatoppur orðinn nauðsynlegur á æfingum. „Stundum var ég í tveimur íþróttatoppum, með púðum og böndum til að geta liðið þægilega. Ef ég gleymdi toppnum þá var ekki séns á að ég gæti tekið þátt.“

Pond spilaði fyrir bæði Chelsea og Arsenal áður en hún gerðist íþróttakennari, og þá fyrst fór hún að taka eftir dræmri þátttöku stelpna í íþróttatímum. „Ég reyndi að finna hverjar hindranirnar voru og þá komu íþróttatopparnir upp aftur og aftur.“ Ein stelpa sagði henni að mamma hennar hefði ekki efni á íþróttatoppi. Aðrar sögðu að íþróttatoppar væru ekki á lista yfir fatnað sem tilheyrði skólabúningnum og því erfitt fyrir þær að biðja um slíkan.

## Brjóst eiga skilið virðingu

Í dag hvetur Pond íþróttamerki til að niðurgreiða íþróttatoppa fyrir unglingsstelpur sem þurfa á þeim að halda og berst fyrir því að íþróttatoppar séu á lista yfir nauðsynlegan búnað í námi. Ef fólki er alvara með þá kröfu að allir nemendur taki þátt í íþróttum, þá verði að koma til móts við stelpur með þessum hætti.

Á meðan fjárfesting í framþróun íþróttatoppsins hefur augljóslega mikið með nauðsynleg þægindi fyrir íþróttakonur að gera, þá er auk þess verið að senda þau skilaboð að brjóst eigi líka skilið virðingu með ókynferðislegum og óhlutgerandi hætti. Reebok notaði tækni innblásna af NASA til að búa til PureMove íþróttatoppinn og Nike í samstarfi við háskólann í Loughborough gerði lífefnafræðilegar athuganir á kvenlíkömum á hreyfingu. Aðgerðir íþróttamerkja á borð við fyrrnefnda viðleitni Reebok og Nike til að þróa íþróttabúnað fyrir konur, senda ákveðin skilaboð um breytt viðhorf til kvenlíkamans.

Árið 2013 lét þáverandi framkvæmdastjóri undirfatamerkisins Victoria's Secret þau orð falla að engum líki það þegar íþróttatoppar láti konur líta út fyrir að vera alveg flatbrjósta. Pond segir hins vegar að „íþróttatoppar hafi það hlutverk að minnka hreyfingu á brjóstum. Fyrir íþróttamönnum er þetta í sama flokki og legghlífar og mér finnst að það ætti ekki að reyna að gera það kynferðislegt.“



Fitness-þjálfarinn Kira Stokes er hér í svörtum íþróttatoppi.



Íþróttatoppar eru ómissandi á æfingum og í keppnum. NORDICPHOTOS/GETTY

> Stundum var ég í tveimur íþróttatoppum, með púðum og böndum til að geta liðið þægilega. Ef ég gleymdi toppnum var ekki séns að ég gæti tekið þátt.
>
> Eartha Pond








LYKTAR EKKI
100% MERINO ULL
FYRIR UNGA FÓLKIÐ
HLÝRRI
Stingur ekki
Oasis Crewe barna
5.990 kr.
Oasis Leggings barna
5.990 kr.
Sphere Tank dömu
8.490 kr.
Away rennd hettupeysa dömu
25.990 kr.
Anatomica Rib Tank herra
7.990 kr.
Compass Shirt herra
19.990 kr.
icebreaker® MERINO
Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.
Amplify herra
9.990 kr.
Departure skyrta herra
18.990 kr.
Stingur ekki
Dregur ekki í sig lykt
Saumar sem koma í veg fyrir núning
Náttúruleg vörn gegn bakteríum
Fljótt að þorna
Hnökrar lítið sem ekkert
Þarf ekki ullarþvott, má þvo á 40°
Helix jakki m/hettu dömu
34.990 kr.
Helix jakki herra
31.990 kr.
100% Merino ull
Bolir, leggings, jakkar, sokkar, vettlingar, nærföt, skyrtur og húfur.
Fjölbreytt úrval lita og mismunandi þykktir
Oasis hálfrennd dömu
13.990 kr.
Quantum rennd hettupeysa dömu
23.990 kr.
Oasis Crewe herra 11.990 kr.
Quantum rennd hettupeysa herra
23.990 kr.
Everyday Cami dömu
6.990 kr.
Siren Tank dömu
6.990 kr.
Anatomica Zone Boxers herra
6.590 kr.
Zone Short dömu/herra
7.990 kr.
Oasis Legless dömu
10.990 kr.
Everyday leggings dömu/herra
9.990 kr.
Tech Lite dömu
9.990 kr.
Tech Lite herra
9.990 kr.
Tech Lite herra
10.990 kr.
Zone Crewe dömu
9.990 kr.
Zone hálfrennd dömu
11.990 kr.
Everyday Crewe dömu
9.990 kr.
Everyday hálfrennd herra
10.990 kr.
Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is
GG·sport
GG·sport
BYKO
„Finndu okkur á Facebook"

# Viddarnir í frumsýningarstuði

Tom Hanks var í miklu stuði þegar Toy Story 4 var frumsýnd í Kaliforníu á þriðjudag. Hann lék á als oddi með Vidda sínum, sem hann hefur túlkað síðan á því herrans ári 1995.

Leikararnir sem tala fyrir karakterana í Toy Story 4 komu saman á rauða dreglinum í vikunni þegar myndin var frumsýnd í Kaliforníu. Tom Hanks, sem hefur talað fyrir Vidda síðan fyrsta myndin var gerð 1995, var í frekar látlausum klæðnaði; svartri stuttermaskyrtu, gallabuxum og leðurstígvélum. Hann skartaði forláta gleraugum og brosti sínu breiðasta.

Sérstaka athygli vakti hve vel fór á með þeim félögum, honum og Vidda sjálfum, en þetta verður síðasta myndin í Toy Story-sögunni. Búist er við að Toy Story 4 hali inn 200 milljónir dollara um helgina þegar myndin verður frumsýnd.

Að sjálfsögðu var Tim Allen einnig á svæðinu en hann leikur Bósa ljósár og hefur gert síðan 1995. Þá birtust þau Keanu Reeves, Christina Hendricks, Jordan Peele, Annie Potts, Timothy Dalton og Joan Cusack svo nokkrir séu nefndir úr leikaraliðinu.

Toy Story-sagan hefur verið gríðarlega vinsæl. Flestir héldu að þriðja myndin yrði sú síðasta enda hafði verið sagt að Pixar og Disney væru ekki með þá fjórðu á teikniborðinu. En mikið vatn rann svo til sjávar og myndin hefur þegar fengið góða dóma og er nánast lofað að hörðustu aðdáendur felli tár í lokin.






Tom Hanks og Viddi, eða Woody eins og hann er kallaður á ensku, voru í góðu stuði í Kaliforníu.



Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is




Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.900,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

Leita að Mercedes Vario 4x4 van eða mini-bus.Uppl. í s 785-7822

### Fjórhjól

CFMOTO



**CFORCE 520**
**Bein innspýting, rafmagnstýri, spil, dráttarkrókur, hátt og lágt drif m/ læsingu, tveggja manna.**
**Lækkað verð!**
**Kr. 1.289.900,-**
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

### Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI**
Stórglæsilegt nýtt Hobby Landhaus til sölu
Einstakt hús með:Aldi hitun, 12V rafgeymum, Sturta, Salerni, Ískápur, Útvarp, Sjónvarp, Gólfteppi
Húsið er til afgreiðslu strax.
Verð með öllu 6.500.000 kr.
https://www.facebook.com/hjolhysi/
Sími 8634449

### Bátar

MARÁS
**TOHATSU**
**UTANBORÐSMÓTORAR**




**Léttir Fyrirferðalitlir Hljóðlátir**
**Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö**
**Miðhraun 13 - 210 Garðabær**
**Sími: 555 6444 - www.maras.is**

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagnaþjónustan oje 780-3939. Allt almennt viðhald og breytingar. Dren, frárennsli.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Sláttur, klippingar, úðun og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

**BÓKHALD.**
Get tekið að mér bókhald og uppgjör fyrir smærri fyrirtæki, og einstaklinga. Upplýsingar í síma 899-2042

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is







**Honda Civic Comfort**
Nýskráður 7/2017, ekinn 23 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Ásett kr. 2.790.000
Tilboð
kr. 2.490.000
Afborgun kr. 32.406 á mánuði



**Honda CR-V Elegance dísil**
Nýskráður 4/2017, ekinn 65 þús.km., dísel, sjálfskiptur 9 gírar.
Ásett kr. 4.190.000
Tilboð
kr. 3.790.000
Afborgun kr. 49.241 á mánuði



**Honda CR-V Executive**
Nýskráður 2/2015, ekinn 63 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð
kr. 3.690.000
Afborgun kr. 47.964 á mánuði



**Honda HR-V Comfort**
Nýskráður 11/2016, ekinn 86 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð
kr. 2.390.000
Afborgun kr. 31.111 á mánuði



**Honda CR-V Elegance**
Nýskráður 3/2007, ekinn 170 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð
kr. 890.000
Allt að 100% fjármögnun í boði

**BERNHARD**
**NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Tilkynningar

# Auglýsing um deiliskipulag í Kópavogi

**Kársnesskóli við Skólagerði. Deiliskipulag.**

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 11. júní 2019 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir nýjan Kársnesskóla við Skólagerði 8.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af húsagötunni Skólagerði og lóðarmörkum Skólagerðis 6 til suðurs, lóðarmörkum Skólagerðis 10 og Holtagerði 33 til vesturs, húsagötunni Holtagerði til norðurs og lóðarmörkum Holtagerðis 15, Hófgerðis 12, 14, 16 til austurs. Áætlað er að fyrirhuguð nýbygging verði um 5.500 m2 að flatarmáli og að meginbyggingin verði á tveimur hæðum en þrjár hæðir að hluta. Í skólabyggingunni verður samrekinn leik- og grunnskóli ásamt frístund fyrir um 400 nemendur. Miðað er við að aðkoma verði frá Skólagerði og Holtagerði. Tillagan er sett frá á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð, skýringarmyndum og umhverfismati dags. 3. maí 2019. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 föstudaginn 26. júlí 2019.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Kópavogsbær

kopavogur.is

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

**Breikkun Vesturlandsvegar um Kjalarnes, Reykjavík**

skuli háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **15. júlí 2019**.

## Atvinna

# Vélstjóri

FISK Seafood ehf óskar eftir 1. vélstjóra á Málmey Sk 1
Um framtíðarstarf er að ræða.
Umsækjandi þarf að hafa VF-II réttindi.

**Upplýsingar gefur Jón Ingi í síma 825 4417**
**Senda skal umsókn á netfangið joningi@fisk.is**

FISK SEAFOOD

# Atvinnuauglýsingar | Job.is

### Biskupsstofa - Samskiptastjóri

capacent

Biskupsstofa óskar eftir að ráða samskiptastjóra í fjölbreytt og krefjandi starf. Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á málefnum þjóðkirkjunnar, hefur reynslu af ímyndarmálum og upplýsingamiðlun.

Umsóknarfrestur
24. júní 2019

Upplýsingar og umsókn
**capacent.com/s/13859**

### Kynnisferðir - Sérfræðingur á fjármálasviði

Kynnisferðir leita að metnaðarfullum einstaklingi til að gegna starfi sérfræðings á fjármálasviði. Starfið er fjölbreytt í spennandi rekstrarumhverfi og felur í sér uppgjör og greiningar á ýmsum fjárhagsupplýsingum.

Nánari upplýsingar veita:
Ósvaldur Knudsen, fjármálastjóri Kynnisferða, **osvaldur@re.is**
Inga S. Arnardóttir, ráðgjafi Hagvangs, **inga@hagvangur.is**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**
Umsóknarfrestur er til og með 17. júní nk.

### Íslandsstofa - Forstöðumaður samstarfsvettvangs um loftslagsmál og grænar lausnir

Auglýst er eftir forstöðumanni nýs samstarfsvettvangs um loftslagsmál og grænar lausnir. Forstöðumaðurinn er ráðinn af Íslandsstofu og stjórn samstarfsvettvangsins og verður starfsmaður Íslandsstofu.

Nánari upplýsingar veitir:
Katrín S. Óladóttir **katrin@hagvangur.is**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**
Umsóknarfrestur er til og með 28. júní nk.

### Seðlabanki Íslands - Sérfræðingur í mannauðsmálum

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í mannauðsmálum. Um er að ræða nýtt starf sem heyrir undir framkvæmdastjóra mannauðssviðs.

Nánari upplýsingar veita:
Íris Guðrún Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs Seðlabanka Íslands, **iris.g.ragnarsdottir@sedlabanki.is**
Rannveig J. Haraldsdóttir, **rannveig@hagvangur.is**

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**
Umsóknarfrestur er til og með 24. júní nk.

## Sjá nánar á job.is

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 512 5441 | Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 512 5426

# Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna og með stuttum fyrirvara.

Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS




RALPH LAUREN KYNNING
Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI
FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS
20% AFSLÁTTUR AF RALPH LAUREN DÖMU- OG HERRAILMUM

# Ísland enn í lykilstöðu eftir óvænt jafntefli í Grikklandi

**Íslenska karlalandsliðið í handbolta fór langleiðina á EM 2020 í gær þrátt fyrir að hafa verið stálheppið að fá stig gegn Grikkjum á útivelli. Spilamennska liðsins var í lagi framan af en slök í seinni hálfleik og gengu Grikkir þá á lagið. Ísland náði að bjarga stigi með tveimur mörkum á lokasekúndunum.**

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í handbolta náði ekki að tryggja sæti sitt á Evrópumótinu 2020 í gær þegar Strákarnir okkar voru einfaldlega stálheppnir að næla í stig gegn Grikkjum. Spilamennska íslenska liðsins var lengi vel slök og þegar markvörður gríska liðsins, Petros Boukovinas, hrökk í gang gengu Grikkir á lagið og voru nálægt því að vinna leikinn.

Stigið gæti þó reynst Strákunum okkar dýrmætt því að Tyrkir þurfa að vinna Ísland með tólf mörkum eða meira til að komast á EM í fyrsta sinn eftir ellefu marka sigur Íslands í fyrri leik liðanna. Á sama tíma gerði jafnteflið út um vonir Grikkja að ná Íslandi að stigum á sunnudaginn.

Íslenska liðið náði strax tökum á leiknum á fyrstu mínútum leiksins og var með frumkvæðið allan fyrri hálfleikinn. Strákarnir okkar nýttu hornin vel og komu átta af fimmtán mörkum íslenska liðsins í fyrri hálfleik frá hornamönnunum Guðjóni Vali Sigurðssyni eða Arnóri Þór Gunnarssyni. Þrátt fyrir það gekk þeim illa, líkt og í fyrri leik liðanna, að hrista Grikkina af sér og héldu þeir sér inn í leiknum í fyrri hálfleik.

Íslenska liðið leiddi með þremur mörkum þegar gengið var til búningsklefanna og var staðan jákvæð fyrir íslenska liðið. Makedónía tókst, með herkjum, að sækja sigur til Tyrklands sem þýddi að sigur myndi duga íslenska liðinu til að tryggja sér þátttökurétt í lokakeppninni í janúar.

Hálfleiksræðan virtist fara öfugt ofan í leikmenn íslenska liðsins því Grikkir hófu seinni hálfleikinn af krafti, skoruðu fjögur fyrstu mörk seinni hálfleiksins og leiddu stærstan hluta hans.

Eflaust var það reynsluleysi gríska liðsins sem kostaði þá sigurinn að lokum. Grikkir voru með boltann, tveimur mörkum yfir þegar fimmtíu sekúndur voru eftir en köstuðu boltanum tvívegis frá sér sem opnaði tækifæri fyrir íslenska liðið að stela stigi sem þeir nýttu sér.

Ljóst er að gera þarf mun betur gegn Tyrklandi sem vann báða leikina gegn Grikklandi nokkuð örugglega. Spilamennska liðsins í gær var ekki góð gegn liði sem á að vera talsvert slakara en íslenska liðið í handbolta.

Aðspurður hvað hafi farið úrskeiðis segir hornamaðurinn Arnór Þór að slök byrjun íslenska liðsins í seinni hálfleik hafi orðið þeim að falli.

„Við byrjuðum seinni hálfleikinn illa, skoruðum ekki mark fyrstu fjórar mínúturnar á sama tíma og þeir fá auðveld mörk og ganga á lagið. Þá er þetta orðinn jafn leikur og þeir komnir með sjálfstraust. Við töluðum um það inni í klefa í hálfleik að halda þessu áfram sem við höfðum gert vel en það gekk ekki upp.“

Arnór hrósar gríska liðinu fyrir spilamennskuna.

„Þeir voru að klippa okkur út og suður í seinni hálfleik og við réðum ekkert við það. Þessi vörn sem við höfum verið að nota hefur reynst okkur vel en við réðum ekkert við þá í einn á einn í dag. Þeir eru ólseigir á heimavelli og eru fínir í handbolta þótt mér finnist að við eigum að vinna þetta lið. Þeir fengu markvörslu í seinni hálfleik þegar hann fór að taka dauðafæri og þá fórum við að gera okkur erfitt fyrir. Miðað við að við vorum tveimur mörkum undir þegar hálf mínúta var eftir er gott að fá þetta stig en við erum ekkert sáttir.“

Jafntefli dugar Íslandi á sunnudaginn gegn Tyrklandi.

„Fyrst og fremst ætlum við að vinna þennan leik. Þeir hafa verið að standa í liðum en við ætlum okkur að vinna þennan leik eins og alla leiki á heimavelli.“

kristinnpall@frettabladid.is



Aron Pálmarsson var með fimm mörk fyrir íslenska landsliðið í óvæntu jafntefli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Undankeppni EM 2020**

**Grikkland 28-28 Ísland**
(12-15)

**Mörk Íslands:** Arnór Þór Gunnarsson 9/1, Guðjón Valur Sigurðsson 7, Aron Pálmarsson 5, Elvar Örn Jónsson 4, Teitur Örn Einarsson 2, Ólafur Guðmundsson 1.
**Varin skot:** Ágúst Elí Björgvinsson 10, Viktor Gísli Hallgrímsson 1.

**Þeir voru að klippa okkur út og suður í seinni hálfleik og við réðum ekkert við það.**

Arnór Þór Gunnarsson

## Griezmann fer til Barcelona

**FÓTBOLTI** Framkvæmdastjóri Atletico Madrid, Gil Marin, virtist staðfesta í gær að Antoine Griezmann myndi leika með Barcelona frá og með næsta tímabili. Franski landsliðsframherjinn hefur verið orðaður við Börsunga undanfarnar vikur eftir að hafa afþakkað tilboð spænsku meistaranna síðasta sumar.

Börsungar sóttust eftir því að semja við Griezmann á síðasta ári en hann kaus að vera áfram hjá Atletico. Nú virðist honum hafa snúist hugur og óskaði hann eftir því að yfirgefa Atletico Madrid á dögunum.

„Við komumst að því í mars hvar Griezmann myndi leika næsta tímabil, með Barcelona,“ sagði Gil Marin í samtali við spænska miðilinn Sport í gær. **- kpt**

## Tiger snýr aftur á Pebble Beach

**GOLF** Tiger Woods hefur leik á Opna bandaríska meistaramótinu í golfi í dag á kunnuglegum slóðum, Pebble Beach golfvellinum í Kaliforníu, þar sem hann vakti heimsathygli sem 25 ára kylfingur árið 2000. Tiger sem er einn besti kylfingur allra tíma vantar einn sigur til að jafna met Sam Snead yfir flesta sigra á PGA-mótaröðinni (82).

Í ár eru nítján ár liðin síðan Tiger vann þriðja risatitil sinn á Pebble Beach þegar hann vann mótið með slíkum yfirburðum að annað eins hefur varla sést. Tiger var sá eini sem kom í hús að mótinu loknu undir pari vallarins og var með fimmtán högga forskot á næsta kylfing. Það reyndist kveikja í Tiger sem vann næstu þrjú risamót og var því handhafi allra risatitlanna á sama tíma.



Einn helsti keppinautur Tiger er Brooks Koepka sem hefur unnið Opna bandaríska meistaramótið undanfarin tvö ár. Með sigri í ár getur Koepka orðið annar maðurinn í 119 ára sögu mótsins sem vinnur þrjú ár í röð. **- kpt**

# Stelpurnar okkar mæta finnska landsliðinu ytra í dag

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mætir því finnska í æfingaleik ytra í dag. Er þetta fyrri leikur liðanna af tveimur í Finnlandi sem er hluti af lokaundirbúningi íslenska liðsins fyrir undankeppni Evrópumótsins 2021 sem hefst í haust. Flautað verður til leiks klukkan 15.30 í Turku sem er í tveggja tíma fjarlægð frá Helsinki.

Þetta verður í áttunda skiptið sem íslenska kvennalandsliðið mætir því finnska á knattspyrnuvellinum. Ellefu ár eru liðin síðan liðin mættust síðast, þá mættust liðin í tveimur æfingaleikjum í Finnlandi stuttu eftir að hafa mæst í Algarve-mótinu.

Þá var leikjahæsti leikmaður núverandi leikmannahóps, Sara Björk Gunnarsdóttir, nýfarin að stíga sín fyrstu skref með landsliðinu. Sara er ein fimm leikmanna sem var í hópi íslenska landsliðsins þá sem er enn í hópnum fyrir leikina fram undan ásamt Margréti Láru, Hallberu Guðnýju og markvörðunum Guðbjörgu og Söndru.

**Dagný Brynjarsdóttir og Sif Atladóttir munu leika 80. landsleik sinn ef þær koma við sögu í dag. Aðeins tíu leikmenn hafa náð 80 landsleikjum fyrir kvennalandsliðið.**

Heilt yfir hafa leikir liðanna til þessa verið jafnir, Ísland unnið tvo þeirra, Finnar þrjá og tveimur lokið með jafntefli.

Ef Dagný Brynjarsdóttir, leikmaður Portland Thorns, og Sif Atladóttir, miðvörður Kristianstad, koma við sögu í dag leika þær 80. landsleik sinn fyrir íslenska kvennalandsliðið.

Alls eru tveir nýliðar í hópi íslenska liðsins sem gætu fengið eldskírn sína í dag, liðsfélagarnir úr Breiðablik, Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir og Karólína Lea Vilhjálmsdóttir. **– kpt**



Dagný gæti leikið sinn 80. leik fyrir Ísland í dag. NORDICPHOTOS/GETTY


Horfðu á heildarmyndina
Heima
Allt í einum pakka á lægra verði
Ótakmarkað Internet
Netbeinir og WiFi framlenging
Sjónvarps-þjónusta
Ótakmarkaður heimasími
+
Afþreying frá Stöð 2
Uppsetning á interneti innifalin.
Kynntu þér málið á vodafone.is, í síma 1414, í næstu verslun eða hjá umboðsaðilum okkar um land allt.
vodafone

## Merkisatburðir

**1846** Sölvi Helgason, listamaður og landshornaflakkari, er dæmdur til að þola 27 vandarhögg fyrir flakk og svik.

**1870** Gránufélagið er stofnað á Akureyri.

**1922** Gengisskráning íslenskrar krónu er tekin upp. Áður fylgdi hún dönsku krónunni.

**1934** Adolf Hitler og Mussolini hittast í fyrsta sinn á Ítalíu.



**1941** Sigurður Jónsson forstjóri býður ríkinu Bessastaði „til þess að vera bústaður æðsta valdsmanns íslenska ríkisins“ og var boðinu tekið fimm dögum síðar.

**1971** Framboðsflokkurinn, O-flokkurinn, hlýtur 2% atkvæða í þingkosningum, eftir að hafa boðið fram í þremur kjördæmum. Einkum voru það háskólastúdentar sem voru í framboði og gerðu þeir óspart grín að hinum flokkunum.

**1971** Viðreisnarstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks féll eftir tólf ára samfellda setu.

**1974** Heimsmeistaramót í knattspyrnu karla 1974 hefst í Vestur-Þýskalandi.

**1985** Ný útvarpslög sem heimila einkareknar sjónvarps- og útvarpsstöðvar á Íslandi eru samþykkt á Alþingi.

**1990** Austurþýsk stjórnvöld byrja að rífa niður Berlínarmúrinn.




Innilegar þakkir færum við öllum fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför hjartkærs eiginmanns, föður og afa,

**Svans Elíssonar**

lögreglufulltrúa,
Frostaskjóli 69.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, og Jakobi Jóhannssyni krabbameinslækni og starfsfólki Heru og líknardeildarinnar fyrir frábæra umönnun.

**Anna Margrét Jóhannsdóttir**
**Einar Orri Svansson** **Fríða Jónsdóttir**
**Páll Örvar Svansson** **Erla G. Ingimundardóttir**
**Markús Orri Pálsson**



Eiginmaður minn og faðir okkar,

**Haukur Eggertsson**

Kirkjulundi 6, Garðabæ,
áður Ísafirði,

lést þann 3. júní sl.
Útförin hefur farið fram.
Þökkum samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjartadeildar Landspítala við Hringbraut og heimahjúkrun heilsugæslunnar.

**Herdís Þorsteinsdóttir**
**Sigurlaug, Vala Dröfn og Þorbjörg Elfa Hauksdætur og fjölskyldur.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Heimir Björn Ingimarsson**

Hjallalundi 22,
Akureyri,

lést föstudaginn 7. júní.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 18. júní kl. 13.30.

**Sigríður Benjamínsdóttir**
**Sigþór Heimisson** **Hildur Óladóttir**
**Lára Ósk Heimisdóttir** **Björn Kristinn Björnsson**
**Hafþór Ingi Heimisson** **Jenný Valdimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




**Ólöf hlakkar til að fylgjast með fjölskyldum leyfa ratleiknum að leiða sig um húsin á Kópavogshálsi.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ratleikur um list og orð

**Nýr ratleikur sem snýst um bækur, myndlist, náttúrufræði og arkitektúr menningarhúsanna í Kópavogi verður prufukeyrður á laugardag. Hann er á íslensku, ensku og pólsku.**

Mig hefur lengi dreymt um að geta boðið fjölskyldum upp á ókeypis ratleik um ýmislegt sem húsin hér á Kópavogshæðinni geyma, nú er hann orðinn að veruleika,“ segir Ólöf Breiðfjörð, verkefnastjóri í menningarhúsunum í Kópavogi. Hún kveðst hafa kynnst slíkum ratleik í Þjóðminjasafninu og víða á söfnum erlendis. „En ég hef hvergi rekist á ratleik sem fjallar um jafn fjölbreytt efni og okkar, listina í Gerðarsafni, bækur, ljóð, orð og stafi á bókasafninu og gersemar Náttúrufræðistofunnar. Við getum ekki alltaf notið listar í Salnum en göngum að arkitektúrnum vísum og rekaviðnum utan á honum. Svo vakir Kópavogskirkja yfir svæðinu og form hennar og umhverfi eru verðug rannsóknarefni.“

Ratleikurinn er prentaður á pappír. „Þetta er sex síðna bæklingur með verkefnum. Gerðarsafn er til dæmis með eina síðu þar sem þátttakandinn velur listaverk og teiknar það eins og hann lystir. Svo þarf að finna út hvernig það lítur út ef hann leggst á gólfið, og fleira slíkt. Í Náttúrufræðistofunni er verkefni sem felst í að teikna þrjár dýrategundir með




tennur. En leikurinn snýst ekki bara að teikna og skrifa heldur að opna augun fyrir umhverfinu og það er ekkert svar réttara en annað. Allar spurningar eru þannig að þær halda gildi þó árin líði. Möguleikarnir eru svo margir.“

Ólöf segir verkefnið hafa verið í gerjun frá því hún fór á námskeið fyrir þremur árum í Victoria & Albert Museum í New York. „Á ferðum mínum um söfn erlendis hef ég haft sérstakan áhuga á hvernig tekið er á móti fjölskyldum. Svo fengum við styrk úr Safnasjóði til að hrinda þessu í framkvæmd. Við erum með okkar sérfræðinga hér í húsunum og unnum allt í teymisvinnu en fengum líka hönnuð og teiknara. Unnie Arndrup teiknaði fyrir okkur og Arnar Freyr hjá Studio-Studio hannaði. Svo prentum við leikinn á góðan pappír, ekki bara á íslensku heldur líka á ensku og pólsku. Ég er stolt af útkomunni og að hún skuli vera á pappír en ekki í snjalltæki. Pappír virðist halda velli á söfnum um allan heim, enda jafnast fátt á við að hafa fallegan pappír milli handa og skrifa og teikna það sem manni sjálfum dettur í hug.“

Ratleikurinn verður kynntur laugardaginn 15. júní milli klukkan 13 og 15. Þá verður sérstök fjölskyldustund í Gerðarsafni, bókasafni, Náttúrufræðistofu og á útivistarsvæðinu. „Sérfræðingarnir verða á sveimi til að dýpka enn upplifun þátttakenda,“ heitir Ólöf.

**gun@frettabladid.is**

# Dansað við Listasafn Samúels í Selárdal

Listasafn Samúels í Selárdal í Arnarfirði mun taka þátt í heimsviðburðinum Global Water Dances á laugardaginn 15. júní klukkan 15. Um er að ræða dansgjörning, einn af 170 sem fara fram samtímis á jafn mörgum stöðum í heiminum og miða að því að vekja fólk til vitundar um hamfarahlýnun af mannavöldum. Þeir eiga að varpa ljósi á vatnsbúskap hvers svæðis fyrir sig og þau vandamál sem uppi eru varðandi vatn og vatnsskort. Hér á landi má til dæmis gera ráð fyrir að jöklarnir hverfi innan 100-200 ára verði ekkert að gert. Danshópurinn Core Dance frá Bandaríkjunum mun flytja dansgjörninginn í Selárdal. Hópurinn er nútímadansflokkur sem hefur unnið til verðlauna og hefur aðalbækistöðvar sínar í Atlanta í Georg-



**Danshópurinn Core Dance frá Bandaríkjunum flytur gjörninginn.**

íufylki og í Houston í Texas. Listrænn stjórnandi Core Dance er Sue Schroeder. Viðburðurinn verður í streymi á vefnum globalwaterdances.org.

Hann markar upphaf sumardagskrár í Listasafni Samúels undir heitinu Sambasumar. Frítt er inn á viðburðinn en tekið við frjálsum framlögum vegna uppbyggingar safnsins á reikning 512-26-4404, kt. 440398-2949.












ÍSLENSKT
*gjörið svo vel*

# Íslensk húsgögn







AGUSTAV

AXIS

Á. GUÐMUNDSSON
STOFNAÐ 1956

GÁ
1975
HÚSGÖGN

RANDOM ARK

SYRUSSON
Hönnunarhús

Vegur íslenskrar húsgagnaframleiðslu hefur vaxið að undanförnu, enda einkennist hönnun húsgagnanna af listfengi og framsækni og smíði þeirra af fagmennsku. Þegar ný hönnun og gott handverk fara saman tekst að skapa verðmæti. Við erum stolt af því sem er hannað og framleitt hér á landi.

25 ára
1994
2019

SI
Samtök iðnaðarins

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
| --- | --- | --- |
| 12 °C 6 | 12 °C 10 | 11 °C 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl** | **Hveravellir** |
| 7 °C 5 | 13 °C 5 | 14 °C 10 |

Norðlæg átt 5-13 í dag. Lítilsháttar rigning norðan- og austanlands, en bjart með köflum og þurrt sunnan heiða. Hiti 7 til 14 stig norðaustan-til, en annars 15 til 24 stig, hlýjast á Suðurlandi.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
| --- | --- | --- |
| 12 °C 3 | 10 °C 5 | 12 °C 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl** | **Hveravellir** |
| 6 °C 8 | 17 °C 2 | 12 °C 9 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
| --- | --- | --- |
| 13 °C 3 | 10 °C 3 | 12 °C 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl** | **Hveravellir** |
| 8 °C 3 | 9 °C 4 | 14 °C 3 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| | | | | 6 | 3 | | 7 | 4 |
| | 1 | 5 | | | 9 | 8 | | |
| | | 3 | | 4 | | | | |
| 5 | | | | | | 6 | 8 | 3 |
| | 8 | | | 1 | | 2 | | |
| 7 | | | 2 | | | 5 | | |
| 8 | 4 | | 1 | 9 | | 6 | | |
| 9 | | | 4 | | | | | |
| | | 6 | | | 2 | | | 7 |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| | | 8 | | | | 4 | | |
| 9 | | | 2 | | | | | |
| 1 | 2 | | | 6 | 7 | | | 9 |
| | 5 | | | | 3 | 9 | | 4 |
| | | | 5 | 2 | | 1 | | 3 |
| 6 | | | | | | | | |
| 2 | 3 | | | 7 | | 5 | | |
| 4 | 6 | | | | | | 1 | 7 |
| | | | | | | 4 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| | | | | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| | | | | 1 | | | 3 | |
| | | | 6 | | | | | |
| | 4 | | 9 | 6 | | | | |
| | | 6 | | | | | | 2 |
| | | 5 | | | 2 | 4 | | |
| | | 4 | 3 | | | 1 | 5 | |
| | | 9 | | 7 | | | | |
| 8 | 3 | 2 | | | 1 | | | |

| | | | | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 6 | 2 | 8 | 5 | 7 | 9 | 3 | 4 | 1 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 | 5 |
| 7 | 4 | 5 | 3 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 8 | 6 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 9 | 8 | 3 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 |
| 4 | 9 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 3 | 8 |
| 5 | 3 | 7 | 9 | 8 | 2 | 4 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 5 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 6 | 2 | 3 |
| 1 | 6 | 4 | 2 | 9 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 7 | 6 | 2 |
| 5 | 2 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 7 | 1 |
| 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 3 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 7 | 3 | 2 | 8 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 |
| 8 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 9 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 3 | 4 | 9 | 2 | 8 |
| 3 | 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 | 7 |
| 2 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 | 1 | 4 | 3 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 5 | 3 | 2 | 9 | 1 |
| 4 | 1 | 9 | 7 | 8 | 2 | 3 | 6 | 5 |
| 5 | 2 | 3 | 9 | 6 | 1 | 8 | 7 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. bryðja
5. eyrir
6. tveir eins
8. myndamót
10. samtök
11. samstæða
12. viðskipti
13. skekin mjólk
15. eldsneyti
17. skrapa

**LÓÐRÉTT**
1. refsimál
2. gusta
3. kk nafn
4. skrá
7. borðflaska
9. spyrna
12. málmur
14. ögn
16. úr hófi



**LÁRÉTT**: 1. skass, 5. aur, 6. kk, 8. klisja, 10. aa, 11. par, 12. sala, 13. áfir, 15. linkol, 17. skafa.
**LÓÐRÉTT**: 1. sakamál, 2. kula, 3. ari, 4. skjal, 7. karafla, 9. sparka, 12. sink, 14. fis, 16. of.

## Skák Gunnar Björnsson

Murali Karthikeyan (2.593) átti leik gegn Alireza Firouzja á Asíu-leikunum um daginn.

**9...Dxc3+!** Ótrúleg drottningarfórn. **10. bxc3 dxe3 11. f3 Rh5.** Þótt svartur sé aðeins með tvo létta menn fyrir drottningu eru möfæri hans mikil og erfitt fyrir hvítan að þróa taflið. Svo fór líka að svartur vann skákina í 51. leik. Skákina má finna skýrða á www.chessbase.com.

**www.skak.is:** Magnús efstur á Norway Chess.

Svartur á leik








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# SUPER 1

**MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA**



Hindber 250 gr
## 379 kr
Venjulegt verð 599 kr.



Mangó
## 397 kr/kg
Venjulegt verð 699 kr/kg







Lambalærissneiðar marineraðar
## 1797 kr/kg
Kjötbankinn

Folaldakjöt Caj P
## 2097 kr/kg
Kjötbankinn

Jarðarber 250 gr
## 489 kr
Venjulegt verð 549 kr.



SUPER 1
**HALLVEIGARSTÍG 1**



SUPER 1
**FAXAFENI 14**



SUPER 1
**SMIÐJUVEGI 2**

# OPIÐ 10:00 TIL 22:00 ALLA DAGA


TAKK FYRIR
FM957
FM957


AÐ HLUSTA
Í 30 ÁR!
FM957
TOPP TÓNLIST Í 30 ÁR

# Gat ekki bæði verið verkakona og skáld

**Þröskuldur hússins er þjöl, eina ljóðabók Arnfríðar Jónatansdóttur, hefur verið endurútgefin, en hún kom fyrst út árið 1958. Soffía Auður Birgisdóttir er höfundur inngangs um þetta merka ljóðskáld.**

Una útgáfuhús hefur gefið út ljóðabókina Þröskuldur hússins er þjöl eftir Arnfríði Jónatansdóttur (1923-2006). Bókin kom út árið 1958 og er eina bók Arnfríðar en seinna birti hún eitt ljóð og eina smásögu sem eru birt í þessari endurútgáfu. Í bókinni er inngangur eftir Soffíu Auði Birgisdóttur bókmenntafræðing og viðtal sem Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir tók árið 2002 við Arnfríði og birtist í tímaritinu Veru.

Inngangur Soffíu Auðar er brot úr grein sem hún skrifaði árið 1989 í bókina Ljóðaárbók en þar var að finna greinar um nútímaljóðlist. „Greinin sem ég kallaði Brúarsmiður, atómskáld og módernisti fjallaði um Sigríði Einarsdóttur frá Munaðarnesi, Arnfríði Jónatansdóttur og Vilborgu Dagbjartsdóttur,“ segir Soffía Auður. „Þar var ég að sýna fram á hvernig þessar konur tilheyrðu ákveðnum flokki og benti á að Arnfríður hefði átt að vera í hópi atómskálda. Hún uppfyllir öll þau skilyrði sem Eysteinn Þorvaldsson telur upp í bók sinni Atómskáldin. Hún er af sömu kynslóð og gefur út ljóðabók sína á hápunkti formbyltingarinnar en er aldrei höfð með í umræðunni. Ég enda þessa grein á því að vitna í Hannes Sigfússon sem sagði í ritdómi um ljóðabókina á sínum tíma: „Það mun koma síðar á daginn að hér hefur nýtt efnilegt ljóðskáld kveðið sér hljóðs.“ Ég spyr í lok greinarinnar: „Hvenær mun „síðar á daginn“ koma?“ Og það er sem sagt núna, 60 árum síðar.“



„Hver sem les ljóð hennar hlýtur að átta sig á hversu flott ljóðskáld hún er,“ segir Soffía Auður um Arnfríði Jónatansdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR




Upprunalega útgáfan og endurútgáfan.

### Varð þrumu lostin

Soffía Auður skrifaði grein sína 30 árum eftir að ljóðabók Arnfríðar kom út. „Greinin vakti svo sem enga sérstaka athygli á Arnfríði en þegar Silja skrifaði um ljóðlist í Bókmenntasögu Máls og menningar þá fékk Arnfríður fimm blaðsíðna umfjöllun sem hún hafði ekki fengið áður í bókmenntasögunni,“ segir Soffía Auður. Nú hefur Una útgáfuhús rækilega minnt á tilvist Arnfríðar og Soffía Auður nefnir viðtal við tvo af stofnendunum sem nýlega var flutt í Víðsjá Ríkisútvarpsins. „Þegar ég hlustaði á Einar Kára Jóhannsson og Jóhannes Helgason tala um ljóðabók Arnfríðar í Víðsjá þá varð ég þrumu lostin. Ég hef aldrei heyrt karlmenn tala um kvenkynsljóðskáld eins og þeir gera. Þeir sögðu beinlínis að við hefðum líklega misst af mjög merkileg skáldi. Þeir sögðu líka að það væri ástæða til að endurútgefa verk fleiri kvenna, setja þau í nýtt samhengi og kynna fyrir samtíðinni undir þeim formerkjum að þau væru síst minna merkilegt en margt sem er talið klassík í dag. Mér fannst stórkostlegt að hlusta á þá tala svona því þótt mín kynslóð af karlmönnum þættist vera skilningsrík í garð kvenna hefðu þeir aldrei tekið sér svona sterk orð í munn. Sennilega hefur þessi kvennabókmenntabarátta verið til einhvers.“

### Var ekki lyft upp

Spurð hvað einkenni ljóð Arnfríðar segir Soffía Auður: „Það mætti jafnvel setja hana í flokk með Þorsteini frá Hamri, bæði sækja mikið í þjóðlega hefð og eru með vísanir þangað. Myndmál beggja er stundum líka nokkuð torrætt. Arnfríður yrkir um vandann við að yrkja og yrkir sömuleiðis um stríðsvá, þetta eru efnin sem leituðu á atómskáldin, en hjá henni er stríðsváin afrakstur karlaveldis. Hver sem les ljóð hennar hlýtur að átta sig á hversu flott ljóðskáld hún er. Í þessari endurútgáfu er frábært viðtal sem Þórunn Hrefna tók við hana þar sem hún lýsir aðstöðu sinni. Hún var bara fátæk verkakona, bjó í bragga og sá fyrir móður sinni. Hún segir: „Ég gat ekki bæði verið verkakona og skáld.“ Viðtökurnar hafa örugglega blandast þarna inn í. Hún tilheyrði engri skáldaklíku og henni var ekki lyft upp eins og Ástu Sigurðardóttur, sem var vinkona hennar.

Í þessari endurútgáfu er birt torræð smásaga eftir Arnfríði og þar segir hún að tunga allra tungna sé þögnin. Manni verður hugsað til Sigfúsar Daðasonar sem sagðist alltaf segja færri og færri orð en Arnfríður fór alla leið og þagði.“

# Minna er stundum meira

**TÓNLIST**

**Lokatónleikar Kirkjulistahátíðar**

★★★☆☆

**Verk eftir Bach og Sigurð Sævarsson. Schola cantorum og Mótettukór Hallgrímskirkju sungu. Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju lék.**

**Einsöngvarar:** Herdís Anna Jónasdóttir, Hildigunnur Einarsdóttir, David Erler, Benedikt Kristjánsson og Oddur Arnþór Jónsson.

**Hallgrímskirkja mánudaginn 10. júní**

Kirkjulistahátíð endaði ekki með hvelli heldur kjökri, svo vitnað sé í hið fræga ljóð T. S. Eliots. Byrjun hátíðarinnar, frumflutningur Óratóríu Hafliða Hallgrímssonar, var vissulega stórfenglegur hvellur, en Hvítasunnukantata Sigurðar Sævarssonar, sem var aðalatriði lokatónleikanna á mánudaginn, var miklu minni um sig. Kjökur er þó líklega ekki nákvæm lýsing; andvarp væri nærri lagi, og þá í kosmískum skilningi. Textinn samanstendur af hinu fræga ákalli frá miðöldum, Veni, Sancte Spiritus, eða Kom, heilagur andi. Inn á milli voru ritningarstaðir til hugleiðingar.

Tónlistin var mínimalísk, þ.e. byggðist að nokkru leyti á mörgum endurtekningum lítilla hendinga, ekki ósvipuð tónlistinni eftir Philip Glass, Steve Reich og John Adams. Stemningin var myndræn og verkið myndi sóma sér ágætlega sem kvikmyndatónlist. Stefin voru grípandi og endurtekningarnar gerðu allt miklu auðskiljanlegra. Það var engin flókin framvinda í músíkinni, andrúmsloftið var eins og í hugleiðslu, en samt tregafullt. Einfaldleikinn virkaði í gríðarlegri endurómun Hallgrímskirkju, hún líkt og spilaði með tónlistinni fremur en að fletja hana út. Sterk stemning myndaðist, enda vakti kantatan talsverða lukku áheyrenda.



Kantata Sigurðar Sævarssonar vakti talsverða lukku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Söng af smekkvísi og fágun

Flutningurinn var finn. Benedikt Kristjánsson tenór söng flesta ritningarstaðina og gerði það af smekkvísi og fágun. Hildigunnur Einarsdóttir alt kom einnig fram, og var það í hápunkti tónsmíðarinnar, þegar heilagur andi yfirskyggir postulana og þeir tala tungum. Hildigunnur söng prýðilega, af krafti og innileika, tær röddin kom einstaklega vel út. Kórinn Schola cantorum söng sömuleiðis af hrífandi einlægni, og Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju var með allt á hreinu.

Þrjár hvítasunnukantötur eftir Bach (BWV 172, 6 og 34) voru ekki eins skemmtilegar. Hljómsveitin spilaði þá verr, hver svo sem ástæðan var. Margt var vissulega fallegt, heildarhljómurinn var þýður og áheyrilegur, en ýmsar einleiksstrófur voru lítt áheyrilegar. Munaði mest um þrjá trompetleikara sem hittu ekki alltaf á rétta tóna. Kórinn, Schola cantorum, auk Mótettukórs kirkjunnar, sem bættist við í síðustu kantötunni, söng þó ágætlega, söngurinn var ávallt þéttur og fókuseraður. En ósannfærandi hljómsveitarleikurinn gerði að verkum að heildarmyndin hitti aldrei í mark, jafvel þótt einsöngvararnir stæðu sig yfirleitt eins og best verður á kosið.

Tónleikarnir voru nokkuð langir. Þeir hófust klukkan fimm. Gestir sem sátu hægra megin í kirkjunni máttu þola sólina í andlitið allan tímann, þeir voru nánast steiktir lifandi. Auðvitað var ekki hægt að spá fyrir um veðrið þegar dagskráin var plönuð, en minna hefði svo sannarlega verið meira hér. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Veni, Sancte Spiritus eftir Sigurð Sævarsson var góð skemmtun, en þrjár kantötur eftir Bach voru síðri.


BAKPOKADAGAR!
20% afsláttur af öllum bakpokum og töskum til 19. júní.*
Mikið úrval fyrir öll tækifæri.
Ný lína af Deuter Futura dagpokunum.
Deuter Futura 30
Verð 25.990 kr.
Tilboðsverð 20.792 kr.
Deuter er einn stærsti bakpokaframleiðandi heims
Mjög þægilegt burðarkerfi sem andar vel
Futura eru vinsælustu bakpokarnir frá Deuter og eru til í mörgum stærðum og gerðum
Deuter er margverðlaunað fyrir hönnun sína
Góðar festingar fyrir göngustafi eða ísexi
Þægilegir vasar á mittisól
Innbyggð regnhlíf
FUTURA 30
Deuter Aircontact - fyrir lengri ferðir
Margar stærðir: 55 – 75 lítra
TILBOÐ verð frá 30.392 kr.
Deuter Futura - dagpokarnir vinsælu
Margar stærðir: 22 – 50 lítra
TILBOÐ verð frá 17.592 kr.
Deuter Speed Lite - léttu dagpokarnir
Margar stærðir: 12 – 32 lítra
TILBOÐ verð frá 7.992 kr.
20% AFSLÁTTUR TIL 19. JÚNÍ
deuter
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Leyndarmál í litlu þorpi

**BÆKUR**

**Hefndarenglar**
★★★☆☆
**Eiríkur P. Jörundsson**

**Útgefandi:** Bjartur
**Blaðsíður:** 423

Verðlaunasamkeppnir um bókahandrit eru af hinu góða enda margir frábærir höfundar sem stigu sín fyrstu skref með þátttöku í slíkri keppni. Hefndarenglar er fyrsta skáldsaga Eiríks P. Jörundssonar og bar sigur úr býtum í samkeppninni um Svartfuglinn, verðlaun fyrir fyrstu glæpasögu sem metsöluhöfundarnir Yrsa Sigurðardóttir og Ragnar Jónasson stofnuðu til í samvinnu við bókaútgáfuna Veröld, spennandi og löngu tímabær samkeppni sem vonandi á eftir að skila okkur mörgum góðum glæpasagnahöfundum.

Blaðamaðurinn Sölvi heimsækir æskuslóðirnar á Súðavík til að leita frétta af morði á velmegandi þorpsbúa sem hann tengist óbeint gegnum sjóskaða sem setti mark sitt á þorpið um líkt leyti og lítil stúlka hvarf þar sporlaust. Smám saman flettist ofan af leyndarmálum í þorpinu og óhugnanlegum atburðum. Meðfram þessu er Sölvi skikkaður í samstarf með ungri blaðakonu sem rannsakar misnotkun háttsettra manna á ungum eiturlyfjaneytendum.



**Bók Eiríks P. Jörundssonar er að flestu leyti góð glæpasaga, segir gagnrýnandi Fréttablaðsins, Brynhildur Björnsdóttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hefndarenglar er að flestu leyti góð glæpasaga með flókinni og margslunginni fléttu og óhugnanlegt viðfangsefnið heldur lesendum vel við efnið. Höfundurinn fellur þó í ýmsar gildrur sem reyndari höfundar hafa flestir en ekki allir lært að sneiða hjá. Lífsþreyttur blaðamaður og dularfullt barnshvarf eru þekktar klisjur í glæpasagnahefðinni en ágætlega er farið með þær. Sögupersónurnar eru aftur á móti allt of margar og nöfn þeirra oft svo keimlík að lesandinn þarf iðulega að fletta fram og til baka til að finna út hver talar, um hvern og við hvern. Þá er flakkað milli tímasviða eins og algengt er í glæpasögum en aftur




eru dagsetningarnar það keimlíkar að oft er erfitt að henda reiður á því hvar við erum stödd í tíma og hvað hefur gerst á undan eða á eftir því sem er að gerast þar sem við erum stödd í sögunni. Kaflar sem gerast langt aftur í fortíð og litast af minningum eru reyndar skáletraðir en það eru ekki þeir sem valda ruglingi heldur þegar um nokkrar vikur til eða frá er að ræða í júní eða júlí. Þá eru sagðar tvær sögur í bókinni sem tengjast ekki nema á mjög almennan hátt en það má reyndar sjá fyrir sér að höfundur stefni á að skrifa fleiri bækur með sömu aðalpersónum og þá með áherslu á söguna sem er til hliðar í þessari bók.

Stíllinn er að mörgu leyti góður en stundum ansi háfleygur fyrir glæpasögu og jaðrar stundum við að verða tilgerðarlegur í samhengi sögunnar.

En allt ofantalið má skrifa á reynsluleysi höfundar og byrjendabrag. Hefndarenglar er að þessu frátöldu mjög frambærileg glæpasaga sem fer vel með raunveruleika íslensks sjávarþorps og má sjá fyrir sér að hún gæti komið vel út sem kvikmynd eða sjónvarpsþáttaröð. Greinilegt er að höfundurinn sækir ýmislegt til Stiegs Larson í persónusköpun en hann gengst við því á haganlegan hátt. Það verður gaman að fylgjast með Eiríki P. Jörundssyni í framtíðinni og vonandi fáum við meira að sjá til Sölva og Ísoldar.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Prýðilega skrifuð og grípandi en ekki gallalaus glæpasaga sem vonandi leiðir af sér framhald.







# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 13. JÚNÍ 2019

### Sýningar

**Hvað?** HEIMAt – tveir heimar
**Hvenær?** 10.00-17.00
**Hvar?** Árbæjarsafn
Með sýningunni „HEIMAt – tveir heimar“ í Árbæjarsafni er því fagnað að í ár eru liðin 70 ár frá því að stór hópur Þjóðverja sigldi með strandferðaskipinu Esju og öðrum skipum í kjölfarið til Íslands árið 1949 og margir settust hér að. Ljósmyndaverkefnið „HEIMAt“ eftir Marzenu Skubatz er miðpunktur sýningarinnar og gefur innsýn í líf núlifandi kvenna úr þessum hópi. Sýningin stendur til 31. október 2019.

**Hvað?** Og hvað svo? – Opnun
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Nýlistasafnið, Marshallhúsinu Grandagarði
Listamenn sem eiga verk á sýningunni eru: Andreas Brunner, Eva Ísleifs, Freyja Eilíf, Fritz Hendrik IV, Huginn Þór Arason, Libia Castro & Ólafur Ólafsson, Rebecca Erin Moran, Rúna Þorkelsdóttir, Steinunn Gunnlaugsdóttir, Þorvaldur Þorsteinsson og Þórður Ben Sveinsson. Sýningin stendur til 4. ágúst. Allir velkomnir.

### Tónleikar

**Hvað?** Sumarjazz
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Tríó Andrésar Þórs flytur blöndu af eigin lögum og sígildum djasslögum. Á efnisskránni verða lög af nýjum diski Andrésar sem nefnist Paradox, sem og eldri lög hans og sígrænir djassstandardar. Tríóið skipa auk Andrésar sem leikur á gítar, þeir Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur.



Sunna Gunnlaugs sér um tónleikaröðina Freyjujazz í Listasafni Íslands.

**Hvað?** Freyjujazz
**Hvenær?** 17.15-18.00
**Hvar?** Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg
Upphafstónleikar Freyjujazz þetta sumarið eru til heiðurs þeim 240 þýsku konum sem fluttu til Íslands eftir seinna stríð. Fjórar þýskar djasskonur koma fram og tvær íslenskar. Þær þýsku eru Theresia Philipp á saxófón, Julia Hülsmann á píanó, Clara Däubler á bassa og Lizzy Scharnofske á trommur. Fulltrúar Íslands eru söngkonan Stína Ágústsdóttir og píanistinn og skipuleggjandi tónleikaraðarinnar Sunna Gunnlaugs. Á efnisskránni eru verk eftir Sunnu, Juliu og standardar með textum Stínu af plötunni Jazz á íslensku. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

**Hvað?** Auður
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó Hafnarfirði
Tónlistarmaðurinn Auður gaf út plötu í nóvember sem ber heitið Afsakanir. Hún verður spiluð í heild sinni en einnig nokkur hans þekktustu lög af fyrri útgáfum.



Valgeir Guðjónsson syngur fuglatónlist sína, meðal annars við kvæði Jóhannesar úr Kötlum í Hannesarholti, Grundarstíg 10, í kvöld kl. 20.00.

**Hvað?** Fuglatónleikadagskrá
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholti, Grundarstíg 10
Valgeir Guðjónsson syngur fuglatónlist sína, meðal annars við kvæði Jóhannesar úr Kötlum. Ásta Kristrún Ragnarsdóttir, kona hans, er með örkynningar og sögur milli laga um mannleg heiti fugla og samskipti þeirra við mannfólkið sem fær það bæði til að undrast og brosa. Þau hjón gera fugla að sendiherrum náttúrunnar, með góðum liðsstyrk því þau búa nánast í fuglafriðlandinu í Flóa.




# LAGERÚTSALA

## Á KRÓKHÁLSI 5

SALA - ÚTSALA - ÚTSALA - ÚTSALA

# 30–80% AFSLÁTTUR

A - ÚTSALA - ÚTSALA - ÚTSALA - ÚT




**AÐEINS Í 2 DAGA!**

**OPIÐ** FIMMTUDAG & FÖSTUDAG 08:00 - 18:00



EKKI MISSA AF!
HÚSGÖGN • GJAFAVARA • RITFÖNG
ÚTSALA - ÚTSALA - ÚTSALA - ÚT
TILBOÐSVERÐ: 6.000.- Verð áður: 14.999.-
LED 3D loftljós
TILBOÐSVERÐ: 34.900.- Verð áður: 71.400.-
Ventilo skrifborðsstóll
TILBOÐSVERÐ: 199.- Verð áður: 498.-
Bréfabindi A4 70 mm kjölur
Rafhækkanlegt skrifborð
TILBOÐSVERÐ: 54.900.- Verð áður: 143.843.-
TILBOÐSVERÐ: 240.- Verð áður: 599.-
Finding Dory vaxlitasett
magnetic NOTES
TILBOÐSVERÐ: 856.- Verð áður: 2.139.-
Minnismiðar með stöðurafmagni 100 x 200 mm
TILBOÐSVERÐ: 1.600.- Verð áður: 3.999.-
Cars teiknibretti
TILBOÐSVERÐ: 49.900.- Verð áður: 114.885.-
Flexikit skrifborðsstóll
TILBOÐSVERÐ: 88.- Verð áður: 219.-
Stílabækur A4
TILBOÐSVERÐ: 2.999.- Verð áður: 14.999.-
Hátalari Blootooth
TILBOÐSVERÐ: 29.900.- Verð áður: 49.875.-
Ovidio fundarstóll
TILBOÐSVERÐ: 4.900.- Verð áður: 13.200.-
Ari plastskeljastóll
TILBOÐSVERÐ: 999.- Verð áður: 4.999.-
Frozen föndursett
TILBOÐSVERÐ: 1.699.- Verð áður: 6.799.-
Bréfakarfa 25l græn
ÞETTA ER BARA BROT AF ÚRVALINU!
AÐEINS Í 2 DAGA!
Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Gildistími tilboðsverða er til og með 14. júní, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.














# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Kastljós**
**13.15 Menningin**
**13.25 Útsvar 2014-2015 Reykjavík - Seltjarnarnes**
**14.25 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps** Þættir frá 2016 þar sem litið er um öxl yfir 50 ára sögu sjónvarps og fróðleg og skemmtileg augnablik rifjuð upp með myndefni úr Gullkistunni. Kynnir er Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson. e.
**14.40 Saga Danmerkur - Síðmiðaldir** Lars Mikkelsen fjallar um seinni hluta miðalda, árin 1350 til 1526. Á þessu tímabili breyttist Danmörk úr sundraðri þjóð í norrænt stórveldi. Þrátt fyrir uppbygginguna voru miðaldir erfitt tímabil þar sem svartidauði herjaði meðal annars á þjóð sem hafði þegar mátt þola margt
**15.40 Sætt og gott**
**15.50 Ástralía - Brasilíu HM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá leik á HM kvenna í fótbolta.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Heimssýn barna** Þættir frá BBC þar sem krakkar á aldrinum 6-11 ára segja okkur hvað þeim finnst um heiminn á athyglisverðan, fyndinn og hjartnæman hátt.
**18.50 Vísindahorn Ævars**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós** Frétta- og mannlífsþáttur þar sem ítarlega er fjallað um það sem efst er á baugi. Stærstu fréttamál dagsins eru krufin með viðmælendum um land allt. Umsjónarmenn eru Einar Þorsteinsson og Sigríður Hagalín Björnsdóttir.
**19.50 Menningin** Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu.
**20.00 Sælkeraferðir Ricks Stein - Vínarborg** Ferða- og matreiðsluþættir frá BBC þar sem sjónvarpskokkurinn Rick Stein kynnist matarmenningu nokkurra evrópskra borga. Hann heimsækir eina borg í hverjum þætti og kemur meðal annars til Reykjavíkur.
**21.05 Klofningur**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 HM stofan** Samantekt á leikjum dagsins á HM kvenna í fótbolta.
**22.45 Skammhlaup** Önnur þáttaröð þessara áströlsku, vísindaskáldsögulegu spennuþátta. Lögreglumaðurinn James reynir enn að leysa ráðgátuna um hvernig og hvers vegna hinir dauðu risu upp á sama tíma og ný ógn steðjar að bænum. Aðalhlutverk: James Hayes, Genevieve O'Reilly og Emma Booth. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.45 Spilaborg**
**00.35 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 RBC Canadian Open** Útsending frá RBC Canadian Open á PGA mótaröðinni.
**11.50 Golfing World**
**12.40 US Women's Open** Útsending frá US Women's Open.
**14.40 US Open 2018** Útsending frá lokadegi US Open 2018.
**18.35 Inside the PGA Tour**
**19.00 US Open 2019** Bein útsending frá fyrsta degi.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 How I Met Your Mother**
**13.05 The Good Place**
**13.30 Superstore**
**13.50 Younger**
**14.15 Kling Kling**
**14.40 Our Cartoon President**
**15.10 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Fam**
**20.10 Lambið og miðin**
**20.45 Proven Innocent**
**21.35 Get Shorty**
**22.35 FEUD**
**23.30 The Tonight Show**
**00.15 The Late Late Show**
**01.00 NCIS**
**01.45 NCIS. Los Angeles**
**02.30 Law and Order. Special Victims Unit**
**03.15 Yellowstone**
**04.00 Pose**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Á tónsviðinu**
**15.00 Fréttir**
**15.03 FlakkFlakk Fjallað um Manfreð Vilhjálmsson arkitekt**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Óperukvöld Útvarpsins Perlukafararnir eftir Georges Bizet.**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**13.40 Norman**
**15.35 3 Generations**
**18.30 Norman**
**20.25 3 Generations**
**22.00 Argo**
**00.00 American Assassin**
**01.50 Breakable You**
**03.50 Argo** Frábær mynd sem hlaut Óskarsverðlaunin fyrr á þessu ári sem besta myndin auk þess sem hún hlaut verðlaun fyrir handritið og klippingu.

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.45 Two and a Half Men**
**08.10 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Anger Management**
**10.00 You, Me & Fertility**
**10.45 Hand i hand**
**11.30 Ísskápastríð**
**12.10 Heimsókn**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Isle of Dogs**
**14.40 Surf's Up 2. WaveMania**
**16.05 Friends**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.50 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.05 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.10 Veður**
**19.15 Borgarstjórinn**
**19.40 The Big Bang Theory**
**20.05 NCIS**
**20.50 L.A.'S Finest**
**21.35 The Blacklist**
**22.20 Animal Kingdom**
**23.05 Lethal Weapon**
**23.50 Real Time With Bill Maher**
**00.50 Killing Eve**
**01.35 Crashing**
**02.05 Trauma**
**02.55 Trauma**
**03.45 Trauma**
**04.35 Isle of Dogs** Teiknimynd frá 2018 sem tilnefnd var til tveggja Óskarsverðlauna og gerist eftir 20 ár þegar hundaplága í borginni Megasaki í Japan leiðir til þess að borgarstjórinn Kobayashi ákveður að banna alla hunda og lætur flytja þá sem eru í borginni til Rusleyju.

## STÖÐ 3

**19.10 Modern Family**
**19.35 Bob's Burger**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 The Mindy Project**
**21.15 Zombie**
**22.05 Grimm**
**22.50 Stelpurnar**
**23.15 Vice Principals**
**23.45 Famous In Love**
**00.25 American Dad**
**00.50 Modern Family**
**01.15 Seinfeld**
**01.40 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.35 Grindavík - Víkingur** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**09.15 Stjarnan - Valur** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**10.55 Breiðablik - FH** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**12.35 Pepsi Max Mörk karla**
**14.05 Season Highlights**
**15.00 Moldóva - Andorra** Útsending frá leik í Undankeppni EM.
**16.40 Tyrkland - Frakkland** Útsending frá leik í Undankeppni EM.
**18.20 Undankeppni EM 2020 - Markaþáttur**
**19.10 Afturelding - Haukar** Bein útsending frá leik í Inkasso deild karla.
**21.15 Formúla 1. Kanada - Keppni**
**23.45 Afturelding - Haukar** Útsending frá leik í Inkasso deild karla.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

bauhaus.is

# BAUHAUS®



Hjá BAUHAUS færðu kerru lánaða án endurgjalds

I·B·F

## Steyptar hellur

Frábærar hellur fyrir íslenskar aðstæður. Fást í svörtu og gráu í mismunandi þykktum: 5, 6 og 8 cm. Einnig möguleiki að sérpanta aðrar stærðir.



### Svartar

| | |
|---|---|
| 10x10x6 cm, pr.stk | 95 kr. |
| 10x10x8 cm, pr.stk | 120 kr. |
| 30x30x5 cm, pr.stk | 185 kr. |

### Gráar

20 x 40 x 5 cm. pr. stk.

**345.-**

| | |
|---|---|
| 10x10x6 cm, pr.stk | 95 kr. |
| 10x10x8 cm, pr.stk | 145 kr. |
| 20x40x5 cm, pr.stk | 345 kr. |
| 30x30x5 cm, pr.stk | 365 kr. |
| 40x40x5 cm, pr.stk | 655 kr. |
| 50x50x5 cm, pr.stk | 1.040 kr. |

## *Mikið úrval af hellum í BAUHAUS!*



I·B·F

**3.995.-**

### Holmegaard steinn

Gullmix. Fæst í 5,5 og 7 cm þykktum. Er með grófu útliti. Stærð 14 x 21. Verð á m2.



I·B·F

**3.795.-**

### Bondesten grár

Með fösuðum köntum. Þríhyrningsmerktur. Stærð 14 x 21 x 5,5 cm. Verð á m².

### Fagmenn velja hellur frá BAUHAUS!

Komdu og sjáðu okkar frábæra úrval hellna. Hellurnar eru steyptar í tvennu lagi, en það gerir þær öflugri, endingabetri og með sléttara yfirborði auk þess sem þær verða sterkari fyrir hnjaski og umferð. Möguleikar á sérpöntun á öðrum útfærslum.



**495.-**

### Holmegaard kantsteinn

Fæst í gráu, svörtu og rauðblöndu. Stærð 14x21x14 cm. Gefa ýmsa möguleika þegar hlaða skal beð, veggi eða annað. Verð pr.stk.



**5.440,-**

### Holmegaard rauðblandað

Stærð 14x21x5,5 cm. Rauði liturinn gefur skemmtilegan blæ. Verð á m2.



**5.040.-**

### I-2 steinn

Dökkur steinn. Fæst í nokkrum útfærslum. 6 eða 8 cm þykkt. Verð á m2. Öðruvísi lögun steinsins gefur flötinni skemmtilegan tvist.

## MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

## OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

# Borgari nefndur eftir Stefáni Karli kynntur á Hamborgarafabrikkunni

Á þriðjudagskvöldið var kynntur nýr hamborgari á Hamborgarafabrikkunni. Hann heitir í höfuðið á Stefáni Karli og var þróaður í samstarfi við snjallbýlið Sprettu.

Hamborgarafabrikkan ásamt Stefáni Karli og snjallbýli hans, Sprettu, hófu vinnslu á skemmtilegu og áhugaverðu verkefni fyrir tæplega ári. Stefán kvaddi allt of ungur, en nú hefur hamborgari nefndur eftir honum loksins verið opinberaður og er fáanlegur á öllum stöðum Hamborgarafabrikkunnar.

Kokkateymi veitingastaðarins, undir forystu Eyþórs Rúnarssonar, hófst handa með þeim Steinunni Ólínu og Soffíu Steingrímsdóttur hjá Sprettu við að þróa borgarann.

Verkefnið lagðist í dvala þegar ljóst varð að Stefán var orðinn alvarlega veikur, en ári síðar komu Steinunn og Soffía til Fabrikkunnar og vildu klára verkefnið að sögn Jóhannesar Ásbjörnssonar, eiganda Hamborgarafabrikkunnar.

„Fegurðin í þessu kvöldi var sú að þetta voru fyrst og fremst fjölskylda og vinir Steinunnar og Stefáns,“ segir Jóhannes. „Steinunn sá alfarið um að bjóða á viðburðinn. Um 60-70 manns mættu á svæðið og voru allir gestir einróma um að þarna væri um einn allra besta borgarann á matseðli staðarins að ræða,“ bætir hann við.

„Jakob Frímann hélt ræðu við tilefnið líkt og hans er von og vísa. Það gladdi mig svo mikið í dag að hann hafði samband og sagði að það mætti hafa eftir honum að sér þætti borgarinn afar glaður í bragði, rétt eins og sá sem hann er kenndur við. Mér fannst það alveg frábær lýsing á borgaranum.“

Stefán Karl er djúpsteiktur kjúklingaborgari úr lærakjöti í nachos raspi. Hann er með ferskum sprettum, döðlu-lauk-chutney sprettumæjói og pikkluðum gulrótarstrimlum. Hann er svo borinn fram í nýrri tegund af Fabrikkubrauði og með stökkum frönskum.

„Stebbi missti aldrei húmorinn og grínaðist fram á síðustu stundu. Það var hans hugmynd að kalla borgarann Síðustu kvöldmáltíðina og okkur fannst í hans anda að halda því nafni,“ sagði Steinunn Ólína við tilefnið.

steingerdur@frettabladid.is



Jóhannes Ásbjörnsson, eigandi Fabrikkunnar, ásamt Steinunni Ólínu Þorsteinsdóttur, eiginkonu Stefáns Karls.




Leikkonan Nína Dögg Filippusdóttir með nýja borgarann, Stefán Karl. MYNDIR/SIGURJÓN RAGNARSSON



Leik- og söngkonurnar Selma Björnsdóttir og Jóhanna Vigdís Arnardóttir.



Hjónin Hugrún Dögg Árnadóttir og Magni Þorsteinsson.



Tobba Marinósdóttir, rithöfundur og blaðakona, með eiginmanni sínum Karli Sigurðssyni.



Jakob Frímann var í sólskinsskapi og bar borgaranum vel söguna.



Leikararnir Pálmi Gestsson og Rúnar Freyr Gíslason.



Margrét Kristín Blöndal og Margrét Örnólfsdóttir.



# VERTU MEÐ SVARTA BELTIÐ Í SPARNAÐI!



**Helgusteik**
í Esjumarineringu
**1.399** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.798 KR/KG
-50%



**Kalkúnabringur**
-40%
**1.559** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.599 KR/KG



-50%
**Bjórgrís**
Kinnar
**1.149** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.298 KR/KG




STÓR PAKKI
-40%
**Lúxusgrillpakki**
**1.499** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.499 KR/KG




**Hamborgarar**
**m/chili eða beikoni**
2x 100 gr
**471** KR/PK
-20%
**ÁÐUR:** 589 KR/PK

## GÆÐAKJÖT Á GRILLIÐ!



**Dry Aged nauta T-Bone**
3 cm sneiðar
**3.998** KR/KG
**ÁÐUR:** 4.998 KR/KG
-20%




TVEIR FYRIR EINN
**Pylsutilboð**
Tvöfaldur pakki
**1.598** KR/KG



-35%
**Berlínarbolla**
Nýbakað
**64** KR/STK
**ÁÐUR:** 99 KR/STK




-46%
**Coca-Cola**
1L
**129** KR/STK
**ÁÐUR:** 239 KR/STK

**Græn vínber**
**399** KR/KG
**ÁÐUR:** 798 KR/KG
-50%



nettó
**Lægra verð – léttari innkaup**



## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 13. - 17. júní**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

**ÓDÝRAST Á NETINU Í VEFVERSLUN NETTÓ***

*Skv. könnun Fréttablaðsins

# Hlutu sviðslistaverðlaun fyrir túlkun sína á Rauðu seríunni



Hallveg segir Rauðu seríuna eins konar hornstein hugmynda samfélagsins um rómantík. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Íslenskar sviðslistakonur könnuðu hlutskipti kvenna í Harlequin bókmenntum þar sem óumflýjanlegt er að falla fyrir karlmanni.

Þær Hallveig Kristín Einarsdóttir, Gígja Sara Björnsson, Selma Reynisdóttir, og Tanja Huld Leví hlutu nýverið Antonia-verðlaunin á finnsku sviðslistahátíðinni Hangö Teaterträff fyrir verkið Harlequin. Verkið var unnið í samvinnu við finnska feminíska tvíeykið Blaue Frau og sænska listahópinn ÖFA en íslenska teymið sá um myndræna uppsetningu verksins.

Sýningin er innblásin af Harlequin bókmenntum sem þekktastar eru á Íslandi í formi Rauðu seríunnar. Hallveig segir bækurnar vera risastórt menningarlegt fyrirbæri sem ekki sé gefinn mikill gaumur þrátt fyrir að mánaðarlega séu gefnir út yfir 80 titlar á heimsvísu. „Bækurnar eru eins konar hornsteinn hugmyndar samfélagsins um rómantík og hlutverk konunnar innan hennar,“ segir Hallveig en hún telur að boðskapur bókanna um hlutverk konunnar hafi nánast ekkert breyst síðan byrjað var að gefa þær út í kringum árið 1950. „Að láta sig falla fyrir karlmanni og gifta sig er hinn óumflýjanlegi endir.“

Áður en ferlið hófst hafði Hallveig dvalið stuttan tíma í rómantískum heimi Harlequin bókanna. „Ég hafði bara gluggað í eina bók, Fjórburar í hættu, sem pabbi gaf mömmu minni í jólagjöf jólin 2009 og hafði svo sem ekki komist langt.“ Í dag er annað uppi á teningnum en eftir að hafa lesið yfir 13 bækur fullyrðir Hallveig að Fjórburar í hættu sé með bestu titlum sem gefnir hafa verið út í þessum flokki.

Hallveig segir ferlið hafa verið tilraun sem gekk óvart upp. „Það var mjög skrítið að vinna svona, það var takmarkað sem maður gat deilt með hinum hópunum en fyrir vikið urðu til þrír sjálfstæðir hlutar sem á endanum náðu að spila ótrúlega vel saman,“ en hóparnir þrír hittust aðeins þrisvar áður en kom að frumsýningarvikunni í Finnlandi.

Þegar íslenski hópurinn mætti til Finnlands kom menningarlegur mismunur rómansanna í ljós. „Við komumst að því að íslensku bækurnar eru allt öðruvísi en þær sem gefnar eru út í Svíþjóð og Finnlandi, þannig að efnistökin voru svolítið mismunandi eftir hópum,“ segir Hallveig og bætir við að íslenska teymið hafi mest verið að vinna með kúrekasögur á meðan hinir hóparnir voru hugfangnari af sjúkrahússögum og ástarævintýrum ríkra ítalskra greifa. Eftir að upp komst um þennan mun ákvað hópurinn að færa fókusinn yfir á lesandann en Hallveig telur að þessi tegund bókmennta snúist helst um hann og bendir á að flestir titlar í þessari seríu séu einmitt skrifaðir af lesendum sjálfum.

Lokaútkoman varð verkið Harlequin sem hlaut Antonia-sviðslistaverðlaunin á Hangö Teaterträff hátíðinni sem haldin er árlega í Hanko í Suður-Finnlandi. „Það var alveg klikkað að frumsýna á föstudegi og fá svo finnsk-sænsku sviðslistaverðlaunin daginn eftir, ég vissi ekki einu sinni að við hefðum verið tilnefndar,“ sagði Hallveig. En hún telur að verkið hafi meðal annars hlotið verðlaunin vegna þess að eingöngu konur komu að sköpun þess og að það hafi átt þátt í því að skapa andrúmsloft sem fólk var ekki vant að sjá á sviði. Verðlaunin segir hún mikilvæg sökum þess að sýningin fái nú framhaldslíf. „Okkur langar mikið að koma með sýninguna til Íslands og þær eru að vinna í að þýða hana eins og stendur, þannig að vonandi ýta þessi verðlaun undir þann draum.“ kristlin@frettabladid.is



Rómantísk stemning hjá höfundum Harlequin. MYND/LIINA AALTO-SETÄLÄ

**ÉG HAFÐI BARA GLUGGAÐ Í EINA BÓK, FJÓRBURAR Í HÆTTU, SEM PABBI GAF MÖMMU MINNI Í JÓLAGJÖF JÓLIN 2009 OG HAFÐI SVO SEM EKKI KOMIST LANGT.**


BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

VINNINGASKRÁ

Vorhappdrætti 2019. Dregið 11. júní 2019

*1. vinningur:*
*Toyota Corolla, 5 dyra Active, sjálfskiptur, 1.8 l Hybrid*
Verðmæti: 4.390.000 kr. Miði nr. 34464

*2. vinningur:*
*Toyota Yaris, 5 dyra Active, sálfskiptur, 1.5 l Hybrid*
Verðmæti: 3.190.000 kr. Miði nr. 4337

*3. - 32. vinningur:*
*Ferðavinningur með leiguflugi frá Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 300.000*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2046 | 17509 | 31243 | 35516 | 51459 |
| 4541 | 25374 | 31935 | 39621 | 55383 |
| 8601 | 26396 | 32054 | 44080 | 56901 |
| 11238 | 28900 | 32344 | 46237 | 58329 |
| 12400 | 28923 | 32364 | 47985 | 58965 |
| 16251 | 29922 | 32921 | 48497 | 59628 |

*33. - 52. vinningur:*
*Samsung Galaxy S10+ snjallsími. Hver að verðmæti kr. 159.900*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 4990 | 12966 | 26427 | 39310 | 43738 |
| 6496 | 13112 | 28061 | 40894 | 50763 |
| 11840 | 17236 | 29333 | 41005 | 51830 |
| 12304 | 24986 | 34760 | 43492 | 52045 |

*53. - 82 vinningur:*
*Samsung Galaxy S10 snjallsími. Hver að verðmæti kr. 144.900*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2698 | 11440 | 18777 | 30692 | 48571 |
| 9374 | 11701 | 19834 | 32480 | 54414 |
| 9926 | 12803 | 21846 | 33725 | 57182 |
| 9986 | 13989 | 23392 | 39573 | 57529 |
| 10111 | 14249 | 26704 | 39735 | 59393 |
| 11128 | 15595 | 30529 | 45699 | 59914 |

*83. - 112. vinningur:*
*Samsung Galaxy Tab S4 WiFi 4G, spjaldtalva. Hver að verðmæti kr. 84.900*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1769 | 11086 | 22590 | 34665 | 43372 |
| 4592 | 13155 | 24819 | 38186 | 47935 |
| 5458 | 13224 | 25224 | 38618 | 48845 |
| 5747 | 14825 | 28847 | 41069 | 49390 |
| 6947 | 17058 | 31248 | 41897 | 56939 |
| 9617 | 21896 | 34474 | 42627 | 58880 |

*113. - 142. vinningur:*
*Gisting fyrir tvo í tvær nætur með morgunverði á Íslandshóteli að eigin vali, ásamt þriggja rétta kvöldverði annað kvöldið. Hver að verðmæti kr. 84.400*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 4881 | 17568 | 25634 | 39878 | 55308 |
| 5547 | 19764 | 28694 | 40426 | 55998 |
| 9297 | 21394 | 32790 | 41175 | 57005 |
| 12096 | 23840 | 33565 | 42382 | 57869 |
| 16305 | 24780 | 34851 | 51314 | 58260 |
| 16867 | 25301 | 39451 | 51711 | 58888 |

*Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17. Upplýsingasími 525 0000. Birt án ábyrgðar*

Kjörís

# BANANANAS

SUMARÍS




## Hitabeltisbonanza með banana- og ananasbragði

Kjörís kynnir splunkunýjan og svalandi sumarís með banana- og ananasbragði.
Fagnaðu sumri með Bananananas.

# Bergur með sýningu í Harbinger

**Bergur** stendur fyrir listsýningunni Hinn eini sanni líkami The Hum og Lego Flamb í Harbinger. Nafnið kemur frá persónum sem hann hefur þróað í gegnum eldri gjörninga.



Bergur Thomas vann mynstrið á flíkunum sem hann klæðist hér, með Karen Huang. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Listamaðurinn Bergur Thomas Anderssen stendur fyrir listsýningunni Hinn eini sanni líkami The Hum og Lego Flamb í Harbinger, sem er listamannarekið sýningarrými. Þetta er fimmta sýningin í sýningarröðinni Rólegt og rómantískt, en hún samanstendur af sex sýningum í heildina. Sýningaröðinni er stýrt af Kristínu Helgu Ríkharðsdóttur, Rúnari Erni Marinóssyni, Unu Björgu Magnúsdóttur og Veigari Ölni Gunnarssyni. Nafnið á sýningunni kemur frá tveimur persónum sem Bergur hefur verið að þróa í gegnum eldri gjörninga og mætast þær á þessari sýningu. Þetta eru persónurnar The Hum og Lego Flamb.

„The Hum er persóna sem endurspeglar áhuga minn á umhverfishljóðum og þá sérstaklega hljóðmengun stórborga. Þessi hljóðmengun fann sér mynd í The Hum. Það er persónugert í gegnum keramíkhluti og viftu sem blæs vindi og ýtir heyi á sýningunni til og frá, til að mynda þessi hljóð sem við heyrum ekkert endilega, en finnum stöðugt fyrir,“ segir Bergur.

Honum fannst áhugavert að búa til einhvern dúalisma við The Hum og þá varð persónan Lego Flamb til.

„Kakterinn Lego Flamb fylgist grannt með hljóðgjafanum, The Hum. Verkin á sýningunni sviðsetja þannig hvernig hljóðgjafinn og hlustandinn mætast og virkja samtalið á milli þessara þátta í gegnum persónurnar.“

Á opnunargjörningnum lék Bergur báðar persónurnar.

„Á meðan á gjörningnum stóð klæddist ég einnig búningi sem er útkoma samstarfsverkefnis milli mín og fatahönnuðarins Karen Huang. Munstrið sem ég klæðist er innblásið af sameiginlegri rannsóknarvinnu okkar á sögu felulita og fannst okkur áhugavert að skoða þessa tilteknu hefð í munsturgerð sem aðferð til að setja ólíka þætti undir sama hattinn.“

Bergur Thomas segir stóran part hugmyndavinnu sinnar einkennast af því að skapa tímabundna heima.

„Til lengri tíma hefur rannsóknarvinna mín aðallega falist í því að gefa þessum samtölum form og hefur persónusköpun átt stóran hlut í því. Að kynna til leiks persónur og fara á milli hlutverka í gjörningaverkum er mín leið til að skapa þessi samtöl, sem taka yfirleitt fyrir einhverjar vangaveltur sem ég hef um til dæmis muninn á því að hlusta og að segja,“ segir Bergur.

Hann segir ferlið að týna einhverju og leita að því líka vera vinsælan þráð í verkum sínum.

„Það geta orðið til skemmtilegar sögur út frá því sem liggur á milli hluta eða neitar að láta sjá sig. Það er einhver stemning sem ég leita sífellt eftir og vinn gjarnan með þetta sem er órætt og ósagt. Ég skapa gjarnan tímabundinn, mýtólógískan heim úr ólíkum þáttum og leik mér að því að fara á milli þeirra, eins og að útskýra eitthvað sem er ósýnilegt eða ímyndað. Ég reyni að vekja myndir með orðum og nærverur með söng.“

Bergur segist vera hrifinn af söngmiðuðum listamönnum eins og Meredith Monk og Michele Mercurie, sem takast á við persónusköpun og sögugerð í gegnum tónlist.

„Meredith Monk gaf út danskvikmynd sem heitir Book of Days árið 1989 og er klaustursdrama um miðaldalíf í þýskum sveitabæ. Tónlistin í myndinni veitti mér gífurlegan innblástur. Það vinnur á einhvern sjarmerandi hátt með tónlist frá miðöldum og er fyrst og fremst verk fyrir raddir. Þannig, já, þegar þú blandar saman Meredith Monk og tónlist frá miðöldum þá færðu bara eitthvað alveg einstakt vegna þess að hún hefur svo sterkan skilning á raddbeitingu.“

> **TIL LENGRI TÍMA HEFUR RANNSÓKNARVINNA MÍN AÐALLEGA FALIST Í ÞVÍ AÐ GEFA ÞESSUM SAMTÖLUM FORM OG HEFUR PERSÓNUSKÖPUN ÁTT STÓRAN ÞÁTT Í ÞVÍ.**

Þegar þessari sýningu lýkur snýr Bergur aftur til Rotterdam þar sem hann býr og hefur undirbúning fyrir næstu sýningu. Hún verður í Amsterdam í október og vinnur hann hana ásamt listakonunni Ash Kilmartin.

„Okkar verkefni er skáldskapur, en byggður á dansplágunni sem hrjáði Strassborg í Þýskalandi í byrjun 16. aldar. Við komum til Íslands og höldum gjörning í Mengi í lok ágúst sem hluta af þessu verkefni okkar. Við höfum verið að vinna í svona „choose-your-own-adventure“-gjörningi þar sem áhorfendur verða aðalpersónur verksins. Þetta er æsispennandi verk og er gaman að fá áhorfendur með í svona hlutverkaleik. Fá þá til að vefja sér í ekta smábæjarpólitík og komast að því hvers vegna allir í bænum geta bara ekki hætt að dansa,“ segir Bergur að lokum.

Sýningin Hinn eini sanni líkami The Hum og Lego Flamb stendur út 23. júní og er í Harbinger við Freyjugötu 1. **steingerdur@frettabladid.is**



PIZZA MÁNAÐARINS ER MEÐ

# OSTAFYLLTUM KANTI

ALLT AÐ 43% AFSLÁTTUR



**STÓR PIZZA** AF **MATSEÐLI** MEÐ **TVEIMUR ÁLEGGSTEGUNDUM** OG **OSTAFYLLTUM KANTI**

**1990**

Pantaðu í síma 515 1617 eða á pizzahut.is
Pizza Hut Smáralind og Pizza Hut Staðarbergi 2–4 Hafnarfirði



VIKUTILBOÐ
15%
AFSLÁTTUR

## MEGA
U-sófi **lítill**

Grátt slitsterkt áklæði.
o.h. hægri.
Stærð: 342 x 241 x 163 cm

**Fullt verð: 269.900 kr.**

Aðeins **229.415 kr.**



VIKUTILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR

## TAMPA
u-sófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 315 x 215/143 cm.

**Fullt verð: 209.900 kr.**

Aðeins **157.425 kr.**

## RIGO
2,5 sæta sófi og stóll

Ljós eða dökkbrúnt Ally áklæði.
Grátt eða bleikt Trento áklæði.
Stærð sófa : 195 x 88 x 78 cm.



VIKUTILBOÐ
20%
AFSLÁTTUR

**Fullt verð sófi í Ally áklæði: 109.900 kr.** — Aðeins **87.920 kr.**

**Fullt verð sófi í Trento áklæði: 99.900 kr.** — Aðeins **79.920 kr.**

**Fullt verð stóll í Ally áklæði: 49.900 kr.** — Aðeins **39.920 kr.**

**Fullt verð stóll í Ally áklæði: 49.900 kr.** — Aðeins **35.920 kr.**



VIKUTILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR

## RIVER
svefnsófi með tungu

Rúmfatageymsla í tungu. Rautt eða grátt, slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 250 x 157 cm. Svefnsvæði: 140 x 195 cm.

**Fullt verð: 149.900 kr.**

Aðeins **112.425 kr.**



VIKUTILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR

## ZERO
hornsófi með tungu

Grátt slitsterkt áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna.
Stærð: 288 x 205 x 88 cm.

**Fullt verð: 189.900 kr.**

Aðeins **142.425 kr.**

## LINN
hæginda-stóll



VIKUTILBOÐ
70%
AFSLÁTTUR

Ljósgrátt, mjúkt sléttflauel og svartir fætur.

**Fullt verð: 49.900 kr.**

Aðeins **14.997 kr.**




VIKUTILBOÐ
30%
AFSLÁTTUR

## DÚNSÆNGUR OG -KODDI

Sængur 85% smáfiður og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
Koddi 70% smáfiður og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

| | |
|---|---|
| **Sæng** 135x200 cm 1.185 g. Fullt verð: 12.900 kr | **TILBOSVERÐ 9.030 kr.** |
| **Sæng** 135x220 cm 1.300 g. Fullt verð: 14.900 kr | **TILBOSVERÐ 10.430 kr.** |
| **Sæng** 200x220 cm 2.000 g. Fullt verð: 19.900 kr | **TILBOSVERÐ 13.930 kr.** |
| **Koddi** 50x70 cm 750 g. Fullt verð: 6.900 kr | **TILBOSVERÐ 4.830 kr.** |

## RAMSEY
hægindastóll



VIKUTILBOÐ
40%
AFSLÁTTUR

Svart PU-áklæði og svartir fætur.

**Fullt verð: 29.900 kr.**

Aðeins **17.940 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 11–18.30
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Vikutilboð

## GILDA FRÁ 13. TIL 19. JÚNÍ



www.dorma.is

VEFVERSLUN

**ALLTAF OPIN**



VIKUTILBOÐ **30%** AFSLÁTTUR

SCAPA

## GRAND HEILSURÚM

120 x 200 cm rúm frá sænska húsgagna- og rúmaframleiðandanum **SCAPA**. Dýnan er með sambyggðum botni og yfirdýnu. Grátt, áferðarfallegt áklæði á botni, dýnum og gafli. Krómfætur.

**Fullt verð á heildarpakkanum 159.900 kr.**

Aðeins **111.930 kr.**

## NATURE'S SUPREME

heilsurúm með Classic botni



VIKUTILBOÐ **20%** AFSLÁTTUR

Nature's Bedding

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr $fm^2$
- Steyptar kantstyrkingar

**SUPREME** heilsurúm
Dýna, botn og fætur.
Stærð 100 x 200 cm
**Fullt verð 96.900 kr.**

**SUPREME** heilsurúm
Dýna, botn og fætur.
Stærð 180 x 200 cm
**Fullt verð 149.900 kr.**

Val um þrjá liti á botni:
Hvítt, svart og grátt.

Aðeins **77.520 kr.** **119.920 kr.**

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

DORMA

Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf







**BAKÞANKAR**


Kolbeins Marteinssonar




## Kettir

Kolgrímur, Doppa, Stravinský, Hnoðri, Zeta, Stella og Kári. Þetta eru allt kettir sem hafa búið með mér um tíma. Ég segi búið með, því ketti á maður ekki eins og önnur gæludýr heldur velja þeir að búa með manni út frá ísköldu hagsmunamati, út frá fríu fæði og húsnæði. Af áðurnefndum köttum hafa tveir orðið fyrir bíl, einn veiktist af kattafári og dó, einn var svæfður sökum meiðsla en aðeins einn dó úr elli. Tveir hinir síðastnefndu búa með mér í dag.

Kettir eru að mínu mati fullkomin gæludýr sem ekki krefjast mikillar fyrirhafnar. Aldrei þarf að fara út með kött til að hreyfa hann eða pissa. Eins getur maður leyft sér að skilja kött eftir heima ef farið er í frí, sé þess gætt að einhver komi og gefi honum að éta. En stærsta ástæða þess að mér þykir mikið til katta koma er að þeir búa yfir ólíkum og fjölbreytilegum persónuleikum.

Staðan heima við er í dag sú að öðrum kettinum (Stellu) er fremur illa við mig og hefur aldrei fyrirgefið mér að hafa skammað sig fyrir áratug. Hinn kötturinn (Kári) hefur hins vegar á mér mikla ást. Þannig sækir hann stöðugt í mig, leggst á bringuna á mér, malar og lygnir aftur augunum og fagnar mér þegar ég kem heim. Hann fer aldrei eftir reglum, hann veit vel að hann má ekki drekka vatn úr glösum okkar, sofa í rúmunum og ekki fara upp á eldhúsborð en hann gerir það allt samt. Ég las að kettir skilji svona reglur jafn vel og hundar en að það hvarfli einfaldlega ekki að þeim að fara eftir þeim.

Mögnuðust er þó tilhugsunin, þar sem ég ligg með köttinn malandi við hlið mér, að ef ég myndi snögglega skreppa saman og yrði á stærð við hamstur þá myndi hann éta mig án þess að hika.


FYRIR SVANGA FERÐALANGA
Kvikk
ON THE GO







FJÖLDI SUMARTILBOÐA
Í VERSLUNUM BYKO 13.-19. JÚNÍ
BOÐIÐ ER UPP Á GRILLAÐAR PYLSUR, GOS, SAFA OG FROSTPINNA FRÁ 12-15 Á LAUGARDAG

- NAPOLEON GRILL -30%
- BROILKING GRILL -25%
- MATAR- OG KAFFISTELL -25%
- POTTAR OG PÖNNUR -25%
- REIÐHJÓL -25%
- HEKKKLIPPUR -25%
- SNICKERS/TOEGUARD/SOLIDGEAR -20%
- RAFMAGNSVERKFÆRI -20%
- BLÓMAPOTTAR -25%
- FERÐATÖSKUR -30%
- GARÐHÚSGÖGN -25%
- LEIKFÖNG -30%
- SUMARBLÓM, TRÉ OG RUNNAR -25%
- PARKET -25%
- FLÍSAR -25%
- TJÖLD -30%
- KÆLIBOX -25%
- ÚTILEGUBORÐ/STÓLAR -25%
- VIÐARBLÓMAKASSAR -25%
- VIÐARGARÐHÚSGÖGN -25%
- SONAX BÍLAVÖRUR -20%
- BENSÍN SLÁTTUORF -25%
- BENSÍN SLÁTTUVÉLAR -25%
- HÁÞRÝSTIDÆLUR -20-30%
- GJØCO INNIVEGGJAMÁLNING -20%
- GJØCO AKRÍL ÚTIMÁLNING -20%
- ÚTILJÓS -25%

EINNIG FJÖLDI ANNARRA VARA Á SÉRSTÖKUM TILBOÐUM Í VERSLUNUM




Skoðaðu tilboðsblaðið á www.byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Ánægðustu viðskiptavinirnir 2 ár í röð! Auðvelt að versla á byko.is